KOLBRÚN PÁLÍNA HELGADÓTTIR

Í grófu á veturna en kjólum á sumrin

• tíska

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS

112-BLAÐIÐ

112-dagurinn haldinn á Íslandi í sjötta sinn

Sérblað helgað 112-deginum

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG.

FERMINGARFÖT

Rómantík allsráðandi um þessar mundir

Sérblað um fermingarföt

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

FRÉTTABLAÐIÐ

PITT

11. febrúar 2010 — 35. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

FIMMTUDAGUR

Rapparar deila

Rapparinn Mórí sakar Erp um að endurskrifa söguna.

FÓLK 50

Skikkjulaus í hákarlalaug

Örn Úlfar Sævarsson er tilbúinn í átta liða úrslit Gettu betur.

FÓLK 42

Svik samábyrgðarinnar

„Hefur nokkur alþingismaður Sjálfstæðisflokksins fett fingur út í Landsbankann? – bankann, sem færði okkur IceSave“, skrifar Þorvaldur Gylfason.

Í DAG 20

Vill vinna fyrir launununum

Landsliðsmaðurinn Alexander Petersson skrifaði í gær undir tveggja ára samning við Füchse Berlin.

ÍÞRÓTTIR 44

VEÐRIÐ Í DAG



SKÚRIR Í dag verða víða sunnan 3-8 m/s en örlítið stífari norðvestan til. Skúrir sunnan- og vestanlands en annars yfirleitt bjart. Hiti 0-8 stig, mildast syðst.

VEÐUR 4

Formlegar viðræður hefjast eftir helgina

Bretum og Hollendingum hefur verið kynnt nýtt samningstilboð Íslands um Icesave. Þeir eru tilbúnir til formlegra viðræðna á grundvelli þess. Ísland viðurkennir greiðsluskyldu. Lee C. Buchheit mun fara fyrir samninganefnd Íslands.

STJÓRNMÁL Formlegar samningaviðræður um Icesave milli íslenskra stjórnvalda annars vegar og breskra og hollenskra stjórnvalda hins vegar hefjast í næstu viku.

Forystumenn íslensku stjórnmálaflokkanna hafa komist að niðurstöðu um samningsmarkmiðin og hafa þau verið kynnt breskum og hollenskum ráðamönnum. Viðbrögð þeirra eru á þann veg að þau markmið verða grundvöllur nýrra viðræðna. Hvað sem því líður er alls óvíst um niðurstöðu.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins viðurkennir Ísland greiðsluskyldu lágmarksfjárhæðar innstæðutryggingakerfis EES en hún nemur rúmlega 20 þúsund evrum á reikning. Er það önnur tveggja forsendna þess að Bretar og Hollendingar séu reiðubúnir til nýrra viðræðna. Hin er íslensk pólitísk eining.

Í samningsramma Íslands er fjallað um vaxtakjör, greiðsluhraða og meðferð eigna í búi Landsbankans.

Ákveðið hefur verið að Bandaríkjamaðurinn Lee C. Buchheit fari fyrir nýrri íslenskri samninganefnd. Samkvæmt upplýsingum blaðsins nýttist þekking hans og reynsla við gerð íslensku samningsmarkmiðanna. Sama á við um ráðgjöf Kanadamannsins Dons Johnston sem áfram mun vinna að málinu. Ekki er ákveðið hvort forystumenn stjórnmálaflokkanna munu setjast í samninganefndina eða skipa baknefnd eiginlegrar samninganefndar.

Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra hitti breskan starfsbróður sinn í Lundúnum í gær. Samkvæmt tilkynningu frá utanríkisráðuneytinu fór Össur yfir stöðuna, samráð íslensku flokkanna og möguleika til lausnar. - bþs

STYTTAN RISIN AF ALBERTI GUÐMUNDSSYNI Stytta af Alberti Guðmundssyni, fyrsta atvinnumanni Íslendinga í fótbolta, er risin við Laugardalshöllina. Formleg afhjúpun verður á laugardaginn. „Næst verður það minnisvarði um Melavöllinn,“ segir Halldór Einarsson kaupmaður sem átti hugmyndina. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Íslensk húsdýr vinsæl á sjúkrahúsum í Bandaríkjunum og Þýskalandi:

Íslenskir hundar sem sáluhjálparar

DÝR Íslenski fjárhundurinn þykir einstaklega góður sem svokallaður umhyggjuhundur og hefur verið nýttur sem slíkur í Bandaríkjunum og Þýskalandi. Bandarísk sjónvarpsstöð greindi nýverið frá heimsókn tveggja slíkra hunda, Angel og Þorra, til Mitchells Gilbert sem er fyrrverandi hermaður í bandaríska hernum en þarf að dveljast á sjúkrahúsi vegna alvarlegra meiðsla sem hann hlaut.

„Hann er bara svona karakter þessi hundur, hann kemur hlaupandi inn, hefur þennan brosmilda svip og fólk getur ekki annað en heillast af honum,“ segir Guðni Ágústsson, formaður deildar íslenskra fjárhundsins. - fgg / sjá síðu 50

Ný samtök stofnuð:

Smáþjóð þarf bandamenn

STJÓRNMÁL **„Smáþjóð verður að eiga bandamenn þegar hún lendir í vanda,“ segir Benedikt Jóhannesson, ritstjóri Vísbendingar, í grein í Fréttablaðinu í dag. Þar ræðir hann nokkur rök fyrir því að Ísland gangi í Evrópusambandið.**

BENEDIKT JÓHANNESSON

Meðal annars nefnir hann að Íslendingar fái með aðild bein áhrif á framgang alþjóðamála og sterkari samningsstöðu út á við. Í dag tekur Benedikt þátt í stofnun samtakanna Sjálfstæðir Íslendingar, sem vilja stuðla að hagstæðum samningum við ESB í þeim tilgangi að standa vörð um sjálfstæði Íslands.

- gb/ sjá bls. 22

Rannsóknarnefnd Alþingis:

Tólf fá tækifæri til andsvara

STJÓRNSÝSLA Rannsóknarnefnd Alþingis gefur tólf einstaklingum nú færi á að setja fram sín sjónarmið varðandi mat nefndarinnar á störfum þeirra í aðdraganda hrunsins. Lagt var mat á hverjir beri ábyrgð á mögulegum mistökum og hverjir kunni að hafa sýnt af sér vanrækslu í starfi við framkvæmd laga og reglna um fjármálamarkaðinn og eftirlit með honum. Rannsóknarnefndin gefur hvorki upp nöfn fólksins né efni bréfanna fyrr en í skýrslu sinni til Alþingis.

Enginn þeirra fyrrverandi ráðherra og embættismanna, sem ætla má að séu í kastljósi rannsóknarnefndarinnar og Fréttablaðið náði tali af í gær, vildi svara hvort þeir væru meðal tólfmenninganna. „Þau atriði sem nefndin hefur þannig veitt mönnum færi á að tjá sig um lúta að fáum en mikilsverðum meginatriðum í aðdragandanum að falli bankanna,“ segir í tilkynningu frá rannsóknarnefndinni. - gar



SPURNING DAGSINS

Fríða, kallast þetta ekki að teygja lopann?

„Maður verður alltaf að hafa eitthvað á prjónunum."

Fríða Björk Gylfadóttir, listakona á Siglufirði, stendur fyrir prjónakeppni þar sem prjóna á 17 kílómetra trefil, jafnlangan og göngin milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar.

Fyrrverandi utanríkisráðherra segir vinnubrögð Indriða Þoláksson vera furðuleg:

Dregur fram þýðingarlaust plagg

STJÓRNMÁL „Þetta er svo fráleitt," segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrverandi utanríkisráðherra, sem kveðst telja það vera „undarlegt útspil" hjá Indriða Þorláksyni, aðstoðarmanni fjármálaráðherra, að vitna í vinnuskjal með drögum að samningi við Breta og Hollendinga um Icesave-málið.

Skjalið nefndi Indriði Þorláksson í grein í Fréttablaðinu í gær og fjármálaráðuneytið hefur birt það. Um er að ræða samningsdrög sem fóru milli embættismanna á Íslandi, í Bretlandi og í Hollandi í desember 2008. Í skjalinu eru skilmálar vegna greiðslu Íslendinga á Icesave-skuldbindingum. Indriði segir skjalið eina sönnun þess að Kristrún Heimisdóttir, fyrrverandi aðstoðarkona Ingibjargar í utanríkisráðuneytinu, fari rangt með í grein í Fréttablaðinu 6. febrúar.

INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR Skjöl sem ekki eru samþykkt á pólitískum vettvangi hafa enga þýðingu, segir fyrrverandi utanríkisráðherra.

Ingibjörg segir skjalið hafa verið til í bæði utanríkis- og fjármálaráðuneytinu. „Þetta eru einhverjir pappírar sem hafa aldrei komið inn á pólitískan vettvang og hefur bara enga þýðingu frekar en mörg önnur samningsdrög sem liggja örugglega í báðum ráðuneytum," segir Ingibjörg um þá merkingu sem Indriði leggur í skjalið.

Ingibjörg leggur áherslu á að um sé að ræða vinnugagn sem enginn hafa verið búinn að samþykkja. „Þetta eru furðuleg vinnubrögð. Plaggið hefur ekki nokkra þýðingu og ég átta mig ekki á því af hverju það er verið að draga það fram."

- gar

Yfirvofandi árás á þorp:

Talibanar búa sig til varnar

AFGANISTAN, AP Bandarískir og afganskir hermenn hafa vikum saman talað opinskátt um að ráðast á bækistöðvar talibana í þorpinu Marjah í suðurhluta Afganistans, að því er virðist í þeirri von að talibanar leggi á flótta.

Þess í stað virðast talibanarnir hafa búið sig æ betur undir að taka á móti innrásarliðinu. Viðbúnaður innrásarliðsins fyrir utan þorpið hefur verið að aukast síðustu daga, sem þykir benda til þess að innan skamms verði látið til skarar skríða. Þorpið hefur verið ein helsta bækistöð talibana fyrir birgðaflutninga og fíkniefnasmygl.

- gb

Efnahagsbrotadeildin:

Ásbjörn skilaði inn gögnum

STJÓRNMÁL Efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra hefur beðið um og fengið greinargerð og gögn frá lögmanni Ásbjörns Óttarssonar þingmanns.

ÁSBJÖRN ÓTTARSSON

Þetta er liður í því að embættið taki ákvörðun um hvort mál þingmannsins verði tekið til opinberrar rannsóknar eður ei.

Ásbjörn hefur, sem kunnugt er, viðurkennt að hafa brotið lög í rekstri fyrirtækis síns þegar hann greiddi sér arð, er ekki voru forsendur fyrir slíkri greiðslu.

Hann hætti í kjölfarið í þingnefnd sem á að bregðast við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um bankahrunið.

- kóþ

Bensínstöð óafgreidd eftir þrjú ár í kerfinu

Þótt sveitarstjórn Bæjarhrepps hafi samþykkt í ágúst 2008, eftir tveggja ára þóf, að breyta skipulagi svo reisa megi nýja bensínstöð í Hrútafirði hefur skipulagið ekki verið auglýst. Eðlilegt að málið bíði þar til eftir kosningar segir oddvitinn.

SKIPULAGSMÁL „Þetta eru alveg ótrúleg vinnubrögð. Ég bara botna ekkert í þessu," segir Eyjólfur Vilhelmsson, eigandi jarðarinnar Fögrubrekku í Hrútafirði, um áralangar tafir á að sveitarstjórn Bæjarhrepps afgreiði umsókn um heimild til að reisa bensínstöð á landi hans.

Eyjólfur og Skeljungur hf. óskuðu eftir því á árinu 2006 að gerðar yrðu breytingar á skipulagi þannig að fyrirtækið gæti byggt þjónustustöð og verslun í landi Eyjólfs. Fagrabrekka er norðan við Brú í vestanverðum Hrútafirði, einmitt við hringveginn eftir að hann var fluttur fyrir nokkrum misserum. Nokkur hundruð metrum norðan við stæði fyrirhugaðrar bensínstöðvar Skeljungs er nýi Staðarskálinn sem N1 rekur.

Á síðasta hreppsnefndarfundi óskaði minnihlutinn eftir skýringum á því af hverju sveitarstjórnin hefði ekki auglýst breytt skipulag á Fögrubrekku þrátt fyrir að skipulagið hafi loks verið samþykkt í sveitarstjórn í ágúst 2008, eða fyrir einu og hálfu ári. „Farið er fram á að oddviti Bæjarhrepps veiti skýr og afdráttarlaus svör við því hvað tefur framgang þessa máls," sagði í bókun minnihlutans.

Sigurður Kjartansson oddviti veitti fá svör á fundinum en sagði þó að verið væri að „vinna í þessum málum" og hann teldi eðlilegt að ný sveitarstjórn auglýsti breytingar á skipulaginu. Með öðrum orðum þá kveðst oddvitinn ætla að láta málið bíða þar til eftir sveitarstjórnarkosningar í maí.

UPPBYGGING Í HRÚTAFIRÐI Þrátt fyrir að vera vestan Hrútafjarðarár telst nýi Staðarskálinn vera í Húnaþingi vestra sem veitti leyfi fyrir skálanum sem reistur var árið 2008. Fagrabrekka þar skammt undan er í Bæjarhreppi sem hefur verið á fjórða ár að afgreiða umsókn um heimild fyrir bensínstöð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Ég ætla ekkert að svara því bara. Það er bara mín skoðun.
>
> **SIGURÐUR KJARTANSSON**
> ODDVITI BÆJARHREPPS.

„Ég ætla ekkert að svara því bara. Það er bara mín skoðun," segir Sigurður spurður hvers vegna hann telji eðlilegt að mál Fögrubrekku bíði fram yfir kosningar. „Það hafa fleiri skipulagsmál verið á könnu sveitarfélagsins sem hafa tekið langan tíma og hefur verið lögð meiri áhersla á að klára," bætir oddvitinn við til nánari skýringar á þeim drætti sem þegar er orðinn á málinu.

„Það er ekki hægt að segja að þetta sé pólitík. Þetta er bara eiginhagsmunapot," útskýrir Eyjólfur. Þar vísar hann til hagsmuna í kringum nýja Staðarskálann sem vitanlega myndi fá samkeppni frá nýrri þjónustustöð kippkorn í burtu.

„Mín þolinmæði er nú að bresta," segir Eyjólfur sem kveður málið hafa reynst sér erfitt viðfangs því hann aki skólabíl og sé þannig starfsmaður Bæjarhrepps.

gar@frettabladid.is

Kristrún svarar Indriða:

Skjal ekki borið undir ráðherra

STJÓRNMÁL Kristrún Heimisdóttir segir skjalið, sem Indriði H. Þorláksson hafði til vitnis um að samningur um Icesave hefði verið nærri fullbúinn um miðjan desember 2008, sæti engum tíðindum og hafi aldrei verið borið undir ráðherra.

KRISTRÚN HEIMISDÓTTIR

„Ýmis skjöl af þessu tagi eru til, enda reyndu Bretar og Hollendingar margsinnis að knýja Íslendinga til að ganga að tvíhliða lánasamningum sem Íslendingar töldu óaðgengilega, og höfðu samningsskjöl til reiðu með aðstoð íslenskra lögmannsstofa," segir í yfirlýsingu Kristrúnar, þar sem hún svarar grein Indriða, aðstoðarmanns Steingríms J. Sigfússonar, í Fréttablaðinu frá í gær. Hún er fyrrverandi aðstoðarmaður Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur.

- gb

Hríðarbylur í Bandaríkjunum:

Þjóðlífið lamað vegna óveðurs

BANDARÍKIN, AP Þjóðlíf lamaðist í norðaustanverðum Bandaríkjunum í gær þegar hríðarbylur gekk yfir landið, aðeins fáeinum dögum eftir að annað eins óveður hafði skollið á íbúum þessa sama svæðis.

„Það er erfitt að finna nokkur dæmi þess í sögubókum að hríðarveður af þessu tagi komi hvert ofan í annað," sagði bandaríski veðurfræðingurinn Stephen Konarik.

Opinberar stofnanir, svo sem þing og ráðuneyti í höfuðborginni Washington, voru lokaðar. Sums staðar hafði 40 sentimetra snjór fallið ofan á nærri eins metra djúpan snjóinn frá í síðustu viku.

- gb

Nýir innflytjendur:

Tekið á móti fólki frá Haítií

SAMFÉLAGSMÁL Á næstu vikum og mánuðum koma hingað til lands tíu til tuttugu manns frá Haítí, samkvæmt ósk frá félags- og tryggingamálaráðuneytinu.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar hefur fallist á beiðni ráðuneytisins um samstarf við móttöku fólksins.

Samkvæmt tilkynningu frá ráðuneytinu kemur fólkið hingað til lands á grundvelli fjölskyldusameiningar, sem þýðir að hér á landi séu fyrir búsettir nánir ættingjar þeirra, nefnilega börn þeirra, makar, foreldrar, afar eða ömmur.

- gb

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755
Nýr Rauðmagi
Glæný Línuýsa
OPNUM KL 8.00 ALLA VIRKA DAGA
Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

Ríkisstarfsmenn mótmæla aðhaldsaðgerðum með allsherjarverkfalli:

Þjóðlífið lamað í sólarhring

GRIKKLAND, AP Opinber þjónusta lá nánast algerlega niðri í Grikklandi í gær þegar efnt var til sólarhrings verkfalls til að mótmæla fyrirhuguðum aðhaldsaðgerðum stjórnvalda.

Einungis lágmarksstarfsemi var haldið uppi á sjúkrahúsum, en læknar, kennarar, flugumferðarstjórar, tollafgreiðslumenn og aðrir opinberir starfsmenn mættu ekki til vinnu.

George Papandreou forsætisráðherra og ríkisstjórn hans glíma við gífurlegan skuldavanda ríkisins og hafa kynnt aðhaldsaðgerðir sem felast í því að laun ríkisstarfsmanna verða fryst, hætt verður að ráða í stöður sem losna, kaupaukar og styrkir falla niður auk þess sem eftirlaunaaldur verður hækkaður um tvö ár, úr 61 í 63 ára.

MÓTMÆLI Í AÞENU „Ég borga ekki" stendur á borðanum sem fólkið heldur fyrir framan sig. NORDICPHOTOS/AFP

„Þetta er stríð gegn starfsfólkinu og við ætlum að svara með stríði, með stanslausri baráttu þangað til þessi stefna verður aflögð," segir Christos Katsiotis, fulltrúi verkalýðsfélags sem tengist kommúnistaflokki landsins.

Papandreou forsætisráðherra segist hins vegar staðráðinn í að halda áfram með aðhaldsaðgerðirnar.

Óvenju lítil þátttaka var í tveimur mótmælagöngum, sem efnt var til í höfuðborginni Aþenu í gær. Um sjö þúsund manns mættu til leiks, en algengt er að tugir þúsunda taki þátt í mótmælafundum á vegum verkalýðsfélaganna.

- gb

BRJÁLUÐ TILBOÐ

HÚSASMIÐJUBLAÐIÐ ER KOMIÐ ÚT

Kaffivél
KA1341, 12 bolla
1840932

Plastparket, hnota
3ja stafa, borðastærð
1292x192x7 mm
146950

EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS
AF PLASTPARKETI

Eldhúsvaskur
Reginox Béta
78 x 43 sm
8032532

Blanco
Veggflísar
20x25 sm
glansandi eða mött
8611002-3

Kæliskápur
Orkunýting A, 221 ltr. 142x58x55
1805497

Jotaproff 3 ltr.
Gæða veggmálning gljástig 7.
7119858

Aðeins brot af úrvalinu!
www.husa.is

HÚSASMIÐJAN

GENGIÐ 10.02.2010

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	127,54	128,14
Sterlingspund	199,98	200,96
Evra	175,83	176,81
Dönsk króna	23,611	23,749
Norsk króna	21,692	21,820
Sænsk króna	17,512	17,614
Japanskt jen	1,4207	1,4291
SDR	196,81	197,99

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 231,4567

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Capacent býst við sprengingu í atvinnulífinu í Reykjanesbæ fram til 2013:

Spáir rúmlega sex þúsund nýjum störfum

SVEITARFÉLÖG Ný skýrsla Capacent, sem kynnt verður bæjarráði Reykjanesbæjar í dag, spáir því að nýjum störfum, beinum og afleiddum, muni fjölga um 6.500 ársverk fram til 2013 vegna áforma um ýmsar stórframkvæmdir á Suðurnesjum.

„Þessi tala er varlega áætluð," segir Capacent. „Heildarlaunatekjur vegna þessara atvinnukosta nema rúmum 27 milljörðum króna yfir tímabilið 2010-2013."

Í skýrslunni er gert ráð fyrir að útsvarstekjur 2010 aukist um 680 milljónir króna, eða um 16 prósent, sem er svipað og gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun bæjarins. Hins vegar spáir Capacent því að útsvarstekjur Reykjanesbæjar aukist um 1.657 milljónir króna árið 2011 og alls um 4,3 milljarða króna fram til 2013 vegna áhrifa álvers í Helguvík, Kísilverksmiðju, virkjana HS Orku, ýmissa framkvæmda á Keflavíkurflugvelli og gagnavers Verne Holding.

Tekjuauki sveitarfélagsins fram til 2013 verði alls 5 milljarðar, þegar tekið hefur verið tillit til tekna af auknum fasteignagjöldum og hafnargjöldum. - pg

SPÁ UM 6.500 NÝJUM STÖRFUM

Fjöldi starfa	2010	2011	2012	2013
Álver í Helguvík	484	802	1.086	1.187
Landsnet	0	25	53	21
HS Orka	60	130	139	59
Kísilverksmiðja	69	80	156	176
Heilsuverkefni	89	124	208	206
ECA	115	265	235	235
Flugverkefni á Ásbrú	12	12	12	12
Gagnaver	69	220	164	150
Samtals	897	1.657	2.052	2.046

*NÝ BEIN OG AFLEIDD STÖRF Í REYKJANESBÆ 2010-2013, SAMKVÆMT SKÝRSLU CAPACENT FYRIR REYKJANESBÆ

ÚR KEFLAVÍKURGÖNGU Bæjarstjórn Reykjanesbæjar þótti bjartsýn þegar spáð var 2.700-2.900 nýjum störfum á Suðurnesjum næstu ár. Nú spáir Capacent því að ný störf á svæðinu verði 6.500 fram til 2013.

Búðarhálsvirkjun í óvissuklóm Icesave

Landsvirkjun fer af stað með upphafsframkvæmdir við Búðarhálsvirkjun þrátt fyrir að fjármögnun verkefnisins sé ekki í hendi. Viðræður standa yfir við erlenda banka jafnt sem lífeyrissjóði. Icesave-málið er helsti farartálminn.

ORKUMÁL Landsvirkjun býður út nokkra verkhluta vegna upphafsframkvæmda við Búðarhálsvirkjun í dag. Kostnaðurinn er metinn á 600 til 800 milljónir króna. Aðalverkefnið verður boðið út síðar á þessu ári takist samningar um orkusölu og fjármögnun.

Fjármögnun verkefnisins er ekki lokið og í töluverðri óvissu en heildarkostnaður við virkjunina er tæpir þrjátíu milljarðar króna. Vegna þessa hefur Landsvirkjun ákveðið að skipta verkefninu upp í tvo aðskilda hluta, undirbúningsþáttinn og svo aðalverkefnið. Landsvirkjun fjármagnar undirbúningsvinnuna af eigin fé. Viðræður standa yfir við erlenda banka, þar á meðal Evrópska fjárfestingarbankann, íslenska lífeyrissjóði auk annarra vegna heildarfjármögnunarinnar. Verkefnafjármögnun kemur einnig til greina, en dæmi um slíka fjármögnun eru Hvalfjarðargöngin. Erlendir bankar leika þó aðalhlutverk við fjármögnun, segir Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, vegna þess að tekjur fyrirtækisins eru að stórum hluta í erlendri mynt.

Viðræður standa yfir við Alcan um orkusölu til álversins í Straumsvík, en þeir samningar klárast ekki fyrr en fjármögnun liggur fyrir. Önnur fyrirtæki eru ekki í viðræðum um orkukaup eins og stendur.

Þeir verkhlutar sem boðnir eru út nú eru árstíðabundnir. Að þeim loknum verða ekki frekari tafir þegar fjármögnun er lokið þar sem verktakar geta þá byrjað án tillits til árstíma.

„Það helsta sem stendur í veginum er Icesave og forsendur fjármögnunar eru að það mál klárist," segir Hörður, spurður um hvað standi í veginum með að ljúka fjármögnun. Hann segir að í eðlilegu árferði hefði fjármögnun verkefnis eins og Búðarhálsvirkjunar tekið fyrirtækið nokkrar vikur, og þá með hefðbundnu skuldabréfaútboði. Nú er leitað til fjárfestingarbanka en þess hefur ekki áður gerst þörf við fjármögnun verkefna Landsvirkjunar.

Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra var viðstödd kynningu á verkefninu í gær. Hún lýsti ánægju sinni með að mál þokuðust áfram á tímum þar sem fjármögnun sé erfið. Hún segir engan ágreining á milli ríkisstjórnarflokkanna um Búðarhálsvirkjun og minnir á að framkvæmdin sé nefnd í stöðugleikasáttmála stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins.

svavar@frettabladid.is

VIÐ BÚÐARHÁLS Sprengt var fyrir stöðvarhúsinu áður en framkvæmdum var frestað árið 2002. Öll tilskilin leyfi fyrir virkjuninni hafa legið fyrir síðan 2001. MYND/LANDSVIRKJUN

HÖRÐUR ARNARSON

KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR

LAGT Á RÁÐIN Tarja Halonen, forseti Finnlands, og Dalia Grybauskaite, forseti Litháens, við opnun ráðstefnu leiðtoga Eystrasaltsríkjanna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Finnar hvetja til átaks:

Vilja hreinsa Eystrasaltið

HELSINKI, AP Tarja Halonen, forseti Finnlands, hvetur leiðtoga Eystrasaltsríkjanna til að skuldbinda sig til að taka þátt í hreinsun eins mengaðasta hafsvæðis veraldar.

„Það er ljóst að eitthvað þarf að gerast og það fljótt," sagði Halonen við opnun ráðstefnu ríkjanna níu í gær.

Yfir 90 milljón manns búa við Eystrasaltið sem hefur í áratugi orðið fyrir verulegri mengun, meðal annars vegna olíu og eiturefna. Að mati sérfræðinga er svæðið sérlega viðkvæmt fyrir umhverfisáhrifum. Vonast er til að leiðtogarnir komi með skýrar yfirlýsingar um aðgerðir, segir formaður Helsinkinefndarinnar, Igor Maydanov.

HEILBRIGÐISMÁL

Örverur á Borðeyri

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands segir örverurannsóknir gefa til kynna mikla mengun af örverum í frárennsli frá Borðeyri í Hrútafirði og vill úrbætur á frágangi frárennslisins.

STYRKIR TIL VG

Sveitarfélög sem styrktu VG 2008

Akureyri	503.174
Hafnarfjörður	543.850
Reykjavík	4.525.000
Mosfellsbær	182.037
Akranes	143.333
Samtals	**5.897.394**

*SKV. UPPLÝSINGUM FRÁ FRAMKVÆMDASTJÓRA VG.

VG leiðréttir ársreikning:

Fengu 5,9 milljónir í styrki

STJÓRNMÁL Vinstrihreyfingin – grænt framboð fékk um 5,9 milljónir króna í styrki frá sveitarfélögum árið 2008.

Í ársreikningi 2008, sem flokkurinn skilaði Ríkisendurskoðun, voru framlög frá sveitarfélögum ekki talin fram sérstaklega heldur með framlögum einstaklinga. Ríkisendurskoðun lýsti því yfir að leiðréttur reikningur yrði birtur þegar réttar upplýsingar hefðu borist frá flokknum.

Drífa Snædal, framkvæmdastjóri VG, sendi Fréttablaðinu í gær upplýsingar um styrki sveitarfélaga til flokksins. Þær eru birtar í töflu hér að ofan. - pg-

Kona á þrítugsaldri:

Réðst á og sló lögreglukonu

DÓMSMÁL Ríkissaksóknari hefur ákært konu á þrítugsaldri fyrir brot gegn valdstjórninni með því að ráðast á lögreglukonu við skyldustörf.

Atvikið átti sér stað að kvöldi þriðjudagsins 7. október 2008, í fangamóttöku lögreglustöðvarinnar að Hverfisgötu í Reykjavík.

Konan réðst að lögreglukonunni og sló hana í andlitið með þeim afleiðingum að hún hlaut mar og bólgu fyrir neðan vinstra auga og eymsli fyrir ofan augað. - jss

VEÐURSPÁ

Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

HELGARHORFUR
Það verður svipað veður hjá okkur áfram en á sunnudag lítur út fyrir vaxandi norðanátt með snjókomu norðan til og heldur kólnandi veðri. Næstu daga verður þó áfram óvenju milt í veðri.



HEIMURINN

Alicante	13°
Basel	-2°
Berlín	-3°
Billund	-2°
Eindhoven	0°
Frankfurt	-4°
Friedrichshafen	-7°
Gautaborg	-3°
Kaupmannahöfn	-3°
Las Palmas	20°
London	3°
Mallorca	15°
New York	2°
Orlando	15°
Ósló	-4°
París	-1°
San Francisco	15°
Stokkhólmur	-5°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*

ENNEMM / SÍA / NM40828

Fjórar góðar leiðir til ávöxtunar

Landsbankinn býður upp á fjóra skuldabréfasjóði sem fjárfesta nær eingöngu í ríkistryggðum skuldabréfum. Sjóðirnir henta vel til reglubundins sparnaðar og hafa á síðustu mánuðum skilað betri ávöxtun en almennir innlánsreikningar. Einfalt er að kaupa og selja í sjóðunum og njóta viðskiptavinir þess að enginn munur er á kaup- og sölugengi í áskrift.

Sjóðirnir hafa sömu fjárfestingarstefnu en mismikla vaxtaáhættu. Skuldabréf og aðrar kröfur með ábyrgð íslenska ríkisins nema 90-100% af heildareignum sjóðanna en innlán á bilinu 0-10%.

Reiðubréf ríkistryggð

Sjóðurinn hentar þeim fjárfestum sem vilja dreift safn ríkisvíxla og stuttra skuldabréfa með ábyrgð íslenska ríkisins. Meðallíftími sjóðsins er 0-1 ár og er vaxta-áhætta því lítil í sjóðnum.

- Innlán: 2,6%*
- Ríkistryggð skuldabréf / ríkisvíxlar: 97,4%*

Sparibréf stutt

Sjóðurinn hentar þeim fjárfestum sem vilja dreift safn stuttra skuldabréfa með ábyrgð íslenska ríkisins. Meðallíftími sjóðsins er 1-4 ár en vaxtaáhætta eykst eftir því sem meðallíftími skuldabréfa sjóðs er lengri.

- Innlán: 2%*
- Ríkistryggð skuldabréf / ríkisvíxlar: 98%*

Sparibréf meðallöng

Sjóðurinn hentar þeim fjárfestum sem vilja dreift safn skuldabréfa með ábyrgð íslenska ríkisins. Meðallíftími sjóðsins er 4-7 ár en vaxtaáhætta eykst eftir því sem meðallíftími skuldabréfa sjóðs er lengri.

- Innlán: 0,3%*
- Ríkistryggð skuldabréf / ríkisvíxlar: 99,7%*

Sparibréf löng

Sjóðurinn hentar þeim fjárfestum sem vilja dreift safn skuldabréfa með ábyrgð íslenska ríkisins. Meðallíftími sjóðsins er 7 ár eða meira, en vaxtaáhætta eykst eftir því sem meðallíftími skulda-bréfa sjóðs er lengri.



- Innlán: 1,5%*
- Ríkistryggð skuldabréf / ríkisvíxlar: 98,5%*

Ríkisskuldabréfasjóðir Landsbankans eru verðbréfasjóðir samkvæmt lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Vörslufélag sjóðanna er Landsbankinn. Rekstrarfélag sjóðanna er Landsvaki hf. Gengi hlutdeildarskírteina í verðbréfasjóðum getur bæði hækkað og lækkað. Nánari upplýsingar um sjóðina má finna í útboðslýsingu eða útdrætti úr útboðslýsingu sjóðanna sem finna má á heimasíðu Landsbankans www.landsbankinn.is eða heimasíðu rekstrarfélagsins www.landsvaki.is. Fjárfestum er bent á að kynna sér útboðslýsingu sjóðanna áður en fjárfest er í þeim, en þar er meðal annars ítarleg umfjöllun um þá áhættu sem felst í fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða.

*Samsetning sjóðanna 01.02.2010

Kynntu þér kostina

Komdu við í næsta útibúi Landsbankans eða hafðu samband við Fjármálaráðgjöf Landsbankans sem veitir upplýsingar og aðstoð við fjárfestingar í innlánum, verðbréfasjóðum og öðrum fjárfestingarleiðum í síma 410 4040.

RÍKISSKULDABRÉFASJÓÐIR | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280.

KJÖRKASSINN

Á að leyfa spilavíti á Íslandi?

Já	35,2%
Nei	64,8%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Ertu ánægð(ur) með hvaða bækur hrepptu íslensku bókmenntaverðlaunin í ár?

Segðu skoðun þína á vísir.is

Sviðsstjóri leikskólasviðs segir engar deilur uppi við Margréti Pálu Ólafsdóttur:

Allir samningarnir í lagi

REYKJAVÍK Allir samningar milli leikskólasviðs Reykjavíkur og skóla Hjallastefnu Margrétar Pálu Ólafsdóttur eru í lagi og enginn ágreiningur um þá. Þetta segir Ragnhildur Erla Bjarnadóttir, sviðsstjóri sviðsins.

Hinn 8. febrúar birtist í blaðinu viðtal við þau Margréti og Ragnar Sæ Ragnarsson, starfandi formann leikskólaráðs. Þar sagði Margrét það dapurlegt að yfir 120 börn væru á biðlista á meðan hún hefði hátt í þrjátíu laus pláss.

Þegar þetta var borið undir Ragnar Sæ sagðist hann ekki skilja að hverju Margrét Pála

MARGRÉT PÁLA ÓLAFSDÓTTIR

RAGNHILDUR ERLA BJARNADÓTTIR

væri að „ýja“. Hún hlyti þá að vera að brjóta samninga.

Ragnhildur segir að Margrét Pála sé með rekstrarleyfi fyrir 162 börn og þau pláss séu fullnýtt af borginni. Ef Margrét geti tekið við fleiri börnum þurfi hún að fá leyfi fyrir þeim fyrst.

Margrét Pála segir að þetta sé einmitt það sem hún gagnrýni. Leyfin hvíli á samþykki sveitarfélagsins og hangi því saman við plássin. Hátt í þrjátíu slík hafi verið laus í allan vetur, með vitund borgarinnar:

„Við erum með tómar stofur og auð fatahólf, með leyfum allra eftirlitsaðila, en borgin hvorki semur um né gefur leyfi fyrir fleiri börnum. Við vitum að efnahagsástandið er slæmt og stjórnum ekki borginni, en við hittum foreldrana sem bíða.“ - kóþ

Ráðstöfun Haga og Samskipa:

Finnur í Arion fyrir þingnefnd

STJÓRNMÁL Bankastjóri Arion banka, Finnur Sveinbjörnsson, kemur fyrir viðskiptanefnd Alþingis á morgun.

Þar verður honum gert að gera grein fyrir meðferð bankans á stórfyrirtækjunum Högum og Samskipum.

Guðlaugur Þór Þórðarson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, fór fram á fundinn. Honum gremjast viðskiptahættir bankans og vill vita hvort þeir samræmist verklagsreglum bankans.

Forsvarsmenn Bankasýslu ríkisins koma einnig á fundinn. - bþs

ÖLL VERÐ ERU BESTU VERÐ

Hitastýrt tæki fyrir bað og sturtu!

VERÐ 14.900 KR.

LAGERSALAN – Dalvegi 16b, Kópavogi.
Opið virka daga 12-18 og laugardaga 10-14. S. 555 6275

FUNHEITT TILBOÐ á 1 lítra Kókómjólk

Nýtt! Endurlokanlegar umbúðir

ÍSLENSKA SÍALIS SÍA 48672 02/10

ASÍ krefst ...

... þess að stöðugleikasáttmálinn standi! Efling atvinnulífsins verði algjört forgangsmál.

Nánari upplýsingar á www.asi.is

ENNEMM / SÍA / NM40924

BANKARNIR Íslendingar hafa áratugareynslu af bönkum sem ekki hafa sýnt sérstakan áhuga á því að þjóna fólki heldur þvert á móti að hundelta það, sagði félagsmálaráðherra á Alþingi í síðustu viku. Miðstjórn ASÍ segir aðgerðir stjórnvalda í skötulíki og krefst úrbóta í harðorðri ályktun. FRÉTTABLAÐIÐ/SAMSETT MYND

Segir lögin sniðin að þörfum rukkara

Miðstjórn ASÍ segir aðgerðir stjórnvalda vegna skulda heimilanna í skötulíki og vill að heimilin í landinu séu sett í fyrsta sæti. „Farið hrikalega illa með fólk,“ segir forseti ASÍ og gagnrýnir sjálftöku lögfræðinga.

NEYTENDAMÁL Miðstjórn Alþýðusambands Íslands segir að aðgerðir stjórnvalda vegna greiðsluvanda heimilanna hafi verið í skötulíki.

Í ályktun miðstjórnarinnar frá í gær er gagnrýnt að milljörðum hafi verið varið til skilanefnda bankanna „sem hafa það hlutverk að lágmarka tjón og hámarka eignir,“ eins og segir þar. Verðmæti heimilanna og velferð fjölskyldnanna í landinu séu hins vegar ómetanlegir hagsmunir allrar íslensku þjóðarinnar. „Stjórnvöld eiga að hafa kjark og þor til að setja heimilin í landinu í fyrsta sæti,“ segir miðstjórn ASÍ.

„Löggjöfin í dag er sniðin að þörfum kröfuhafa og rukkara,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, í samtali við Fréttablaðið. Bæta þurfi samningsstöðu fólks gagnvart bönkunum.

„Við erum alltaf að fá dæmi um hvað er farið hrikalega illa með fólk,“ segir Gylfi. Hann nefnir dæmi um að vegna þriggja mánaða

GYLFI ARNBJÖRNSSON

ÁRNI PÁLL ÁRNASON

vanskila upp á 100.000 krónur séu lán gjaldfelld í heild og lögfræðikostnaður reiknaður af höfuðstólnum. Í stað 100.000 króna þurfi skuldari þá að greiða 1,3 milljónir. „Það er alltaf verið að gera þetta. Það á að setja lög sem banna þetta. Þetta er sjálftaka lögfræðinga. Fólk hefur enga samningsstöðu og missir húsnæði sitt,“ segir Gylfi. „Það á að setja lög sem vernda fólk en ekki rukkarana.“

Árni Páll Árnason félagsmálaráðherra sagði í umræðum á Alþingi í síðustu viku að Íslendingar hefðu „áratugareynslu af bönkum sem ekki höfðu sýnt sérstakan áhuga á því að þjóna fólki heldur þvert á móti að hundelta það“. Löggjöfin sé óeðlilega kröfuhafavæn. „Réttindi skuldara hafa verið fyrir borð borin áratugum saman,“ sagði Árni Páll. Ráðherrann, sem er lögfræðingur að mennt, sagði að íslenskir lögfræðingar væru aldir upp við það „að líta á það sem glæp að fólk borgi ekki skuldir sínar og sýna mjög takmarkaðan skilningi á því að fólk getur lent í þeim aðstæðum að það fái ekki risið undir skuldum sínum og eigi þess vegna rétt á að losna við þær“.

Gylfi segir að þrátt fyrir hvöss orð ráðherrans og stjórnvalda hafi úrbætur látið á sér standa. „Við viljum að menn tali minna og geri meira og að þessi afstaða fari að birtast í lagasetningu,“ segir hann. „Það er ekki nóg að lýsa afstöðu, það þarf að fara með mál í gegnum Alþingi.“

peturg@frettabladid.is

Bresk stjórnvöld þurfa að birta lýsingu á pyntingum fanga í Guantanamo:

Leyniskjalið gert opinbert

BRETLAND, AP Bresk stjórnvöld neyddust í gær til að aflétta leynd af skjölum, þar sem lýst er illri meðferð á breskum ríkisborgara í fangabúðum Bandaríkjahers á Kúbu.

Áfrýjunardómstóll kvað upp þann úrskurð að stjórnvöldum væri ekki stætt á því að halda skjölunum leyndum.

Fanginn heitir Binyam Mohamed. Hann er fæddur í Eþíópíu en hefur búið á Englandi frá unglingsárum. Hann var handtekinn í Pakistan árið 2002, segist hafa verið pyntaður þar og einnig í Marokkó áður en hann var fluttur til Guantanamo árið 2004, sakaður um að hafa tekið þátt í að skipuleggja árásir á bandarísk fjölbýlishús

BINYAM MOHAMED Var sendur heim frá Guantanamo árið 2009 eftir að allar ákærur á hendur honum höfðu verið felldar niður. NORDICPHOTOS/AFP

með liðsmönnum hryðjuverkasamtakanna Al Kaída.

Allar ásakanir á hendur honum voru þó felldar niður og hann var sendur til Bretlands á síðasta ári.

Leyniskjalið sem bresk stjórnvöld hafa undir höndum er stutt lýsing, fengin frá Bandaríkjamönnum, á þeirri meðferð sem hann mátti sæta þegar bandarískir leyniþjónustumenn yfirheyrðu hann í Guantanamo-búðunum.

Þar kemur fram að hann hafi meðal annars verið sviptur svefni langtímum saman og á meðan hafi honum verið hótað leynt og ljóst, til dæmis að hann yrði látinn í hendur öðrum öflum þar sem hann ætti nánast vísan dauða.

Í skjalinu er komist að þeirri niðurstöðu að þessi meðferð hljóti að teljast í það minnsta grimmileg, ómannúðleg og niðurlægjandi. - gb

Fullkomin áferð í allt að 15 klukkustundir

Everlasting Foundation
SPF 15

EVERLASTING FOUNDATION er kremkenndur og þunnfljótandi farði, hannaður af færustu sérfræðingum á sviði húðumhirðu, en farðinn gefur húðinni alveg sérstaklega fallega áferð. Hann byggir meðal annars á því allra nýjasta sem á rætur að rekja til rannsóknarstofa Clarins, „High Fidelity System“, en þessi nýjung sér til þess að áferðin haldist fullkomlega óaðfinnanleg í allt að 15 klst. í senn við hvaða aðstæður sem er. Öflug rakaformúlan stuðlar síðan að varanlegri vellíðan í húðinni og því að áferðin haldist fersk og fín allan daginn. www.clarins.com

NÝTT

Vitum hvað *konur vilja*

CLARINS
PARIS

Clarins dagar í verslunum Hagkaups
í Kringlunni, Skeifunni, Holtagörðum, Smáralind og Spönginni.
Dagana 11. - 16. febrúar.

Glæsilegur kaupauki að verðmæti allt að 12.000 kr.
fylgir ef keypt er fyrir 5.500 eða meira.

Tvær gerðir kaupauka: Multi Active eða Extra Firming.*

*Gildir á meðan birgðir endast.

50 ára HAGKAUP
fyrir íslendinga í 50 ár

VEISTU SVARIÐ?

1 *Hvað kostaði aðkeypt ráðgjöf skilanefnd Kaupþings á síðasta ári?*

2 *Hvaða bankastjóri lét undan þrýstingi um að lána Björgólfsfeðgum fyrir kaupum á Landsbankanum árið 2003?*

3 *Hvaðan er forsprakki Hells Angels sem vísað var frá landinu í byrjun vikunnar?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 50

Gæsluvarðhald yfir meintri vændissölukonu framlengt til 26. febrúar:

Catalina til ríkissaksóknara

DÓMSMÁL Rannsókn lögreglu á máli Catalinu Mikue Ncogo er lokið og hefur það verið sent til ríkissaksóknara. Gæsluvarðhald yfir henni var framlengt til 26. febrúar í fyrradag. Hún situr inni til að koma í veg fyrir áframhaldandi brotastarfsemi hennar. Hún er grunuð um aðild að mansali og að hafa haft milligöngu um vændi.

Þá hafa mál ellefu meintra kaupenda vændis á vegum Catalinu verið send til ákæruvaldsins. Innan við tíu mál kaupenda eru enn þá til rannsóknar hjá kynferðisbrotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Málin sem fara til ákæruvaldsins gætu orðið allt að tuttugu samtals þegar rannsóknum lögreglu er lokið. Það er svo í höndum þess að ákveða hvort ákært verður í þeim öllum eða ekki.

Catalina hefur áður verið dæmd í Héraðsdómi Reykjaness í tveggja og hálfs árs óskilorðsbundið fangelsi fyrir að hafa haft viðurværi af umfangsmiklu vændi fjölmargra kvenna sem hún hélt úti í miðborg Reykjavíkur. Þá var hún einnig dæmd fyrir að hafa skipulagt og staðið að innflutningi á 400 grömmum af kókaíni til landsins frá Hollandi.

- jss



CATALINA Var enn leidd í dómsal fyrr í vikunni vegna gæsluvarðhaldsúrskurðar.

Gæslan í Grímsey:

Börnin boðin í stutta siglingu

ÖRYGGISMÁL Landhelgisgæslan heimsótti Grímseyinga á dögunum og við það tækifæri komu öll grunn- og leikskólabörn eyjarinnar ásamt kennurum í heimsókn um borð í varðskipið Tý. Er mál manna að við heimsóknina hafi mannfjöldinn í eynni vaxið um tuttugu prósent. Farið var um skipið í fylgd skipverja sem fræddu gestina um skipið og búnað þess.

Eftir að kennarar og börn voru komin um borð var landfestum sleppt og siglt út fyrir höfnina. Þar var boðið upp á hressingu og svo bátsferð í land með einum af léttbátum skipsins.

- shá

Uppgrip á næstunni:

Austfirðingar undirbúa vertíð

SJÁVARÚTVEGUR Fyrirtæki sem stunda vinnslu úr loðnuafurðum á Austurlandi eru að búa sig undir loðnuvertíðina. Loðnuvinnslan á Fáskrúðsfirði og Síldarvinnslan í Neskaupstað hófu vinnslu í síðustu viku á afla norska loðnuflotans en Eskja á Eskifirði og HB Grandi á Vopnafirði undirbúa vinnslu.

Austurglugginn segir frá því að skip Eskju, Aðalsteinn Jónsson, sé komið á loðnumiðin og frysti loðnu um borð.

Hjá HB Granda er verið að klára að gangsetja loðnubræðslluna þar eftir miklar endurbætur og stækkun. Verksmiðjan er samsett úr þremur verksmiðjum sem HB Grandi átti fyrir á Vopnafirði, í Reykjavík og Þorlákshöfn.

- shá

Rangar niðurstöður ASÍ:

Hækkaði um 93% ekki 54%

SVEITARSTJÓRNARMÁL Sorphirðugjald í Árborg hækkaði um 93,1 prósent milli ára en ekki 54 prósent eins og fram kom í könnun ASÍ, sem Fréttablaðið greindi frá í gær.

ASÍ bar gjald fyrir 120 lítra sorptunnu á þessu ári saman við gjald fyrir 240 lítra tunnu í fyrra. Ásta Stefánsdóttir, bæjarritari í Árborg, staðfestir að gjaldið hafi hækkað úr 14.500 krónum í 28.000 krónur fyrir 240 lítra sorptunnu en ekki úr 14.500 í 22.300 eins og fram kom í niðurstöðum ASÍ. Gjald fyrir 120 lítra tunnu er nú 22.300 krónur en var 11.500 í fyrra. Árborgarbúar þurfa nú að urða sitt sorp í Reykjavík því urðunarsvæðinu í Ölfusi hefur verið lokað. Af því stafar þessi mikla hækkun, segir Ásta.

- pg

Fimmtán ára ökuþór á ákæru yfir höfði sér

Fimmtán ára allsgáð stúlka stal bíl foreldra sinna í Reykjavík og flúði lögreglu á ofsahraða alla leið til Hveragerðis. Hún var loksins stöðvuð með naglamottu. Hún verður líklega ákærð fyrir ýmis umferðarlagabrot og almannahættubrot.

LÖGREGLUMÁL Fimmtán ára stúlka á yfir höfði sér ákæru fyrir ofsaakstur og jafnvel almannahættubrot eftir æsilegan 42 kílómetra flótta undan lögreglu í fyrrinótt. Stúlkan ók undan lögreglu á allt upp undir 170 kílómetra hraða frá Reykjavík til Hveragerðis, og stöðvaði ekki fyrr en hún ók á naglamottu sem komið hafði verið fyrir á veginum.

Stúlkan hafði tekið bíl foreldra sinna ófrjálsri hendi. Með henni í för var litlu eldri vinkona hennar. Lögregla ætlaði upphaflega að stöðva för bílsins á Suðurlandsbraut vegna þess að afturljós hans voru í ólagi. Stúlkan sinnti hins vegar engum stöðvunarmerkjum og spændi í burtu.

Hún ók sem leið lá inn á mislægu gatnamótin við Réttarholtsveg og út á Miklubraut. Miklubrautina ók hún í austur þar til komið var að afleggjaranum inn á Suðurlandsveg. Þar beygði hún og ók yfir Hellisheiðina til Hveragerðis.

Í hringtorginu við Hveragerði sat Selfosslögreglan fyrir bílnum og hafði komið naglamottu fyrir á veginum til að stöðva förina. Það tókst og stúlkan var handtekin. Hún reyndist allsgáð og mun ekki hafa komið við sögu lögreglu áður. Engan sakaði.

Haft var samband við foreldra stúlkunnar og barnaverndaryfirvöld. Eftir að rætt hafði verið við hana var henni sleppt í umsjá foreldranna.

Alls tóku sjö lögreglubílar þátt í eftirförinni. Þrír frá Reykjavík, þar af einn sem fylgdi henni alla leiðina, og fjórir frá Selfossi sem lokuðu leiðinni við Hveragerði. Þá fylgdi sjúkrabíll á eftir í fyrstu en sneri síðan við.

Leiðin af Suðurlandsbraut og til Hveragerðis er rúmir 42 kílómetrar. Eftirförin hófst klukkan rúmlega eitt og lauk um klukkan hálf tvö. Stúlkan ók kílómetrana 42 því á um 25 mínútum, eða á yfir 100 kílómetra hraða á klukkustund að meðaltali. Mest ók hún á rúmlega 170 kílómetra hraða.

Stúlkan er fimmtán ára og því ökuréttindalaus. Hún er hins vegar sakhæf og má búast við ákæru fyrir fjölmörg umferðarlagabrot og hugsanlega einnig fyrir almannahættubrot. Fordæmi eru fyrir slíku í tilvikum sem þessum.

Pétur Guðmundsson, varðstjóri lögreglu, sagði við Fréttablaðið í gær að aksturslag stúlkunnar hefði verið lífshættulegt, bæði fyrir hana og aðra vegfarendur. Þó vildi svo til að fáir voru á ferli á leiðinni á þessum tíma.

stigur@frettabladid.is

NAGLAMOTTA Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu á nokkrar naglamottur sem hún þarf þó til allrar hamingju sjaldan að nota. FRÉTTABLAÐIÐ / VALLI

NAGLAMOTTUR NÆR ALDREI NOTAÐAR

Íslensk lögregluembætti eiga mörg hver svokallaða naglamottu sem rúlla má yfir götu þannig að það springi á dekkjum þeirra bíla sem yfir hana aka. Motturnar eru hins vegar sárasjaldan notaðar, að sögn Péturs Guðmundssonar varðstjóra. Í fréttum Stöðvar 2 í gær sagði að mögulega væri þetta í fyrsta sinn.

Motturnar eru þannig úr garði gerðar að ekki hvellspringur á dekkjunum heldur lekur loftið úr þeim, nokkuð hratt þó. Þannig er hættan á því að billinn velti takmörkuð.

Í tilviki stúlkunnar ungu var mottan auk þess notuð í hringtorgi þannig að stúlkan neyddist til að hægja á sér áður en hún ók á naglana. Eftirleikurinn var síðan auðveldur fyrir lögreglu.

HAFNARFJARÐARKIRKJA.IS

Vegna mikillrar eftirspurnar býður sr. Þórhallur Heimisson upp á auka

HJÓNA OG SAMBÚÐARNÁMSKEIÐ

dagana 11. og 18. mars kl.20.00 -22.00 í Hafnarfjarðarkirkju. Yfir 12.000 manns hafa tekið þátt frá árinu 1996.
Upplýsingar og skráning í síma 8917562 eða á *thorhallur33@gmail.com*

Bæjarstjóri segir fullan vilja til að reka Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja:

Ríkisvaldið stendur í veginum

HEILBRIGÐISMÁL „Vestmannaeyjabær hefur fullan vilja og getu til að reka Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja. Bærinn veitir nú þegar alla félagslega þjónustu og nánast alla öldrunarþjónustu í bæjarfélaginu. Samlegðaráhrifin eru mikil og sennilegt er að hægt sé að veita sömu þjónustu fyrir lægra fé eða aukna þjónustu fyrir sama fé. Þetta verður þó ekki gert nema að til slíks liggi ríkur vilji hjá ríkinu og slíkum vilja er ekki fyrir að fara,“ segir Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, vegna umræðu um að sveitarfélögin taki yfir rekstur heilbrigðisstofnana. Slíkar hugmyndir eru uppi á Suðurnesjum.

Eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær er flutningur á rekstri heilbrigðisstofnana frá ríkinu vel gerlegur að mati forsvarsmanna sveitarfélaga og forstjóra heilbrigðisstofnana. Það var hins vegar tilfinning blaðamanns við vinnslu fréttarinnar að þessi umræða hefði fyrst og síðast einskorðast við Suðurnesin.

Þetta vill Elliði leiðrétta og skrifar að Vestmannaeyjabær hafi ítrekað óskað eftir því að taka yfir allan rekstur Heilbrigðisstofnunar Vestmannaeyja. „Ótal samtöl og fundir hafa verið um þetta mál en strandað á vilja ríkisins. Á seinasta kjörtímabili unnum við að þessu með Guðlaugi Þór [Þórðarsyni], þáverandi ráðherra, en bakslag kom í viðræðurnar í tíð Ögmundar [Jónassonar] og skýrist það ekki síst af breyttum efnahagslegum forsendum,“ segir Elliði.

- shá

FRÁ VESTMANNAEYJUM Hugmyndir um að taka yfir heilbrigðisstofnunina á staðnum hafa verið lengi í gerjun. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Útsölunni er að ljúka!

Tryggðu þér þessar græjur á frábæru útsöluverði áður en við rýmum fyrir nýjum vörum!

Allt að 80% afsláttur!

42"

42LG2100

LG HD ready HDMI

42" LG LCD-sjónvarp HD Ready

- Upplausn 1366x768 punktar
- XD Engine – myndvinnslubúnaður
- 2 x HDMI
- SRS True Surround (2x10 W) – hljóðkerfi

50.000 kr. afsláttur

Útsöluverð **149.995 kr.**

Verð áður 199.995 kr.

42"

42LF2500

LG full HD 1080P HDMI

42" LG LCD-sjónvarp Full HD

- Frábær Full HD myndgæði
- Upplausn 1920x1080 punktar
- Skerpa 50.000:1
- 2 x HDMI

70.000 kr. afsláttur

Útsöluverð **179.995 kr.**

Verð áður 249.995 kr.

NOKIA

Nokia 5030

Einfaldur og góður útvarpssími með innbyggðu FM-loftneti.

33% afsláttur

Útsöluverð **7.995 kr.**

Verð áður 11.995 kr.

NOKIA

Nokia 6600

Glæsilegur samlokusími með 3G-stuðningi fyrir myndsímtöl, innbyggðu FM-útvarpi o.fl. Styður allt að 4-GB minniskort.

24% afsláttur

Útsöluverð **37.995 kr.**

Verð áður 49.995 kr.

LG

LG Heimabíókerfi Blu-Ray 5.1

LG 5.1 Blu-Ray heimabíókerfi með mörgum skemmtilegum eiginleikum. FM-útvarp, iPod-stuðningur, USB tengi og margt fleira.

33% afsláttur

Útsöluverð **199.995 kr.**

Verð áður 299.995 kr.

HB954PA

Zen V 2-GB MP3 Spilari svartur og grænn

Creative Zen V er nettur og öflugur 2-GB margmiðlunarspilari.

38% afsláttur

Útsöluverð **7.995 kr.**

Verð áður 12.995 kr.

70PF192500185

YAMAHA

Yamaha MCR040 Micro stæða

Frábær smástæða frá Yamaha með iPod-vöggu, geislaspilara, USB-tengi og mörgu fleiru.
Litur: Dökkgrátt.

33% afsláttur

Útsöluverð **39.995 kr.**

Verð áður 59.995 kr.

SYSMCR040DG

NOKIA

Nokia BH-105 Bluetooth höfuðtól

56% afsláttur

Útsöluverð **3.995 kr.**

Verð áður 8.995 kr.

Mikið úrval af töskum fyrir farsíma, eitt verð: kr. 795
20% afsláttur af öðrum aukahlutum fyrir farsíma.
10% afsláttur af öðrum farsímum.

25 ára Hátækni 1985 - 2010

Opið: virka daga 9.30–18 | Laugardaga 12–17

Verslun Ármúla 26 | Sími 522 3000 | www.hataekni.is

PIPARTBWA • SÍA • 100337

FUGL Á HÖFÐI Á Navonatorgi í Rómaborg gerði þessi fugl sér lítið fyrir og settist stundarkorn á styttuhöfuð. NORDICPHOTOS/AFP

Fjölmörg fórnarlömb barnakláms höfða mál í Bandaríkjunum:

Krefjast bóta af klámhundum

BANDARÍKIN, AP Tvítug bandarísk kona, sem nefnd er Amy í dómskjölum, krefst þess að fá bætur frá hundruðum sakborninga, sem höfðu í fórum sínum barnaklámmyndir sem frændi hennar tók af henni fyrir rúmum áratug.

Þótt frændi hennar hafi hlotið dóm fyrir afbrot sín eru myndirnar af Amy enn í dag meðal þeirra sem útbreiddastar eru í heimi barnaníðinga.

„Ég vil að þessu verði öllu eytt. Ég vil að þetta hætti. En ég get ekkert gert til að stöðva þetta, ekki frekar en ég gat stöðvað frænda minn," segir Amy.

Fjölmörg önnur fórnarlömb barnakláms í Bandaríkjunum hafa einnig leitað til dómstóla til að fá bætur frá notendum barnakláms.



RANNSÓKN Á BARNAKLÁMI Bandarískur lögreglumaður fylgist með samskiptum á netinu. NORDICPHOTOS/AFP

Dómarar víðs vegar um Bandaríkin þurfa því á næstunni að taka afstöðu til nýrra spurninga í tengslum við barnaklámsmál: Hvort einstaklingur sem hefur í fórum sínum klámfengna mynd af barni eigi að teljast meðábyrgur fyrir þjáningum barnsins, og hve háa upphæð eigi þá að láta hann greiða.

Frumkvæði í þessum efnum kom frá dómara í Connecticut fyrir fáeinum vikum þegar hann hugðist gera einum eiganda slíkra mynda skylt að greiða Amy 200 þúsund dali. Áður en dómur var kveðinn upp var þó samið um að sá maður myndi borga henni 130 þúsund dali. - gb

Tveir menn ákærðir:

Ræktuðu og seldu kannabis

DÓMSMÁL Tveir karlmenn um þrítugt hafa verið ákærðir fyrir stórfellda kannabisræktun og sölu og vörslu á miklu magni kannabisefna.

Mennirnir voru teknir í mars á síðasta ári með rúm fimm kíló af kannabislaufum, tæplega fjögur kíló af marijúana og 621 kannabisplöntu.

Í ágúst var svo annar mannanna tekinn aftur með rúmlega hálft kíló af kannabislaufum og 218 kannabisplöntur.

Hinn maðurinn var tekinn tveimur dögum síðar. Hann reyndist vera með 65 plöntur sem hann var að rækta. - jss



Oddi fyrir þig, þegar hentar, eins og þér hentar.

Prentun frá A til Ö.

20 mismunandi bækur sem dæma þarf af kápunni.

ODDI

Oddi – umhverfisvottuð prentsmiðja. Höfðabakka 7, 110 Reykjavík, sími 515 5000, www.oddi.is

VINSTRI GRÆN Nú er reynt að lægja öldurnar innan VG í Reykjavík, en forvalið um síðustu helgi, þar sem Sóley Tómasdóttir lenti í fyrsta sæti og Þorleifur Gunnlaugsson varð númer tvö, hefur dregið dilk á eftir sér.

Verið að leita sátta um forvalið hjá VG

Reglur forvals VG í Reykjavík fjalla um að utankjörfundaratkvæði skuli berast í tölvupósti og að það sé á ábyrgð kjósandans að skila því í löturpósti. Í nýloknu forvalinu var farið heim til fólks með kjörseðla. Ráðherra hringdi í kjósendur.

STJÓRNMÁL Innan Vinstri grænna var í gær leitað sátta milli Þorleifs Gunnlaugssonar og ýmissa forystumanna í flokknum vegna nýlegs forvals flokksins í borginni.

Þorleifur sagðist í gær vongóður um að sáttaleiðin yrði til þess að „í flokknum mæti allir lýðræði og sanngirni hér eftir".

Deilan snýst um að ekki hafi allir haft sömu tækifæri í forvalinu. Framboði Þorleifs var tjáð óformlega af formanni kjörstjórnar að ekki mætti sendast með og sækja útfyllta atkvæðaseðla til kjósenda. Þetta töldu aðrir frambjóðendur leyfilegt og höguðu sér eftir því.

En samkvæmt reglum forvals VG í Reykjavík, geta félagsmenn fengið kjörseðla senda í tölvupósti, ef þeir þess óska. Kjósandinn skal svo „bera ábyrgð á að koma utankjörfundaratkvæðaseðlinum í löturpósti til kjörstjórnar". Þessar reglur eru frá 6. febrúar.

Eftir að Þorleifur kærði kosninguna hafnaði kjörstjórn kröfum hans og vísaði í reglur um forval, enda heimili þær póstkosningu. Kæra Þorleifs snerist meðal annars um heimsóknir til kjósenda.

Spurður hvernig það samræmist þessum reglum að stuðningsmenn frambjóðenda megi fara með atkvæði heim til fólks og skila síðan fyrir það á kjörstað, segir Stefán Pálsson, sem var formaður kjörstjórnar í forvalinu: „Við höfum takmarkaða möguleika á að fylgjast með þessu, til dæmis að sjá úr hvaða prentara kjörseðill kemur. En kjörstjórn hefur legið yfir þessum reglum, eftir að kæran kom fram, og okkar niðurstaða var að þær hefðu ekki verið brotnar." Slíkar reglur kalli alltaf á nánari útskýringu, sem hafi birst í forvalsbæklingi.

Í bæklingnum segir að félagsmenn geti fengið sendan kjörseðil í tölvupósti sem skuli lagður í ómerkt umslag sem aftur sé lagt í annað umslag merkt flokki, kjörstjórn og pósthólfi.

Stefán nefnir að í fyrri kosningum innan VG hafi ekki verið gerðar ýtrustu kröfur um atriði af þessum toga. Vafa í kosningum eigi að meta kjósendum í hag. Niðurstaða alls þessa verði líklega sú að stífari reglur verði samdar.

klemens@frettabladid.is

RÁÐHERRA HVETUR FÓLK Á KJÖRSTAÐ

Heimildir blaðsins herma að framámenn í VG hafi barist af öllu afli til að tryggja Sóleyju Tómasdóttur fyrsta sætið. Ráðherrar hafi verið þar á meðal.

Álfheiður Ingadóttir heilbrigðisráðherra gengst fúslega við því að hafa hringt í „nánustu fjölskyldu og vini til að minna á forval VG", en segir ekkert um hvern hún studdi.

„Ég styð hins vegar Sóleyju sem oddvita þess lista sem hún var kosin til, með réttmætum hætti, eftir því sem formaður kjörstjórnar segir."

Spurð um hversu marga hún hafi hringt í, segir Álfheiður að þeir hafi verið fjórir til fimm.

Carmina Burana í Laugardalslauginni

Bein útsending frá tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Tilvalið að slaka á í heitum potti og hlýða á fagra tóna. Tónleikarnir hefjast kl. 19.30 í kvöld.

Kærleikar á föstudegi

Landsþekktir einstaklingar segja kærleiksrík orð og Páll Óskar syngur um lífið. Blysför verður kringum Tjörnina og samsöngur kóra. Kærleikar hefjast á Austurvelli kl. 18.00 og leiða gesti inn í Safnanóttina.

Öndvegissúlur – Ljósaljóð

Súlur Ráðhússins umbreytast í ljósalistaverk skreytt með tónmynd, listaverki Bills Fitzgibbon og Sverris Guðjónssonar. Hluti af setningu Safnanætur kl. 19.00 á túninu við tjarnarbrúna föstudaginn 12. febrúar.

Safnanótt

Ríflega 30 söfn á höfuðborgarsvæðinu bjóða fjölbreytta dagskrá til miðnættis á föstudag. Safnanæturstrætó gengur á milli safnanna frá klukkan 19.00. Nánari upplýsingar á www.safnanott.is.

Nánari upplýsingar á www.reykjavik.is/ljomandi

Tveir mánuðir og skaðabætur:

Tilefnislaus og hættuleg árás

DÓMSMÁL Karlmaður á fertugsaldri hefur verið dæmdur í skilorðsbundið tveggja mánaða fangelsi fyrir að skalla rúmlega tvítugan mann í andlitið. Atvikið átti sér stað fyrir utan skemmtistaðinn 800 Bar á Selfossi í júlí í fyrra. Fórnarlambið fékk töluverða áverka í andlitið.

Árásarmaðurinn neitaði í fyrstu sök, en breytti síðan framburði sínum. Þetta er í annað sinn sem hann er dæmdur fyrir líkamsárás. Árásin er að mati dómsins talin tilefnislaus og hættuleg og er maðurinn dæmdur til að greiða fórnarlambinu 155 þúsund krónur í miskabætur. - jss

Atvinnuleit kvenna í Kína getur af sér vandamál þegar konum í sveitum fækkar:

Mansal hefur aukist verulega

KÍNA Mansal er vaxandi vandamál í Kína, að því er fram kemur í umfjöllun dagblaðsins South China Morning Post.

Ástæðan er í blaðinu rakin til þess að karlar, einkum í sveitum landsins, eigi erfitt með að finna sér eiginkonur, þar sem þær sæki í auknum mæli í þéttbýlið í leit að fjölbreyttari vinnu.

Rán á konum mun því orðið útbreitt vandamál. Vinsæl fórnarlömb eru konur frá Burma (Mjanmar) og Víetnam og fátækum héruðum Kína. Konurnar eru svo seldar væntanlegum eiginmönnum. Til marks um eftirspurnina er sagt vera hækkandi verð á eiginkonum, en nú mun hægt að festa kaup á konu fyrir um 38 þúsund júan, eða sem svarar tæpum 700 þúsund íslenskum krónum.

Að því er fram kemur í South China Morning Post er vitað um allt að 300 konur sem rænt var í Burma á síðasta ári og seldar voru til Yunnan-héraðs í suðvesturhluta Kína. Fjöldi kvenna sem rænt hefur verið frá landinu er þó talinn mun meiri. Yfivöld í Burma hafa upplýst að á síðustu tveimur árum hafi tæplega 500 konum verið bjargað úr ánauð.

Fréttastofa Malasíu greindi frá því í gær að fimm Kínverjar, karl og fjórar konur, hefðu verið handteknir fyrir mansal í Kúala Lúmpúr og 39 ára konu bjargað. - óká

GÖTUMYND Fólk á ferli í Hong Kong í Kína í byrjun vikunnar. NORDICPHOTOS/APF

LEITAÐ AÐ EITURLYFJUM Bandarískir tollverðir kanna farm rósa. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nýstárleg smyglaðferð:

Földu kókaín í rósafarmi

AMSTERDAM, AP Tollverðir í Hollandi fundu á dögunum fjögur kíló af kókaíni sem höfðu verið falin innan um 20 þúsund rósir. Blómin voru flutt frá Kólumbíu til Hollands í tilefni Valentínusardagsins. Kom í ljós að rósailmurinn er ekki nógu sterkur til að leyna lykt af kókaíni.

Tveir Hollendingar voru handteknir vegna málsins og við húsleit hjá þeim fundust um fimm kíló af kókaíni til viðbótar. Áætlað götuvirði kókaínsins er um 230 milljónir íslenskra króna. - sgá

Forsetafrú Bandaríkjanna:

Í herferð gegn offitu barna

BANDARÍKIN, AP Michelle Obama, forsetafrú Bandaríkjanna, kynnti á þriðjudag nýja herferð gegn offitu barna, sem hún ætlar að vera í forsvari fyrir á næstunni.

MICHELLE OBAMA

Með herferðinni vill hún fræða börn um gildi góðrar næringar og líkamshreyfingar.

Hún viðurkenndi þó ýmsa lesti sjálf: „Ég er hrifin af hamborgurum og frönskum, og ég er hrifin af ís og kökum. Flest börn eru það líka," sagði hún, en bætti svo við að herferðin snúist ekki um að útiloka slíkt heldur finna rétta jafnvægið í fæðuvali og hreyfingu. - gb

Fangi á Litla-Hrauni:

Smyglaði efnum í flakkara

DÓMSMÁL Maður sem afplánað hefur refsidóm á Litla-Hrauni hefur verið dæmdur í eins mánaðar fangelsi fyrir að reyna að smygla fíkniefnum inn í fangelsið í sjónvarpsflakkara.

Maðurinn reyndi að smygla nokkru magni af amfetamíni, maríjúana og e-töflum inn í fangelsið, en fangaverðir fundu þau við leit.

Maðurinn játaði brot sitt fyrir dómi. Sakaferill hans er alllangur. Frá árinu 2002 og fram á árið 2009 hefur honum ellefu sinnum verið gerð refsing fyrir fíkniefnabrot. - jss

FRÉTTASKÝRING: Konur í leiðtogahlutverki

Konum ekki umbunað fyrir árangur

Karlmanni sem er við stjórnvölinn í fyrirtæki sem gengur vel er yfirleitt eignaður heiðurinn af velgengninni. Ef kona stýrir vel heppnuðu fyrirtæki er velgengni þess gjarnan skrifuð á hópvinnu og hagstætt umhverfi. Þetta segir Alex Haslim, prófessor í háskólanum í Exeter, sem hefur um árabil rannsakað leiðtoga af báðum kynjum.

„Rannsóknir hafa sýnt fram á að ef fyrirtæki eru í vanda stödd þá er líklegra að konur séu valdar til stjórnunar í því. Karlar eru hins vegar oftar ráðnir til fyrirtækja sem gengur vel," segir Alex Haslim prófessor. Hann, ásamt kollega sínum Michelle Ryan, leiðir rannsókn í háskólanum í Exeter sem ber heitið Glerbjargið (e. The Glass Cliff). Nafnið er vísun í hugtakið glerþak (e. Glass Ceiling) sem notað hefur verið um ósýnilega hindrun á vegi minnihlutahópa, til að mynda kvenna, á leið þeirra til valda. Konur sem staddar séu á glerbjarginu séu í erfiðri stöðu, með verkefni sem hætta er á að misheppnist.

Fáar konur í fyrirtækjum sem auðvelt er að stjórna

Rannsóknir Haslims og Ryan benda til þess að konur veljist til leiðtogastarfa undir öðrum kringumstæðum en karlar. Þær fái frekar störf sem talin séu vandasöm og líkleg til að misheppnast en karlar. Staða kvenna í leiðtogastarfi sé þannig ótryggari en karla. „Ég tek sem dæmi að konur eru miklu sjaldnar við stjórnvölinn í fyrirtækjum sem er vandalítið að stjórna, þar sem stjórnunin er þægileg ef svo má segja. Dæmi um þetta eru olíufyrirtæki, þó að þar hafi verið gerð alls konar axarsköft í stjórnun þá raka þau samt inn tekjum ár hvert og eru þannig séð auðveld í stjórnum. Í svona fyrirtækjum eru fáar konur," segir Alex sem staddur var á Íslandi til að halda erindi á fundinum Virkjum karla og konur, fjölbreytni í forystu.

Alex sem hefur unnið að leiðtogarannsóknum í mörg ár segir gögn sýna að mikill munur sé á kynjunum, stjórnun karla og kvenna og væntingum til þeirra

Bónus fyrir karla

„Sem dæmi má nefna að í fyrirtækjum sem karlar stjórna og gengur vel fá þeir gjarnan bónusgreiðslur fyrir vikið. Konur fá miklu síður umbun í formi slíkra greiðslna," segir Alex sem segir skýringuna ekki alveg einhlíta. Karlar virðist duglegri við að semja um að fá bónus ef vel gangi. Fólk virðist einnig miklu frekar gera ráð fyrir því að þeim beri að fá bónus.

Karlar geri meira úr hlutverki leiðtogans og þar sem þeir séu við stjórnvölinn og gangi vel sé velgengnin gjarnan tengd persónu þeirra, þeir hafi leitt hópinn til velgengni.

Velgengni fyrirtækja þar sem konur eru við stjórnvölinn sé hins vegar oft skýrð með því að umhverfið hafi verið fyrirtækinu hagstætt, eða að hópurinn sem leiddi fyrirtækið hafi verið einstaklega góður. Minna sé því gert úr hlutverki konunnar sem leiðtoga.

Alex og félagar hans hafa rannsakað fyrirtækjastjórnun út frá ýmiss konar gögnum, til að mynda skoðað stjórnun fyrirtækja og gengi þeirra aftur í tímann. „Við erum í mörgum tilfellum að skoða gögn frá árinu 2006 og eldri því þar er oft erfitt að nálgast þessar upplýsingar."

ALEX HASLAM Karlar fá veglegan launabónus í vasann gangi fyrirtæki sem þeir stýra vel, segir Alex, sem er prófessor við háskólann í Exeter. LJÓSMYND/JÓHANNES LONG

Karlafyrirtæki ofmetin

Út frá þessum gögnum kemur í ljós að fyrirtækjum sem eru með bæði karla og konur í stjórnum sínum gengur betur en fyrirtækjum sem bara eru skipuð körlum. „Ég ráðlegg fyrirtækjum eindregið að hafa bæði karla og konur í sínum stjórnun, það skilar betri árangri," segir Alex sem telur frumkvæði Norðmanna um kynjakvóta í stjórnun athyglisvert og gott framtak. „Það eru miklir fordómar gagnvart slíkum aðgerðum í Bretlandi en ég tel þær af hinu góða. Það eru engar rannsóknir sem sýna að það sé slæmt að hafa konur í stjórnum fyrirtækja, þvert á móti þá eru fjölmargar rannsóknir sem sýna að konur eru góðir stjórnendur og fyrirtæki græða á því að hafa þær við stjórnvölinn."

Hann segir rannsóknir einnig hafa sýnt að verðmæti fyrirtækja þar sem karlmenn voru allsráðir hafi á tímabilinu 2001 til 2005 verið ofmetin um 70 prósent. Fyrirtæki þar sem konur voru einnig í stjórn voru á sama tímabili ofmetin um 21 prósent.

Auk gagna frá fyrirtækjum hafa Alex og félagar tekið fjölda viðtala og lagt prófanir fyrir fólk og svo borið það saman við gögnin. Hann segir að með þeirri aðferð fáist betri útskýring á gjörðum stjórnenda og viðbrögðum umhverfisins.

Slíkar tilraunir hafi til að mynda leitt í ljós að konur þyki miklu betri valkostur þegar ráða á stjórnanda í fyrirtæki sem gengur illa eins og áður sagði.

FRÉTTASKÝRING
SIGRÍÐUR BJÖRG TÓMASDÓTTIR
sigridur@frettabladid.is

HVATNING TIL KARLA VIRKAÐI

Um 43 prósent fundargesta á morgunverðarfundinum Virkjum konur og karla voru karlar. Það eru miklu jafnari kynjahlutföll en á fyrri fundum þar sem konur í viðskiptalífinu hafa verið til umfjöllunar, segir Rakel Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri Creditinfo og einn skipuleggjenda fundarins. Um 300 manns voru á fundinum, um 120 karlar og um 180 konur.

„Á sambærilegum fundum hefur iðulega mátt telja karlmenn á fingrum annarrar handar og þar af hefur hluti verið í pallborði," segir Rakel. Helmingi ódýrara var á fundinn ef karl og kona komu saman og voru konur hvattar til að hringja í karlmann og bjóða með sér á fundinn.

Fundurinn var haldinn til að fylgja eftir samstarfssamningi Samtaka atvinnulífsins, Félags kvenna í atvinnurekstri og Viðskiptaráðs Íslands frá síðasta vori um að fjölga konum í forystusveit íslensks atvinnulífs til loka ársins 2013 þannig að hlutur hvors kyns verði ekki undir fjörutíu prósentum. Að honum stóðu auk SA, FKA og VÍ, Leiðtoga-Auður, Creditinfo og viðskiptaráðuneytið.

Á fundinum sagði Þóranna Jónsdóttir hjá Auði Capital frá rannsókn sinni á stjórnum fyrirtækja en niðurstöður hennar gefa sterklega til kynna að aukin fjölbreytni stjórna bæti verklag þeirra og árangur. Þóranna sagði, að því er fram kom á visi.is, það líklegra til árangurs að hafa jafnt hlutfall kynja í stjórnun fyrirtækja. Jafnt hlutfall hefði auk þess jákvæðan árangur á skilvirkni og vinnulag.

KARLAR OG KONUR Konur tóku upp símann og buðu körlum með sér á fund um aukinn hlut kvenna í forystu fyrirtækja og skilaði sú hvatning fleiri körlum á fundinn en á sambærilega fundi hingað til. LJÓSMYND/JÓHANNES LONG.

ÁHUGAVERT AÐ SKOÐA ÍSLAND

Ísland er spennandi rannsóknarefni er kemur að rannsókn á stjórnum segir Alex Haslam. „Ég veit ekki mikið um Ísland en mér hafði verið bent á að það væri hægt að tengja rannsóknina okkar við aðstæður á Íslandi," segir Alex.

Hann átti fund með Birnu Einarsdóttur, bankastjóra Íslandsbanka, að loknu viðtali við blaðamann Fréttablaðsins en segja má að hún sé samkvæmt skilgreiningu rannsóknar Alex stödd á glerbjargi, þar sem gjarnan má finna konur sem kallaðar hafa verið til stjórnunarstarfa eftir að allt er komið í óefni.

„Ég er með upptökutækið mitt með mér og ætla að ræða við Birnu," segir Alex sem safnar gögnum víðar en í Bretlandi fyrir rannsóknina Glerbjargið.

Nánari upplýsingar um verkefnið er að finna á heimasíðunni http://psy.ex.ac.uk/seorg/

MIÐVIKUDAGINN 17. FEBRÚAR

45% FYRIRTÆKJA
ÞURFA AÐ FÆKKA STARFSFÓLKI VEGNA SKATTABREYTINGA STJÓRNVALDA
Samkvæmt könnun meðal forsvarsmanna íslenskra fyrirtækja

VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

Nánar á Viðskiptaþingi 2010 - Er framtíð fyrir íslenskt atvinnulíf?
Skráning og nánari upplýsingar á www.vi.is og í síma 510-7100

Til hamingju, Helgi

Hið mikla rit Helga Björnssonar um íslensku jöklana hefur hlotið fádæma viðtökur og einróma lof. Í gær hlotnaðist höfundinum Íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir þrekvirki sitt. Við óskum honum innilega til hamingju og hvetjum sem flesta til að kynna sér þetta metnaðarfulla og glæsilega verk.



★★★★★

„Þessi bók á mikið erindi til allra Íslendinga, ekki síst hinna ferðaglöðu. Hún opnar augu allra sem hafa unun af að lesa í landið fyrir undrum náttúruaflanna. Þeir munu líta landið öðrum augum eftir lesturinn."

Guðni Einarsson, Mbl.

Bókaútgáfan Opna - Skipholti 50b - 105 Reykjavík - sími 578 9080 - www.opna.is

HVITA HÚSIÐ/SÍA

LEIKTÆKI VETRAR

Í ELLINGSEN

Núna er tíminn til að leika sér!

Í Ellingsen er mikið úrval nýrra vélsleða frá Lynx og Ski-Doo auk eftirárs vélsleða frá Lynx, árgerðir 2007 og 2008 á frábæru verði.

Komdu og skoðaðu leiktækin hjá Ellingsen eða umboðsaðilum. Leiktæki verða einnig til sýnis á sýningunni **Vetrarsport 2010** í Boganum á Akureyri um helgina. Tækniupplýsingar um sleðana eru á www.ellingsen.is.

BRP

www.ellingsen.is

ARINS

Ski-Doo MXZ Reneg X 1200 4TEC
2.974.000 kr.
ski-doo árgerð 2010

Lynx Xtrim 800R Power TEK
2.869.000 kr.
LYNX árgerð 2010



Lynx X-trim 600 SC 600 HO Etec
2.569.000 kr.
LYNX árgerð 2010

Can-Am Outlander 400 Max XT
1.990.000 kr.
can-am árgerð 2010

Can-Am Outlander 800R MAX LTD
3.290.000 kr.
can-am árgerð 2010

Can-Am Outlander 650 MAX XT
2.690.000 kr.
can-am árgerð 2010

Can-Am Outlander 400HO EFI
1.684.000 kr.
can-am árgerð 2010

REYKJAVÍK
Fiskislóð 1 • Sími 580 8500

AKUREYRI
K2M - Gleráreyrum 2 • Sími 464 7960

Ellingsen
-fullt hús ævintýra

„ORÐRÉTT“

Það hálfa væri nóg

„[Ég hélt] að þeir hefðu fengið að kaupa Landsbankann á grundvelli þess að þeir væru að koma með svo mikið af dollurum til landsins að það hálfa væri nóg.“

SÓLON SIGURÐSSON, FYRRVERANDI BÚNAÐARBANKASTJÓRI, VILDI EKKI LÁNA BJÖRGÓLFSFEÐGUM Á SÍNUM TÍMA. HANN GERÐI ÞAÐ SAMT. **RÚV, 9. febrúar**

Eitt ógeð

„Þetta er bara eitt stykki viðbjóður.“

KRISTINN KRISTMUNDSSON, EIGANDI VÍDEÓFLUGUNNAR Á EGILSSTÖÐUM, ER GRAMUR ÚT Í MANN SEM HANN TELUR HAFA DREPIÐ FYRIR SÉR FJÓRA KETTI Í GEGNUM ÁRIN. **Fréttablaðið, 9. febrúar**

tilveran
nær og fjær

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? ÞÓRIR KJARTANSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI VÍKURPRJÓNS

Nýbygging tekin í gagnið í mars

„Síðastliðið ár var líklega það besta í sögu fyrirtækisins,“ segir Þórir Kjartansson, framkvæmdastjóri Víkurprjóns í Vík í Mýrdal, spurður frétta af ganginum í starfseminni. Hann rekur árangurinn til veikrar krónu jafnt sem aukins áhuga á íslensku ullinni og prjónaskap. Átján vinna í Víkurprjóni en fjölga þarf starfsmönnum, því í mars verður nýbygging tekin í gagnið. „Hér var orðið of þröngt svo við þurftum að stækka við okkur.“

Þórir segir Víkurprjón geta selt meira en það geri. Stundum sé erfiðleikum háð að fá hráefni þar sem garnverksmiðjan Ístex hafi vart undan við framleiðslu. Þar horfi þó til bóta.

Að sögn Þóris er Víkurprjón ekki eina fyrirtækið sem gerir það gott í Vík í Mýrdal um þessar mundir. Ungir menn á staðnum framleiði, auk annars, möl sem fari í steinteppi á gólf. „Þetta er víst vinsælasta efnið í dag enda tinnusvart og fallegt og ódýrasta varanlega gólfefnið á markaðnum.“ Þórir valdi það vitaskuld á nýbyggingu Víkurprjóns.

Þorrablót Víkurbúa er að baki og segir Þórir það hafa tekist með miklum ágætum. Af tíðindum úr sveitinni segir hann helst rætt um sjóvarnir þessa dagana. Landbrot sé enda talsvert vandamál. „Loksins er búið að veita í þetta peningum en þá er komið upp álitamál milli heimamanna og Siglingastofnunar. Hún vill sjóvarnargarðinn nær þorpinu en við heimamenn óttumst sandrokshættu ef garðurinn verður svo nærri. Í miklu suðvestanroki blæs hér sandi yfir allt.“

FRÓÐLEIKUR

GULL OG PLATÍNUM

■ Hreint gull er skilgreint sem „24 karöt“ og er frekar mjúkur málmur í eðli sínu. Því er gulli oftast blandað saman við aðra málma til að gera það sterkara og ódýrara. 18 karöt þýðir að 18 hlutar af 24 eru gull, eða 75 prósent hreint gull.

■ Hvítagull er búið til með því að blanda saman gulu gulli við hvíta málma.

■ Platína er hvítur málmur sem er mjög sjaldgæfur og jafnvel verðmætari en gull. Platína er jafnframt harðari málmur en gull og því erfiðari að vinna með.

TUNGUTAK

Spilað í víti

■ Það sem á enskri tungu kallast *casino* heitir á íslensku spilavíti. Mörgum áhugamanninum um fjárhættuspil þykir sú þýðing hafa heldur neikvæða skírskotun.

Þó er það ekki íslensk uppfinning að tengja slíka spilamennsku við sjálft helvíti. Orðið *spilavíti* á sér nefnilega beina samsvörun í ensku hugtökunum *gambling hell* og *spillehelvede*, sem bæði hafa raunar löngu lagst af í almennri notkun, en tíðkuðust á nítjándu öld og framan af þeirri tuttugustu. Hugtakið gambling hell er í orðabókum skilgreint sem ‚samkomustaður þar sem spila má ýmsa leiki (starfræktur í gróðaskyni)‘.

Elsta dæmið um orðið *spilavíti* í íslensku er úr árbók góðtemplara frá síðari hluta 19. aldar og fylgir enska hugtakið með innan sviga. Einnig eru til dæmi um orðmyndina *spilahelvíti* í íslensku, til dæmis í Almanaki Þjóðvinafélagsins frá 1890. **- sh**

GIGTARFÉLAG ÍSLANDS

Ertu með vefjagigt?

Haldið verður 3ja kvölda fræðslunámskeið fyrir fólk
með vefjagigt miðvikudagana 17. og 24. febrúar og
3. mars kl.19:30 í húsnæði félagsins að Ármúla 5, Reykjavík,
á 2 hæð, sjá www.gigt.is.

Upplýsingar og skráning er á skrifstofu félagsins
í síma 530-3600.

Gigtarfélag Íslands

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

Öll börnin kát og glöð

Hinn 14. febrúar verður ár liðið frá því að heimili SPES-samtakanna fyrir foreldralaus börn í Kpalimé í Tógó var vígt. Hjónin Njörður P. Njarðvík og Bera Þórisdóttur dvöldu þrjár vikur í janúar í Tógó og kynntu sér árangurinn af starfinu.

BARNAHEIMILI Njörður segir að öll börnin á barnaheimilinu séu við góða heilsu.

BERA OG NJÖRÐUR Hjónin eru hæstánægð með þann árangur sem náðst hefur.

Allt frá því að SPES-samtökin voru stofnuð árið 2000 hefur Njörður P. Njarðvík, prófessor emeritus við Háskóla Íslands, einbeitt sér að því að hjálpa foreldralausum börnum í Tógó í Vestur-Afríku. Í janúar fóru þau Bera til Tógó og kynntu sér uppbyggingarstarfið þar.

Þau hjónin eru nýkomin heim, þreytt og hálflasin af aukaverkunum malaríulyfja. Það liggur þó vel á Nirði þegar Fréttablaðið nær af honum tali; Skeljungur var að veita SPES styrk sem nemur hálfri annarri milljón. „Honum verður varið til að greiða heilbrigðisþjónustu SPES í Tógó,“ segir Njörður. „Á síðasta ári nam sá kostnaður 8.789 evrum, og er sú fjárhæð svipuð og styrkurinn í ár. Kunnum við hjá SPES Skeljungi auðvitað miklar þakkir.“

Þau eru líka hæstánægð með þann árangur sem náðst hefur á heimilinu í Kpalimé á liðnu ári, en þar búa nú 20 börn. „Þau eru öll við góða heilsu,“ segir Njörður. „Að vísu hefur malaría gert vart við sig og borið hefur á lús en við henni var brugðist skjótt.“

Góð uppskera

Uppbygging í Kpalimé hefur gengið vel. Reist hafa verið tvö svefnhýsi, eldhús og matsalir og skrifstofuhús starfsfólksins er vel á veg komið.

Lóð SPES í Kpalimé er svo stór að um helmingur hennar er nú nýttur til ræktunar maís og ávaxta.

„Maísuppskera hefur verið svo mikil að hún hefur meira en dugað fyrir heimilið og töluvert flutt til höfuðborgarinnar Lomé. Pascal Chini, umsjónarmaður með starfinu í Kpalimé, hefur unnið ákaflega gott starf og forstöðukonan Berthe hefur reynst vel.“

Fyrsti skólinn sinnar tegundar

SPES er nú að byggja skóla sem tekinn verður í notkun í byrjun næsta skólaárs, blanda af leikskóla og forskóla.

„Þetta verður fyrsti skóli sinnar tegundar í bænum. Við viljum að börnin okkar eigi kost á slíkri skólavist ásamt öðrum börnum í bænum, sem munu njóta góðs af hinum nýja skóla. Þess skal getið að íslensk hjón standa að öllu leyti að kostnaði við byggingu skólans, sem nemur um 40 þúsund evrum. Þau vilja ekki láta nafns síns getið að svo stöddu. Þetta er óvenjulega rausnarlegur styrkur og verður seint fullþakkaður.“

Áætlað er að börnunum í Kpalimé fjölgi í 30 á árinu, ef nægilega margir styrktarforeldrar finnast.

94 börn í Lomé

Fyrsta barnaþorp SPES var reist í höfuðborg Tógó, Lomé. Þar búa nú 94 börn og stendur til að bæta fjórum við á næstunni.

„Hámarksfjöldi barna í Lomé er 108, en við höfum farið okkur hægt að undanförnu til að starfsfólki gæfist tími til að ná tökum á dálitlum hegðunarvandamálum sem örlaði á. Það hefur nú tekist allvel, og því talið óhætt að fjölga börnum. Öll eru börnin við góða heilsu, kát og glöð.“

Börnunum gengur misjafnlega vel í skóla, eins og við er að búast hjá svo stórum hóp. Þau eru þó yfirleitt meðal þeirra betri í bekkjum sínum, enda fá þau sérstaka hjálp við heimavinnu.

„Tvö börn hófu nám í miðskóla síðastliðið haust og við búumst við að sex til viðbótar setjist í þann skóla að hausti, ef þeim gengur vel í vorprófum.“

Alls hafa SPES-samtökin byggt níu skólastofur fyrir barnaskólann í Lomé.

„Þessar skólastofur hafa leitt til þess að nú eru helmingi færri í hverjum bekk, eða „aðeins“ um 70. Enn er þó mikill skortur á kennslugögnum, og voru kennararnir beðnir um lista yfir brýnustu þarfir. Til viðbótar vantar fjölmörg kennslugögn og verður reynt að leysa úr þeim vanda eftir atvikum.“

Heimamenn taka þátt

Tógódeild SPES telur nú liðlega 80 meðlimi.

„Það er gaman að segja frá því, að margir félagsmenn koma reglulega á heimilið og oft færandi hendi með hrísgrjón og önnur matvæli, hreinlætisvörur og fleira nýtilegt. Það er okkur mikils virði að heimafólk taki þannig virkan þátt í starfinu af áhuga. Áætlað er að þetta fólk geti myndað eins konar vinafjölskyldur fyrir börnin að heimsækja og venjast þannig venjubundnara fjölskyldulífi.“

SKÓLAR Í NORÐUR-TÓGÓ

Að beiðni Njarðar, sem er ræðismaður Tógó, ákvað utanríkisráðuneyti Íslands að styrkja endurbyggingu skóla nyrst í Tógó sem eyðilögðust í miklum flóðum 2007 og 2009. Eyðilögðust þar 900 skólastofur. Styrkurinn nemur 80 þúsund evrum og dugir til að reisa tvo miðskóla. Var skólamálaráðherra falið að velja staði þar sem þörf væri brýn og SPES falin framkvæmd. Bera og Njörður fóru ásamt Claude Gbedey (ræðismanni Íslands) til bæjarins Kri Kri í Tchamba-héraði og lögðu hornstein að nýjum skóla með sýslumanni og þingkonu. Voru þar mikil hátíðahöld með söng, dansi og ræðuhöldum, enda var svo komið að börnin áttu engan kost á námi eftir grunnskóla. Hinn skólinn verður svo byggður enn norðar í bænum Bagré í Kpendjal-héraði. Báðir skólarnir eiga að vera fullbyggðir í upphafi nýs skólaárs að hausti.

Arghl 08022010

rekkjan
HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

Fjöldi viðskipta: 9 **Velta:** 26,2 milljónir

OMX ÍSLAND 6 834,8 **+0,29%**

MESTA HÆKKUN

FØROYA BANKI	+1,39%
ÖSSUR	+0,92%
MAREL	+0,33%

MESTA LÆKKUN

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Atlantic Airways 156,00 +0,00 ... Atlantic Petroleum 160,00 +0,00% ... Bakkavör 1,50 +0,00% ... Føroya Banki 146,00 +1,39% ... Marel 60,00 +0,92% ... Össur 164,50 +0,92%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN

nánar á visir.is

Vill opna fyrir fjárfestingar

„Við þurfum á fjárfestingu í atvinnulífinu að halda. Ef menn vilja fjárfesta í eignarhlutum í íslenskum fyrirtækjum er það besta mál, ekki veitir af," segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.

Fram kom í Markaðnum, viðskiptablaði Fréttablaðsins, fyrir viku að stjórnvöld leiti ýmissa leiða, bæði hefðbundinna og óhefðbundinna, til að gera erlendum aðilum, sem eiga krónur sem keyptar voru á aflandsmörkuðum eftir að gjaldeyrishöft voru sett í nóvember 2008, kleift að fjárfesta í íslenskum fyrirtækjum. Það er bannað nú, samkvæmt reglum Seðlabankans um gjaldeyrisviðskipti.

Stjórnvöld hafa ekki átt í samræðum við SA um málið. „Gjaldeyrishöftin eru til þess að halda fjármagninu í hagkerfinu. Ef þeir sem eiga peninga vilja halda þeim inni er ekkert nema gott um það að segja. Ég tel að ef menn eru reiðubúnir til að fjárfesta hér eru þeir ólíklegri til að fara með þá út," segir

VILHJÁLMUR EGILSSON Atvinnulífinu hér veitir ekki af fjármagni, að sögn framkvæmdastjóra Samtaka atvinnulífsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Kröfuhafar BM Vallár funda

Kröfuhöfum BM Vallár var sent bréf í gær þar sem þeim voru kynntar hugmyndir að fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækisins og upplýsingar um þýðingu greiðslustöðvunar.

Kröfuhafar BM Vallár eru rúmlega fjögur hundruð, jafnt innlendir sem erlendir. Stærstir þeirra eru Arion Banki, Nýi Landsbankinn (NBI) og Lýsing. Smærri kröfuhafar eru fjölmargir, að sögn Óskars Sigurðssonar, lögmanns og aðstoðarmanns BM Vallár í greiðslustöðvunarferlinu.

Ráðgert er að kynna kröfuhöfum endurskipulagninguna á fundi á Hilton Reykjavík Nordica 19. febrúar næstkomandi. - jab

Styður dreift eignarhald til framtíðar

„Arion banka er í lófa lagið að tryggja dreifða eignaraðild í útboði Haga," segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar. Hann segir algengt að setja skilmála á borð við hverjir fái forkaupsrétt og hversu mikið megi kaupa í hlutafjárútboðum. Skilmálar geti einnig lagt grunn að eignarhaldi fyrirtækja eftir skráningu þeirra.

Í síðustu viku var greint frá því að Hagar verði skráðir á markað en gert er ráð fyrir að fjárfestar geti keypt hlutabréf í fyrirtækinu á seinni hluta árs. Finnur Sveinbjörnsson, bankastjóri Arion banka, sagði í samtali við Fréttablaðið um síðustu helgi að rætt væri um að bjóða lífeyrissjóðum að borðinu sem mótvægi í eigendahópnum.

Aðkoma Jóhannesar Jónssonar, stofnanda Bónuss, og stjórnenda Haga hefur verið gagnrýnd enda vangaveltur um að þeir stefni að yfirtöku verslanasamstæðunnar og afskráningu hennar. Þórður segir að eftir að fyrirtæki hafi verið skráð sé útilokað að sjá fyrir hvað gerist. Hlutabréfin gangi einfaldlega kaupum og sölum eftir því hvað hver og einn telur sér hag af. Hann bendir á að í raun geti hver sem fjárhagslega burði hafi reynt

FORSTJÓRI KAUPHALLAR Hagkvæmt getur verið fyrir fyrirtæki á borð við Haga að vera í dreiðri eignaraðild til framtíðar, að mati Þórðar Friðjónssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

við yfirtöku á Högum, en það myndi þá alltaf gerast innan viðeigandi lagaramma og reglna. Slíkt gerist aðeins fyrir opnum tjöldum þar sem yfirtökuskylda miðast við þrjátíu prósent nú í stað fjörutíu áður. „En ég tel það geta verið hagkvæmt fyrir fyrirtæki af þessari gerð að vera í dreiðri eignaraðild á gegnsæjum markaði til framtíðar," segir hann. „Metnaðarfullt og vel rekið fyrirtæki í þessari grein getur gert góða hluti á markaði." - jab

BAUGS-LIÐAR EIGA LÍTIÐ Í HÖGUM

Fátt er sameiginlegt með skráningu Haga og annarra fyrirtækja sem Jóhannes Jónsson, stofnandi Bónuss, og fjölskylda hans hefur tengst og verið skráð á markað í gegnum tíðina.

Fjárfestingarfélag fjölskyldunnar, Gaumur, átti 25 prósent og Fjárfestingarbanki atvinnulífsins (FBA) 36,5 prósent í Baugi Group þegar félagið var skráð á markað fyrir ellefu árum. Aðeins fimmtán prósent bréfa Baugs Group fóru á markað.

Þá átti Baugur Group fjörutíu prósent í tískuvörukeðjunni Mosaic Fashions fyrir skráningu þess í júní 2005. Kaupþing átti 11,2 prósent.

Öðru máli gegnir um Haga nú. Kaupþing á 95,7 prósent í félaginu en stjórnendur og verslunin afganginn. Fyrri eigendur og stjórnendur fá að kaupa samtals fimmtán prósenta hlut fyrir skráninguna.

Tíu fyrirtæki í smásölurekstri af ýmsum toga hafa verið skráð á hlutabréfamarkað hér síðastliðin tuttugu ár. Þar á meðal er Olíuverslun Íslands, ACO-Tæknival og Plastprent ásamt Húsasmiðjunni. Fyrirtækin voru á markaði allt frá tveimur árum til þrettán. Nýherji er eina félagið sem þar er enn. Félagið var skráð á markað í október 1997.

ÚTSALA

VERÐIÐ ER GOTT - PARKETIÐ GLÆSILEGT

PARKET VERKSMIÐJAN

Gegnheilt eikarparket
Verð aðeins: 3.990 m2
Takmarkað magn

Síðumúla 31 - Sími: 581 2220
www.parketverksmidjan.is

Opið: 12 - 18 virka daga,
11 - 14 laugardaga

BÍLAR Á GÖTUM HÖFUÐBORGARINNAR Talið er að um sextíu þúsund bílar séu í rekstrarleigu og á bílalánum eignaleigufyrirtækja í landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fólk í miklum vanskilum skemmir bílana

Vanskil einstaklinga og fyrirtækja með bíla í rekstrarleigu hafa aukist milli ára. Dæmi eru um að viðskiptavinir skemmi bíla og taki vélarhluta úr þeim áður en þeim er skilað.

„Við reynum að bregðast við vanda viðskiptavina okkar. En oft dugir það ekki til. Við getum ekki gert meira en í boði er," segir Kjartan Gunnarsson, framkvæmdastjóri SP-Fjármögnunar. Hann er langþreyttur á háværum mótmælum viðskiptavina eignaleigufyrirtækja. Nokkrir hinna háværustu hafa lengi glímt við fjármagnserfiðleika, sumir ekki greitt fyrstu afborgun af rekstrarleigu en koma fram í fjölmiðlum sem fórnarlömb, að hans sögn.

Talið er að í kringum sextíu þúsund bílar séu í rekstrarleigu hjá einstaklingum og fyrirtækjum í landinu. Kjartan segir vanskil hafa aukist en vill hvorki nefna breytingu á milli ára né hversu marga bíla SP-Fjármögnun hafi tekið af fólki. Hann segir suma viðskiptavini trega til að láta bílana af hendi.

Dæmi eru um að viðskiptavinir SP-Fjármögnunar hafi skemmt bíla sem þeir höfðu í leigu áður en fyrirtækið gekk að þeim. Í sumum tilvikum eru þeir gjörónýtir. Á borði Kjartans eru nú þrjú mál af þessum toga. Þar er um að ræða tvo vélsleða og Porsche-sportbíl, sem búið er að taka vélar úr, og nýlegan Volvo, sem dekkin hafa verið tekin undan. Þá leikur grunur á að bílar sem ekki finnast hafi verið sendir úr landi. „Það er hreinn og klár þjófnaður," segir hann.

Forsvarsmenn annarra eignaleiga segja vanskil hafa aukist og einhverjar skemmdir unnar á bílunum.

Halldór Jörgensson, forstjóri Lýsingar, segir alltaf eitthvað um þær.

Magnús Gunnarsson, framkvæmdastjóri Avant, bendir á að misjafn sauður sé í mörgu fé. Hann vill þó ekki taka undir að viðskiptavinir skemmi bíla í rekstrarleigu. „Það koma alltaf upp tilvik sem við myndum vilja hafa öðruvísi," segir hann. Þótt vanskil hafi aukist milli ára sé það í hlutfalli við mikla fjölgun lánasamninga, að hans sögn. jonab@frettabladid.is

CentralBanking.com vekur athygli á ræðu Más Guðmundssonar:

Evrópulöggjöf um að kenna

EFNAHAGSMÁL „Regluverk Evrópusambandsins um starfsemi banka yfir landamæri var stórgallað þar sem það heimilaði frjálst flæði fjármagns og bankaþjónustu með innlend öryggisnet og áfallastjórnun." Vefritið CentralBanking.com tekur upp þessi orð Más Guðmundssonar seðlabankastjóra í frétt, en þau viðhafði hann í Bergen í Noregi í janúarbyrjun.

Í ræðunni sagði Már að þörf væri á aukinni yfirstjórn á vettvangi Evrópusambandsins, auk þess sem huga þyrfti að innlánatryggingum, áfallastjórnun og ákvarðanaferli í dæmum banka sem störfuðu í fleiri en einu landi.

MÁR GUÐMUNDSSON Seðlabankastjóri sótti heim Norðmenn í byrjun janúar og flutti erindi á ráðstefnu FIBE í Bergen. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Már segir í ræðunni nýjar skýrslur þar sem lagðar eru til endurbætur í fjármálaumhverfi heimsins, svo sem þær sem kenndar eru við De Laosière og við Turner, gangi ekki nógu langt og myndu ekki nægja til að afstýra þeim vanda sem hér var uppi. Litið væri ranglega á vanda Íslands í því ljósi að eftirlitsstofnanir hafi brugðist, en það sé ekki nema að hluta rétt.

Már bendir líka í ræðunni á að fleiri hafi séð fyrir möguleikann á falli íslensku bankanna en marga gruni. Vísaði hann til eigin ræðu í maí 2007 sem finna megi á vef Alþjóðabankans í Basel (BIS). Þar segir hann að seðlabönkum kunni að reynast erfitt og jafnvel ómögulegt að reiða fram neyðarfjármagn handa alþjóðlegum bönkum og að Ísland væri dæmi um það. - óká

Betra verð

Gæði, þjónusta og ábyrgð - það er TENGI

TENGI

IFÖ Next sturtuklefi 80x80
Verð kr. **99.900,-**

Mora FMM sturtusett
Verð kr. **4.980,-**

IFÖ innrétting 75 cm
Verð kr. **69.900,-**

Sphinx Lugano borðhandlaug
Verð kr. **9.960,-**

IFÖ salerni með setu
Verð kr. **34.900,-**

Mora FMM eldhústæki
Verð kr. **9.960,-**

Sphinx upphengt salerni, geberit kassi, seta og spjald
Verð kr. **55.900,-**

Adrian stál ræstivaskur
Verð kr. **22.900,-**

Mora MMix sturtutæki m/uppstút
Verð kr. **26.300,-**

Mora sturtut. með upp/niðurst.
Verð kr.**17.500,-**



Mora FMM handlaugartæki
Verð kr. **9.960,-**

Fagmennska í fyrirrúmi

Smiðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050

Opið virka daga frá 8-18 laugardaga frá 10-15 • www. tengi.is • tengi@tengi.is

skoðun

greinar@frettabladid.is

Hlutfall kvenna í stjórnum fyrirtækja er fáránlega lágt.

Fyrirtækin verða stöðnun að bráð

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Á Íslandi hefur 4.321 fyrirtæki á að skipa stjórnum með jöfnu kynjahlutfalli, þ.e. 40/60 hlutfall eða einn fulltrúi annars kynsins situr í þriggja manna stjórn. Full ástæða er til að hampa þessum fyrirtækjum en því miður alls ekki tímabært að fagna góðum árangri. Á sama tíma eru nefnilega 22.327 fyrirtæki á Íslandi með stjórnir sem eingöngu eru skipaðar körlum. Þetta má lesa úr gögnum sem safnað hefur verið af Creditinfo.

Í nýlegri rannsókn Creditinfo er sýnt fram á að fyrirtækjum þar sem bæði kyn eru í stjórn vegnar betur en fyrirtækjum þar sem stjórnin er eingöngu skipuð körlum. Þessi fyrirtæki sýna einfaldlega betri útkomu í rekstri.

Einnig kemur í ljós að í 95% fyrirtækja þar sem eingöngu karlmenn sitja í stjórn eru ráðnir karlmenn í störf forstjóra eða framkvæmdastjóra. Það liggur því fyrir að ef auka á hlutdeild kvenna í stjórnunarstörfum á almennum vinnumarkaði þá verður að byrja á byrjuninni sem er að jafna kynjahlutfallið í stjórnum félaganna. Og það er brýnt að auka hlut kvenna á toppnum í fyrirtækjunum, ekki síst sé litið til þess að fyrirtæki sem stýrt er af konum sýna betri arðsemi eigin fjár en fyrirtæki undir stjórn karla, auk þess sem þau eru ólíklegri til að vera í vanskilum.

Tæpt ár er liðið síðan undirritaður var samstarfssamningur Samtaka atvinnulífsins, Félags kvenna í atvinnurekstri og Verslunarráðs Íslands um að fjölga konum í forystusveit íslensks atvinnulífs með það að markmiði að hlutur hvors kyns verði ekki undir 40%. Það verður fróðlegt að fylgjast með árangrinum í vor þegar ár er liðið frá undirritun samningsins og aðalfundir flestra fyrirtækja verður um garð genginn. Boltinn er nú hjá fyrirtækjunum og rétt að gefa þeim kost á að grípa hann og skora.

Þolinmæðin er hins vegar ekki óþrjótandi og vera kann að setja þurfi fyrirtækjunum umferðarreglur til að fara eftir. Þannig kann að reynast nauðsynlegt að áskilja fyrirtækjum að skipa stjórnir sínar í jöfnum kynjahlutföllum rétt eins og ökumönnum er áskilið að halda sig innan ákveðins hámarkshraða.

Tæplega tuttugu prósent stjórnarmanna í hlutafélögum á Íslandi eru konur. Hlutfallið er hins vegar 51 prósent sé litið til varastjórna. Þorri þeirra kvenna er áreiðanlega meira en tilbúinn til að taka sæti í aðalstjórn. Klisjan um að konur séu ekki tilbúnar til að takast á við stjórnarsetu heldur því engan veginn.

Samtök atvinnulífsins, Félag kvenna í atvinnurekstri, Viðskiptaráð Íslands, Leiðtoga-Auður, iðnaðarráðuneytið, efnahags- og viðskiptaráðuneyti og Creditinfo efndu í gær til þings þar sem fjallað var um fjölbreytni í forystu fyrirtækja. Aldrei hafa fleiri karlmenn sést á fundi þar sem jafnréttismál kynja eru til umfjöllunar en hlutfall þeirra var 43 prósent.

Vænta má þess að allir þessir karlar hafi komið út af fundinum nokkru meðvitaðri um þau verkefni sem fram undan eru til að auka hlut kvenna við stjórnun fyrirtækja á Íslandi, öllum til hagsbóta vel að merkja. Nú þarf að bretta upp ermarnar.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Gerir ráð fyrir

Steingrímur J. Sigfússon hefur á langri pólitískri ævi ekki átt í vandræðum með að orða hlutina. Það hefur heldur ekki vafist fyrir honum að krefja ráðamenn á hverjum tíma um hvers kyns upplýsingar. Nú er hann sjálfur í ríkisstjórn. Fréttir berast af komu nafngreindra útlendinga vegna Icesave. Þegar Steingrímur er spurður hvert hlutverk þeirra eigi að vera svarar hann: „Ég geri ráð fyrir því að við munum njóta þeirra krafta.“ Frekari upplýsingar fær íslensk þjóð ekki frá Steingrími J. Sigfússyni.

Hver á kvótann?

Útgerðarmenn blása nú til funda og lýsa hve skaðleg fyrningarleiðin er. Þeim er mikið niðri fyrir enda miklir hagsmunirnir í húfi. Annar eins slátt-ur hefur ekki verið á stéttinni síðan hér um árið þegar þeir í auglýsingum birtu myndir af ungum stúlkum á stuttermabolum og sögðu að þær ættu kvótann. Rökin voru þau að mörg sjávarútvegsfyrirtæki voru í þá daga almenningshlutafélög. Hvað eru mörg í slíku formi í dag? Hver á kvótann í dag? Er ekki kominn tími á nýja auglýsingaherferð?

Smekklegir

Snilldin ein rann upp úr Sóloni Sigurðssyni, fyrrverandi bankastjóra Búnaðarbankans, á RÚV í fyrradag. Meðal þess sem stendur eftir er að Halldór J. Kristjánsson í Landsbankanum virðist í störfum sínum hafa stjórnast af einhverju öðru en hagsmunum banka þegar hann erindaðist fyrir Björgólfsfeðga. „Þú lánar þeim af því að við lánuðum S-hópnum fyrir Búnaðarbankanum,“ sagði hann við Sólon. „Já og á miklu betri kjörum en nokkrum öðrum bjóðast,“ bætti hann við. Þegar allt var um garð gengið réðust feðgarnir inn í Búnaðarbankann og sópuðu þar til sín, því sem þá var talið, færasta fólkið í faginu.

bjorn@frettabladid.is

Svik samábyrgðarinnar

ÞORVALDUR GYLFASON
Í DAG | Viðhorf og hugarfar

Þegar Berlínarmúrinn var brotinn niður 1989 og veldi kommúnista hrundi eftir það til grunna um alla Austur-Evrópu og Sovétríkin, beið þjóðanna þar risavaxið verkefni. Þær þurftu að reisa frjálst samfélag á rústum kommúnismans og taka upp markaðsbúskap í stað miðstjórnar, lýðræði í stað einræðis. Þetta tókst, en misvel. Ein helzta hindrunin í vegi umskiptanna var íhaldssamt hugarfar, fast í viðjum gamalla boða og banna, gamals ótta, gamallar spillingar. Og þá gengu hinir óttalausu á lagið og sölsuðu undir sig eigur almennings. Önnur hindrun var gömlu kommúnistarnir: hvað átti að gera við þá? Átti að draga þá til ábyrgðar á óhæfuverkunum, sem þeir höfðu fyrirskipað eða framið? Þeir höfðu ekki bara brotið mannréttindi, heldur einnig lagt líf mikils fjölda fólks í rúst. Áttu þeir að sleppa fyrir þá sök, að þeir höfðu sjálfir með ofbeldi breytt lögunum sér í hag, svo að eftir þeirra lögum voru óhæfuverkin lögleg? Hvernig átti að taka á þessu?

Ábyrgð að lögum

Ýmsar leiðir voru farnar. Sjáseskúhjónin í Rúmeníu, Nikolaí og Elena, voru drepin án dóms og laga. Erich Honecker, næstsíðasti leiðtogi Austur-Þýzkalands, var dreginn fyrir dóm og ákærður fyrir morð á flóttamönnum við múrinn og ýmis efnahagsbrot, en honum var sleppt vegna veikinda, hann flúði til Síle og gekk þar gæsagang fram í andlátið. Eftirmaður hans, Egon Krenz, átti ekki slíku heilsuleysi að fagna. Hann var dæmdur í sex og hálfs árs fangelsi. Fleiri dómar gengu. Þjóðverjar sýndu strax eftir stríð, að þeir kunna að horfast í augu við sjálfa sig og skrá sögu sína rétt. Japanar kunna það ekki.

Í Póllandi var Wojciech Jaruzelski hershöfðingi, síðasti kommúnistaleiðtoginn, dreginn fyrir dóm eftir dúk og disk. Hann varði sig með því, að hann hefði neyðzt til að taka völdin í sínar hendur, því að ella hefði Rauði herinn ráðizt inn í landið. Pólverjar hafa verið á báðum áttum, en nú fjölgar þeim, sem telja rétt að svipta hulunni af fortíðinni og refsa þeim, sem brutu af sér. Þetta fólk segir: við þurftum fyrsta kastið að verja öllum okkar kröftum til að reisa Pólland við, en nú er því verki lokið, landið er komið inn í Evrópusambandið, svo að nú getum við snúið okkur að uppgjörinu, sem við slógum á frest. Nýlega ákvað pólska þingið að skerða eftirlaun Jaruzelskis og 40.000 annarra, sem unnu fyrir pólsku leyniþjónustuna. En ekki hvað? Hví skyldi þetta fólk fá að halda sjálfteknum eftirlaunum fyrir að leggja landið í rúst? Á heildina litið hefur fáum verið refsað úr hópi þeirra, sem báru mesta ábyrgð á mannréttindabrotum og öðrum glæpum kommúnista í Mið- og Austur-Evrópu og Sovétríkjunum. Í Austur-Evrópu og Eystrasaltslöndunum reyna menn þó að skrá söguna rétt. Í Vilníus, höfuðborg Litháens, hefur pyntingarklefum leyniþjónustunnar KGB verið breytt í safn, svo að fortíðin gleymist síður.

„Stjórnmálahagsmunir ráða öllu“

Íslendingum ríður einnig á að leysa sig úr viðjum gamals hugarfars og hefja sig yfir flokkadrætti. Augu umheimsins hvíla á landinu og uppgjöri þjóðarinnar við erlenda lánardrottna og eigin fortíð. Hvað sjá öll þessi erlendu augu? Þau sjá land, þar sem menn fjargviðrast yfir flísunum í augum andstæðinga sinna og þykjast ekki sjá bjálkana í augum eigin flokksmanna. Hefur nokkur alþingismaður Sjálfstæðisflokksins fett fingur út í Landsbankann? – bankann, sem færði okkur IceSave. Hefur nokkur forustumaður þess flokks óskað eftir skýringum á fjármálum Björgólfs Guðmundssonar? Gjaldþrot Björgólfs skildi lánardrottna hans eftir með fallnar kröfur, sem nema þrjátíuþúsundföldum árslaunum lögregluþjóns. Þar af nemur ógreidd skuld hans við gamla Landsbankann, sem hann átti og stjórnaði, tuttuguþúsundföldum árslaunum lögregluþjóns. Landsbankinn, með framkvæmdastjóra Sjálfstæðisflokksins við hlið Björgólfs í bankaráðinu, lánaði Björgólfi sem sagt tuttuguþúsundföld árslaun lögregluþjóns án haldbærra veða. Þögn sjálfstæðismanna um þennan þátt hrunsins er hávær. Framkvæmdastjórinn situr nú í miðstjórn flokksins.

Nú þyrfti Sjálfstæðisflokkurinn að eiga mann á borð við Bjarna Benediktsson. Hann skrifaði Pétri bróður sínum 1934: „Bersýnilegt er, að þjóðlífið er sjúkt. Kemur það ekki einungis fram í svikunum sjálfum, heldur einnig því, að raunverulega „indignation“ er hvergi að finna hjá ráðandi mönnum, persónuleg vild eða óvild og stjórnmálahagsmunir ráða öllu, á báða bóga, um hver afstaða er tekin. Slíkt fær ekki staðizt til lengdar. Dagar linkindarinnar og svika samábyrgðarinnar hljóta að fara að styttast.“

Blindur leiðir haltan

UMRÆÐAN
Guðrún Guðlaugsdóttir skrifar um eftirmál hrunsins

GUÐRÚN GUÐLAUGSDÓTTIR

Haltur leiðir blindan er fremur geðfellt hugtak og merkir tvo einstaklinga sem báðir eru ófullkomnir en bæta hvor annan upp þegar þeir þokast áfram lífsveginn. Öllu óviðfelldnari er sú mynd að blindur hafi forystuna og leiði hinn halta á vegferðinni. Við þá hugsýn fer maður strax að óttast að slíkum tveimur einstaklingum hlekkist á.

Á Íslandi hefur hið síðara orðið raunin og leiddi það til bankahruns. Siðblindingjar eru víst allt að 3.000 hér á landi, séu rannsóknir í Bandaríkjunum yfirfærðar á mannfjölda hér. Þeir siðblindu leiddu hina siðferðilega haltrandi sem reyndust nægilega margir til þess að hið óskyggilega ferðalag endaði í verulega harkalegum árekstri sem allir hér eru nú að blæða fyrir, fjárhagslega og andlega. Siðblindingjar geta víst ekki séð villu sína og eiga alltaf málsbætur sjálfum sér til handa, hversu slæmt sem framferði þeirra er gagnvart öðrum. Öllu einkennilegra er að þeir sem hafa sjón en eru siðferðilega haltrandi neiti að opna augun og viðurkenna hvað aflaga hefur farið á vegferðinni.

Of margir neita að sjá villuna sem þeir létu leiða sig í. Sumir taka aukinheldur upp háttalag siðblindingjans og finna afsökun fyrir því alvarlega ástandi sem þeir hafa fyrir tilstilli siðblindingjans leitt yfir þjóð sína. Það er alltaf slæmt þegar hópar fólks láta gera sig þannig að hálfblindum hjarðdýrum sem ana áfram án þess að staldra við.

Nú þarf fólk að opna augun og fá nýja sýn á framtíðina. Það er vænlegra til árangurs að skoða hvað aflaga hefur farið en gera útlendinga að blóraböglum fyrir vandræðum okkar. Varla skilar heldur góðum árangri að ráðast gegn því fólki sem er að reyna að rétta kúrsinn eftir villuferðina. Það er mikilvægt að varast aðferðir siðblindingja – upphróp-anir og afneitun. Við þurfum vandað hugarfar til að móta nýtt Ísland og efnahagslegt svigrúm svo það takist.

Höfundur er blaðamaður og rithöfundur.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
MENNING: Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

ÍSLENSKA SÍALÍS SAL A8478 02/10

VIRKJUM KARLA & KONUR

FYRIRMYNDIR Í FORYSTU

SAMKVÆMT RANNSÓKN CREDITINFO ERU 4.321 FYRIRTÆKI Á ÍSLANDI MEÐ BLANDAÐAR STJÓRNIR KARLA OG KVENNA OG JAFNT KYNJAHLUTFALL. FRAM TIL LOKA ÁRSINS 2013 HEFUR VIÐSKIPTALÍFIÐ SETT SÉR ÞAÐ MARKMIÐ AÐ AUKA FJÖLBREYTNI ATVINNULÍFSINS ENN FREKAR.

RANNSÓKN CREDITINFO SÝNIR AÐ FYRIRTÆKI SEM STOFNUÐ ERU AF BÁÐUM KYNJUM ERU LÍKLEGUST TIL AÐ LIFA OG BLANDAÐAR STJÓRNIR KARLA OG KVENNA HAFA REYNST BEST ÞEGAR KEMUR AÐ ÁRANGRI Í REKSTRI.

Þann 15. maí 2009 undirrituðu **SA**, **FKA**, **VÍ** og **CREDITINFO** samstarfssamning um að fjölga konum í forystusveit íslensks atvinnulífs til loka ársins 2013 þannig að hlutur hvors kyns verði ekki undir 40%. Allir stjórnmálaflokkar sem sæti eiga á Alþingi skrifuðu undir samninginn og veita honum stuðning sinn. Creditinfo mælir árlega árangur verkefnisins.

Í gær bættust tvö fyrirtæki í hóp íslenskra fyrirmyndarfyrirtækja og skrifuðu undir samninginn á ráðstefnunni **VIRKJUM KARLA OG KONUR**.

AÐSTANDENDUR RÁÐSTEFNUNNAR FAGNA FRAMSÝNI **EDDU ÚTGÁFU** og **MANNVITS** OG HVETJA FLEIRI TIL AÐ FETA Í FÓTSPOR ÞEIRRA.

SÝNUM FJÖLBREYTNI Í FORYSTU

CREDITINFO | IÐNAÐAR-RÁÐUNEYTIÐ | LEIÐTOGA-AUÐUR | EFNAHAGS- OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTI | FÉLAG KVENNA Í ATVINNUREKSTRI | VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS | SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Staðreyndir og blekkingar

UMRÆÐAN
Þórólfur Matthíasson svarar Ögmundi Jónassyni

ÞÓRÓLFUR MATTHÍASSON

Ögmundur Jónasson sendir mér tóninn á heimasíðu sinni auk þess að veita málglöðum einstaklingum sem bera nöfn eins og Pétur, Aðalsteinn eða Árni athvarf á þessari sömu síðu. Svo undarlega vill til að þessir bréfavinir Ögmundar eru allir á sama máli og hann. Vera kann að þetta marghenta vefsíðu-orgelspil sé verk margra manna. En hvort sem Ögmundur er margur eða einn í þessum skrifum er eitt víst og það er að þau auka ekki gæði þjóðfélagsumræðunnar á Íslandi. Síðasta pistil sinn kallar Ögmundur Hættum blekkingum! Þann pistil mun hann einnig hafa birt í Morgunblaðinu.

Um fá mál hafa verið jafn skiptar skoðanir hér á landi og um hvernig gengið skuli frá skuldamálum Tryggingarsjóðs innstæðueigenda vegna IceSave-reikninganna í Bretlandi og Hollandi enda eru á málinu margar hliðar. Í augnablikinu virðist sem Ögmundur og meirihluti kjósenda eigi samleið í andstöðu við lausnartilburði ríkisstjórnarinnar. Þetta að eiga samleið með meirihlutanum er líklega ný staða fyrir hann. Og nú bregður svo við að Ögmundur vill ekki að þeir sem skoða málið frá öðrum vinklum en hann sjálfur geri grein fyrir skoðunum sínum og niðurstöðum á erlendum vettvangi. Það hefði nú einhvern tíma þótt saga til næsta bæjar.

Ögmundur, sem var verkalýðsforingi í mörg ár, gagnrýnir aðferð mína við að meta skuldbindingar Íslendinga vegna fyrirliggjandi samnings um greiðslu IceSave-skuldarinnar. Það kemur mér á óvart því aðferðafræðin er nákvæmlega sú sama og beitt er þegar kjarasamningar og samningstilboð þeim tengd eru metin. Upphæðir sem falla til á ólíkum tímum eru færðar á sambærilegt verðlag og greiðslustraumar eru núvirtir. Dæmi: Setjum sem svo að viðsemjendur Ögmundar verkalýðsforingja setji hann í þá pínu að velja milli 10.000 króna eingreiðslu 1. maí eða segjum 12.000 króna eingreiðslu 1. desember. Hvor kosturinn er betri fer eftir verðlagsþróun og ávöxtunarkröfu.

Til að meta það og ákveða hvorn kostinn skuli velja þarf að staðvirða og núvirða! Sé það ekki gert er hætt við því að verkalýðsforinginn samþykki lakara tilboðið og snuði þannig umbjóðendur sína. En þegar kemur að skuldbindingum Tryggingarsjóðs innstæðueigenda er sú aðferðafræði sem góðir verkalýðsforingjar nota í kjarasamningum allt í einu stórhættuleg, að ekki sé sagt þjóðhættuleg að áliti Ögmundar!

Það er stefna Englandsbanka að halda verðbólgu í Bretlandi innan við 3% á ári. Það er samdóma álit hagfræðinga að sú barátta verði bankanum erfið nokkur næstu ár vegna mikils hallareksturs breska ríkisins. Verði verðbólga að meðaltali 2,5% á ári næstu 15 ár mun eitt pund hafa tapað 30% af verðgildi sínu við lok tímabilsins. Séu opinberir reiknivextir 6% er staðgreiðsluvirði 70 pensa sem falla til greiðslu eftir 15 ár rétt innan við 30 pens. Ég vona að það falli ekki undir blekkingar að ljóstra þessu upp. Sé IceSave-skuldbindingin staðvirt og núvirt er verðmæti hennar á bilinu 120 til 180 milljarðar króna, allt eftir því hvaða ávöxtunarkrafa er gerð og hvaða forsendur eru settar fram um verðlagsþróun í Bretlandi og Hollandi.

Fullyrðingar um að kostnaður við lausn IceSave-deilunnar séu 700 milljarðar eru blekkingar. Leiða má líkur að því að núvirtur kostnaður af að fresta því að leysa IceSave-málið sé margfaldur á við þá 120-180 milljarða sem fyrirliggjandi samningur kostar.

Höfundur er prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands.

Tólf rök með Evrópusambandsaðild Íslands

UMRÆÐAN
Benedikt Jóhannesson skrifar um Evrópusambandsaðild

BENEDIKT JÓHANNESSON

1. Stjórnmálastöðugleiki
Allt frá stríðslokum hafa íslensk stjórnvöld valið að skipa sér í sveit með vestrænum lýðræðisþjóðum. Stærstu áfangarnir voru árið 1949, en þá gengu Íslendingar í NATO, árið 1970 gengum við í EFTA og árið 1993 þegar Ísland varð aðili að EES-svæðinu. Þessi samtök hafa staðið vörð um lýðræði, frelsi og efnahagsframfarir. Samvinnan er hornsteinn að utanríkisstefnu Íslands. Síðan Bandaríkjamenn ákváðu einhliða að flytja herlið sitt úr landi hefur sambandið við þá ekki verið náið. Þeir höfnuðu því t.d. að veita Seðlabanka Íslands lán árið 2008 þegar eftir því var leitað. Norðurlandasamvinna hefur líka verið Íslendingum mikilvæg, en aðeins Norðmenn og Færeyingar eru nú utan Evrópusambandsins. Stefna Evrópusambandsins hefur mjög mikil áhrif á öll ríki á Norðurlöndum. Smáþjóð verður að eiga bandamenn þegar hún lendir í vanda.

2. Efnahagsstöðugleiki
Um langt skeið hefur íslenska krónan ógnað efnahagslegu sjálfstæði landsmanna. Opið hagkerfi með lítinn gjaldmiðil er auðveldur skotspónn erlendra og innlendra spákaupmanna. Á árunum 2001-2008 var krónan lengst af allt of hátt skráð. Þannig vann hún gegn hagsmunum útflutningsgreina sem veiktust og þurftu að skuldsetja sig mikið. Nú er hún svo lágt skráð að ungt fólk á erfitt með að sækja nám erlendis og erlend lyf og matvæli hafa tvöfaldast í verði. Ferðalög til útlanda eru nú forréttindi þeirra ríku. Laun á Íslandi eru svo lág að margt ungt fólk íhugar að flytja úr landi. Stöðugt efnahagsumhverfi og trú viðskiptalanda á Íslandi eru forsendur þess að þjóðin geti byggt upp atvinnulíf sem getur selt verðmætar vörur og þjónustu úr landi. Sveiflur ógna bæði fyrirtækjum og einstaklingum.

3. Bein áhrif á framgang alþjóðamála
Með inngöngu í Evrópusambandið myndu Íslendingar hafa beina aðkomu að setningu fjölmargra laga og reglugerða sem munu hafa áhrif á Íslandi um langa framtíð. Innan Evrópusambandsins hafa fulltrúar smáþjóða mjög víða mikil áhrif. Sem dæmi má nefna að æðsta embætti sambandsins er nú í höndum Belga.

4. Evrópusambandið er hagsmunasamband ríkja
Einn aðalkosturinn við Evrópusambandið er samræming laga og reglna á ýmsum sviðum. Það er grunnurinn að frjálsum og opnum markaði. Hins vegar er Evrópusambandið samband 27 fullvalda ríkja. Danir hafa verið í Evrópusambandinu í tæplega 40 ár og halda hnarreistir fullveldi sínu. Í Danmörku blaktir danski fáninn Dannebrog alls staðar við hún og Evrópufáninn er sjaldséður. Engum dettur í hug að líkja Evrópukeppni í neinni íþrótt við innanlandsmót.

5. Grunngildi Evrópusambandsins eru góð
Meðal grunngilda Evrópusambandsins eru friður, frelsi, mannréttindi, jafnrétti og umhverfisvernd. Margt af þessu finnst Íslendingum svo sjálfsagt að ekki þurfi að hafa af því áhyggjur. En með aðild væru Íslendingar að leggja áherslu á að þeir vilji taka þátt í því að vernda þessi gildi, ekki bara á Íslandi heldur í allri Evrópu. Stór hluti þeirra landa sem nú er í Evrópusambandinu þurfti í áratugi að vera án þessara réttinda, sem Íslendingar telja sjálfsögð. Sagan sýnir okkur að ekkert slíkt er sjálfgefið.

6. Styrkari samningsstaða út á við
Evrópusambandið hefur gert fjölmarga alþjóðasamninga og hefur á að skipa sérfræðingum á öllum sviðum alþjóðamála. Íslendingar myndu njóta þess að vera í liði með færustu sérfræðingum heims.

7. Áhersla á lítil menningarsvæði
Ein grunnstefna Evrópusambandsins er að þúsund blóm blómstri eins og Maó formaður sagði á sínum tíma. Ólíkt formanninum hefur Evrópusambandið fylgt þessari stefnu í verki. Lítil málsvæði hafa fengið stuðning og miklum fjármunum er varið til þess að þýða bækur frá smáþjóðum yfir á önnur mál og öfugt. Nú síðast var keltneska tekin upp sem eitt af opinberum málum sambandsins, en hún hefur átt í vök að verjast á Bretlandseyjum eins og alþekkt er.

Kostnaður Íslendinga við það að standa utan Evrópusambandsins og Evrópska myntbandalagsins hefur verið óskaplegur. Ungt fólk sem vill koma sér þaki yfir höfuðið hefur þurft að borga margfalda vexti á við jafnaldra sína í öðrum löndum.

8. Íslendingar hefðu mikil áhrif
Á Evrópuþinginu sitja nú rúmlega 700 þingmenn. Enginn þeirra kemur frá Íslandi. Við inngöngu fengju Íslendingar 6 menn á þingið eða um 1% þingmanna. Hér á landi yrðu rúmlega 50 þúsund manns bakvið hvern þingmann á Evrópuþinginu en í Svíþjóð er tæplega hálf milljón manna að baki hverjum Evrópuþingmanni og tæplega milljón í Þýskalandi. Íslendingar fengju fulltrúa í framkvæmdastjórn og líklegt er að Íslendingar yrðu í lykilhlutverki í sjávarútvegsmálum.

9. Íslendingar halda öllum sínum auðlindum
Helstu náttúruauðlindir Íslendinga eru fallvötnin, hitinn í iðrum jarðar, náttúran og fiskur í hafinu. Ekkert mun breytast varðandi þrennt það fyrsttalda. Evrópusambandið hefur ekki sameiginleg auðlindayfirráð og þær reglur sem gilda um stjórn orkuauðlinda hafa þegar verið teknar inn í íslensk lög vegna EES-sáttmálans.

Hins vegar er í Evrópusambandinu sameiginleg fiskveiðistefna. Meginástæðan fyrir henni er að strandlengja meginlands Evrópu nær yfir fjölmörg ríki og ekkert Evrópuríki er sambærilegt við Ísland sem er eyja í miðju Atlantshafi þar sem margir fiskistofnar eru staðbundnir. Engin erlend þjóð fengi rétt til þess að veiða við Ísland við inngöngu Íslands í Evrópusambandið og fiskveiðistjórnunarkerfið yrði samkvæmt ákvörðun Íslendinga. Hin formlega ákvörðun um heildarkvóta yrði samkvæmt núverandi reglum í Brussel, en eðlilegt samningamarkmið væri að skylt væri að úthluta í samræmi við gagnsæjar reglur og tillögur vísindamanna. Með því að krefjast þess að ekki sé leyfilegt að veiða umfram slíkar tillögur yrðu Íslendingar áfram í fremstu röð í vernd fiskistofna.

Samkvæmt alþjóðasáttmálum ber Íslendingum að semja um veiðar úr sameiginlegum stofnum. Evrópusambandið hefur haldið Íslendingum frá borðinu í sumum tilvikum, einkum þegar flökkustofnar breyta hegðun sinni eða veiðar hafa hafist úr nýjum stofnum. Með aðild komast Íslendingar í sterkari stöðu sem innherjar.

10. Ný tækifæri fyrir landbúnað
Svíar og Finnar fengu nýja reglu um landbúnað samþykkta. Með henni má styrkja landbúnað norðan 62. breiddargráðu meira en almennt gerist innan sambandsins. Sömu reglur myndu gilda á Íslandi. Markaður fyrir landbúnaðarvörur opnast og hefði eflaust í för með sér miklar breytingar fyrir bændur. Reynsla í nágrannalöndum er sú að inngangan hafi haft mjög jákvæð áhrif bæði fyrir bændur og neytendur. Óhagkvæmri framleiðslu hafi verið hætt, en bændur lagt áherslu á framleiðslu sem gæfi þeim bestar tekjur. Nýir markaðir opnast í kjölfar þess að reglur eru samræmdar.

11. Sterkara Ísland
Kostnaður Íslendinga við það að standa utan Evrópusambandsins og Evrópska myntbandalagsins hefur verið óskaplegur. Ungt fólk sem vill koma sér þaki yfir höfuðið hefur þurft að borga margfalda vexti á við jafnaldra sína í öðrum löndum. Hrun krónunnar varð til þess að stór hluti íslenskra fjölskyldna er í skuldafjötrum. Laun eru um helmingur af því sem er víðast hvar í nágrannaríkjum. Íslensk fyrirtæki skortir fjármagn. Flest stærstu fyrirtæki landsins komust í þrot. Útlendingar vilja hvorki lána fé til Íslands né fjárfesta á landinu, þrátt fyrir að hér sé allt sem þarf til þess að byggja upp góð fyrirtæki: Menntun, tæknibúnaður, húsnæði, vegir, fjarskiptakerfi, orka. Hins vegar skortir traust á landinu. Það verða Íslendingar að endurvinna. Aðild að Evrópusambandinu og myndbandalaginu er yfirlýsing um að Íslendingar ætli að temja sér þann efnahagslega aga sem þarf til þess að missa ekki tök á hagstjórninni í annað sinn. Kreppan hefur komið við allar þjóðir en enga leikið jafnilla og Íslendinga.

12. Þjóð meðal þjóða
Íslendingar geta aldrei aftur lýst því yfir að í þessu landi verði ekki beitt þeim úrræðum, sem best hafa reynst í þessum heimshluta. Aldrei aftur má þessi þjóð hokra undir handafli ofstjórnar og kreppuhugsunarháttar, miðstýringar og mismununar. Líklegt er að smæð þjóðarinnar verði okkur styrkur ásamt með því að við erum að véla við margar hefðbundnar vinaþjóðir. Það er því óheppilegt að borið hefur á því, að Íslendingar séu sjálfir að búa sér til skilyrði og mála skrattann á vegginn og þar með að veikja eigin samningsstöðu er menn mæta með sjálfskapaða annmarka til viðræðna við Evrópusambandið. Þjóðin má síst af öllu ganga að þessu viðfangsefni með þrá um forna innilokun og einangrun, altekin af ótta og kjarkleysi. Hún verður að sýna reisn og styrk og forðast einangrunarþörf og minnimáttarkennd. Til slíkra viðræðna hlýtur þjóðin að ganga sannfærð um það að reyna að ná fram hinu besta, en jafnframt tilbúin til þess að hverfa frá þeirri leiðinni, ef niðurstaðan er ekki þolanleg.

Á morgun, föstudaginn 12. febrúar, klukkan 16.30 verður félagið Sjálfstæðir Evrópumenn stofnað í Þjóðmenningarhúsinu. Tilgangur félagsins er að standa vörð um sjálfstæði Íslands, áframhaldandi samvinnu Íslands við vestrænar lýðræðisþjóðir og stuðla að efnahagslegum og pólitískum stöðugleika, trausti, einstaklings- og atvinnufrelsi og frjálsum viðskiptum. Til þess að ná þessum markmiðum vill félagið stuðla að hagstæðum samningi um aðild Íslands að Evrópusambandinu. Fundurinn er opinn öllum þeim sem styðja tilgang félagsins.

Höfundur er ritstjóri Vísbendingar

Rakin ósannindi

UMRÆÐAN
Hjörtur Gíslason um greinaskrif Ólínu Þorvarðardóttur

Ólína Þorvarðardóttir, þingmaður Samfylkingar og varaformaður sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis, gefur í skyn í grein sem hún birtir í Fréttablaðinu þann 21. janúar sl., að fjármunir til áhættufjárfestinga hafi runnið út úr útgerðarfyrirtækinu Ögurvík. Þetta eru rakin ósannindi eins og fleira í greinaröð hennar sem birst hefur í blaðinu síðustu daga.

Ólína hóf greinaröð sína með eftirminnilegum hætti. Þar tókst henni að skila þúsundfaldri skekkju í einföldu reikningsdæmi sem birtist í Fréttablaðinu deginum áður. Þar hélt hún því fram að árlegir vextir af skuldum sjávarútvegsfyrirtækja næmu 88 milljónum króna á hvert mannsbarn þegar rétt niðurstaða var 88 þúsund krónur. Þarna skeikaði ekki nema þúsundfaldri upphæð.

Það er eitt að þurfa að sitja undir svo óvönduðum vinnubrögðum. Annað og mun alvarlegra mál er að Ólína er helsti talsmaður Samfylkingarinnar í sjávarútvegsmálum. Það veit svo sannarlega ekki á gott ef önnur vinnubrögð flokksins í málefnum sjávarútvegsins eru af sama toga.

Höfundur er stjórnarformaður Ögurvíkur hf.

ATHUGASEMD FRÁ RITSTJÓRN
Grein þessi var send blaðinu 22. janúar síðastliðinn. Fyrir mistök birtist hún ekki fyrr.

Hágæða ofnar á áður óþekktu verði

gott verð
fyrir alla - alltaf!

Panelofn 50x120 cm

14.900

EURO panelofnar

50x60cm Hvítur	5.490,-
50x80cm Hvítur	6.900,-
50x100cm Hvítur	8.690,-
50x120cm Hvítur	10.490,-
60x60cm Hvítur	5.690,-
60x80cm Hvítur	7.490,-
60x100cm Hvítur	8.900,-
60x120cm Hvítur	10.900,-
50x60cm Hvítur	7.900,-
50x80cm Hvítur	9.900,-
50x120cm Hvítur	14.900,-
50x160cm Hvítur	18.900,-

Enn fleiri stærðir fánlegar

EURO handklæðaofn 50x80 cm

14.900

EURO handklæðaofnar

40x70cm Beinn Hvítur	6.900,-
50x80cm Beinn Hvítur	7.900,-
50x120cm Beinn Hvítur	10.900,-
60x140cm Beinn Hvítur	12.900,-
40x70cm Beinn Króm	12.900,-
50x800cm Beinn Króm	13.900,-
50x120cm Beinn Króm	17.900,-
60x140cm Beinn Króm	19.900,-
50x80cm Oval Hvítur	8.900,-
50x120cm Oval Hvítur	11.900,-
60x140cm Oval Hvítur	13.900,-
50x80cm Oval Króm	14.900,-
50x120cm Oval Króm	18.900,-
60x140cm Oval Króm	19.900,-

VITRA S50 handlaug 60 cm

10.900

MILAN eldhúskrani

6.490

WC kassi m. hnappi kr. **17.490**
Sturtuhnappur kr. **1.890**
Salerni kr. **11.900**
Seta kr. **3.900**

Salernissett innbyggt, allt settið

35.180

MILAN blöndunartæki

3.490

NAPOLI hitastýrt sturtusett

29.900

MARTINELLI
Handklæðahengi

2.195

MARTINELLI
Handklæðakrókur

1.295

MARTINELLI
WC-rúlluhaldari

1.995

MILAN sturtuhorn 90x90 cm með botni

27.900

Við auglýsum ekki verð frá..

Reykjavík *Kletthálsi 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 9-16*
Suðurnes *Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18*
Akureyri *Furuvellir 15. Opið virka daga kl. 8-18*
Húsavík *Garðarsbraut 50.*

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

Gersemi í þjóðareign

UMRÆÐAN
Svanhildur Kaaber um Ríkisútvarpið

SVANHILDUR KAABER

Samkvæmt lögum er Ríkisútvarpið óháður fjölmiðill í almannaeigu. Þessi skilgreining „í almannaeigu“ er þýðing á hugtakinu „public service“ sem notað er í grannlöndum okkar. Með því er átt við að Ríkisútvarpið á að vera sameign þjóðarinnar, óháður fjölmiðill sem ekki lýtur markaðsöflum heldur hefur þá skyldu að senda út dagskrá í máli og myndum til alls landsins og næstu miða og uppfylla menningarlegar, þjóðfélagslegar og lýðræðislegar þarfir íslensks samfélags. Með lögum sem Alþingi samþykkti árið 2007 var ákveðið að Ríkisútvarpið skyldi vera hlutafélag í eigu íslenska ríkisins. Þessi breyting var umdeild og er enn, enda margir sem telja að almannaútvarp eigi ekki og geti ekki lotið reglum sem settar eru fyrirtækjum og stofnunum á almennum markaði.

Ríkisútvarpið hefur nú í rétt 80 ár verið samofið íslensku samfélagi, hefur flutt þjóðinni gleðifréttir ekki síður en vátíðindi, hefur kynnt henni meistaraverk heimsmenningarinnar og gamanmál líðandi stundar og skemmt henni með tónlist af öllu tagi ekki síður en töluðu máli bæði í hljóðvarpi og sjónvarpi. Fjölbreytni og gæði dagskrárinnar eru ekki síst því að þakka að Ríkisútvarpið hefur á að skipa afar færu fagfólki á sviði fréttamennsku, dagskrárgerðar og tækni – fólki sem sumt hefur fylgt stofnuninni í áratugi og hefur af trúmennsku og metnaði staðið vörð um heiðarleika og hlutleysi í dagskrárgerð og fréttaflutningi.

Auk þess að hafa þá skyldu að flytja vandað, fjölbreytt, fræðandi og skemmtilegt efni fyrir alla aldurshópa um allt land í útvarpi og sjónvarpi gegnir Ríkisútvarpið mikilvægu öryggishlutverki. Hver kannast ekki við að hafa snúið sér að fréttum Ríkisútvarpsins þegar þjóðinni er ógnað, hvort sem er af æðri máttarvöldum eða yfirsjónum dauðlegra manna? Einmitt þess vegna er mikilvægt að dreifikerfi og tæknileg starfsemi sé ávallt með besta hætti þannig að allir landsmenn, hvar sem þeir búa eða eru staddir, geti treyst því að sjá og heyra útsendingar hvenær sem er.

Undanfarna daga hafa málefni Ríkisútvarpsins mjög verið til umræðu í kjölfar hins mikla niðurskurðar sem það þarf eins og fjölmargar aðrar stofnanir og fyrirtæki að takast á við. Þessar aðgerðir eru sýnilegar í dagskrá allra miðla – og þær hafa því miður líka bitnað á starfsfólkinu því á undanförnum mánuðum hefur þurft að fækka starfsfólki í öllum deildum stofnunarinnar til að ná fram þeim sparnaðarmarkmiðum sem stjórnvöld mæla fyrir um. Þennan harm hefur starfsfólkið borið í hljóði og gengur áfram til verka sinna af vandvirkni og metnaði. Það ber að virða og þakka.

Í fyrra kom til framkvæmda sú ákvörðun Alþingis að hætt skyldi innheimtu afnotagjalds sem greitt hefur verið frá því Ríkisútvarpið tók til starfa árið 1930. Í stað þess var talið réttara að undirstrika sjálfstæði og hlutleysi Ríkisútvarpsins með því að færa til þess fjármagn með sérstakri skattlagningu. Þannig þótti meiri hluta þingsins betur tryggt en áður að Ríkisútvarpið væri öflugur máttarstólpi þess velferðarkerfis sem við viljum reka á Íslandi rétt eins og skólakerfið og heilsugæsluna. Það var á tímum mikilla umsvifa í íslensku samfélagi. Því miður hefur sýnt sig eins og margir óttuðust að innheimta útvarpsskattsins hefur ekki verið með þeim hætti sem gert var ráð fyrir og Ríkisútvarpið nýtur þess ekki að skatttekjurnar séu að raunvirði eins og áætlað var – og lagt var upp með í hinum fyrsta þjónustusamningi við menntamálaráðherra frá 2007. Í ljós kemur að raddir efasemdamanna um ágæti þessarar ráðstöfunar áttu fullan rétt á sér.

Núverandi menntamálaráðherra fól á síðasta ári starfshópi að setja fram tillögur um hvernig tryggja mætti betur en nú er að Ríkisútvarpið geti sinnt menningarlegu og lýðræðislegu hlutverki sínu. Í tillögum og greinargerð nefndarinnar er að finna mörg leiðarljós sem geta orðið stjórn og stjórnendum stofnunarinnar að miklu gagni. Því ber að fagna niðurstöðum nefndarinnar og þakka þær ábendingar sem þar koma fram.

Ríkisútvarpið hefur frá upphafi verið til umræðu manna á meðal og á reyndar alltaf að vera það. Stundum beinist sú umræða meira að hinum ytri ramma en hlutverki og inntaki. En það er brýnt að við öll sameiginlega látum okkur varða hlutverk og verkefni Ríkisútvarpsins ekki síður en dagskrána og framsetningu hennar.

Ríkisútvarpið speglar bæði nútíð og fortíð þjóðarinnar – og við berum sameiginlega ábyrgð á því að tryggja að þessi gersemi okkar fái að blómstra og þróast og takast í framtíðinni á við nýja tíma og breytta tækni af heiðarleika og metnaði.

Höfundur er formaður stjórnar Ríkisútvarpsins ohf.

Hálfkák á ögurstund

UMRÆÐAN
Joseph Stiglitz skrifar um efnahagsendurreisn í Bandaríkjunum

JOSEPH E. STIGLITZ

Eftir ósigurinn í öldungardeildarþingkosningunum í Massachusetts hafa demókratar í Bandaríkjunum misst 60 sæta meirihlutann sem þeir þurfa til að fá endurbætur í heilbrigðisþjónustu og fleiri frumvörp samþykkt. Þetta hefur breytt landslaginu í bandarískum stjórnmálum – í bili að minnsta kosti. En hvað segja úrslitin um bandaríska kjósendur og efnahagsástandið?

Úrslitin fela ekki í sér stefnubreytingu til hægri, eins og sumir álitsgjafar halda fram. Í Oregon, hinum megin í Bandaríkjunum frá Massachusetts, var til dæmis verið að samþykkja skattahækkanir í allsherjaratkvæðagreiðslu. Skilaboðin eru frekar þau sömu og kjósendur sendu með kjöri Bill Clinton fyrir sautján árum: efnahagsástandið og atvinna er það sem máli skiptir.

Efnahagsástandið í Bandaríkjunum er í kalda koli – jafnvel þótt hagvöxtur hafi myndast á ný og bankamenn þiggi aftur himinháar bónusgreiðslur. Sjötti hver Bandaríkjamaður í leit að fullri vinnu finnur hana ekki; 40 prósent af atvinnulausum hafa verið án atvinnu í hálft ár eða lengur.

Eins og Evrópubúar komust að fyrir löngu, aukast erfiðleikarnir eftir því sem atvinnuleysið teygist á langinn; dýrmæt reynsla fer í súginn, horfurnar versna og sparifé klárast. Búist er við að gengið verði að húsnæðislánum að andvirði 2,5 til 3,5 milljarða dala, sem er meira en í fyrra. Gert er ráð fyrir gjaldþrotahrinu hjá stórum fasteignafyrirtækjum. Jafnvel fjárlagaskrifstofa Bandaríkjaþings spáir því að atvinnuleysi verði ekki komið í eðlilegt horf fyrr en um miðjan áratuginn.

Bilið breikkar

Barack Obama Bandaríkjaforseti tók mikla áhættu í upphafi stjórnartíðar sinnar. Í stað breytinganna sem lofað var í kosningabaráttu hans, hélt hann í marga af fyrri embættismönnum og viðhélt gömlu „brauðmola“-aðferðinni til að takast á við fjármálakreppuna. Skilaboðin virtust vera þau að besta leiðin til að gæta hagsmuna heimilanna og launþeganna væri að sjá bönkunum fyrir nægum peningum.

Þegar Clinton gerði umbætur á velferðarúrræðum fyrir fátæka voru sett skilyrði; umsækjendur urðu líka að leita sér að vinnu og mæta á námskeið. En þegar bankarnir fengu sína velferðarstyrki voru þeim ekki sett nein slík skilyrði. Hefði þetta dugað til að koma Bandaríkjunum úr kreppunni hefði Obama komist hjá ýmsum heimspekilegum álitamálum. En það tókst ekki og það er langt síðan andúð almennings í garð bankanna hefur verið jafn mikil og nú.

Obama vildi brúa bilið milli sem George W. Bush hafði breikkað á milli ríkra og fátækra. En bilið hefur breikkað enn meira og tilraunir forsetans til að gera öllum til geðs eiga líklega ekki eftir að sefa neinn.

Verður ekki sleppt og haldið

Harðlínumenn í ríkisfjármálum, sérstaklega í hópi bankamanna, létu lítið fyrir sér fara meðan ríkið var að bjarga bönkunum fyrir horn en eru nú komnir tvíefldir til baka. Þeir bera við áhyggjum af fjárlagahalla til að réttlæta niðurskurð. En slík viðhorf til ríkisreksturs eru ekki hótinu skárri en nálgun bankamanna á eigin rekstri.

Stórfelldur niðurskurður á þessum tímapunkti veikir hagkerfið. Ef eytt væri í fjárfestingar sem skiluðu ekki nema sex prósenta arði, myndu langtímaskuldir minnka þrátt fyrir aukinn fjárlagahalla til skamms tíma, þökk sé hærri skatttekjum sem myndast af meiri skammtímaútgjöldum og hraðari vexti til lengri tíma.

Obama reyndi hið ómögulega, að bæði örva hagkerfið og gera harðlínumönnunum til geðs. Tillögur hans um niðurskurðaraðgerðir fældu hins vegar frá frjálslynda demókrata og gengu of skammt til að sætta harðlínumennina. Aðrar aðgerðir til að koma miðstéttinni til hjálpar sýna kannski hvar hjarta forsetans liggur, en þær eru of litlar að sniðum til að skipta máli.

Breytingar krefjast forystu

Þrenns konar aðgerðir gætu skipt sköpum: að ráðast aftur í björgunaraðgerðir, að stemma stigu við að gengið verði að húsnæðislánum (25 prósent húsnæðislána eru hærri en verðmæti eignarinnar) og endurbætur á fjármálakerfi bankanna.

Fyrir ári var pólitísk innistæða Obama það mikil að hann hefði mögulega getað hrint þessum málum í framkvæmd og snúið sér að öðrum aðkallandi úrlausnarefnum. En svigrúm hans hefur stórlega minnkað síðan þá; fólk er reitt, ringlað og vonsvikið; björgunaraðgerðir fyrir bankana komu lánveitingum ekki aftur á strik, eins og þeim var ætlað, örvunaraðgerðir höfðu áhrif en ekki nógu mikil og atvinnuleysi hefur snaraukist.

Upp eru efasemdir um að Obama takist að hrinda í framkvæmd löngu tímabærum breytingum á bankakerfinu og hinum alltof áhættusæknu risabönkum. Ef það mistekst, er líklegra en ekki að önnur fjármálakreppa ríði yfir áður en langt um líður.

Flestir einblína hins vegar á kreppu dagsins í dag, ekki morgundagsins. Næstu tvö ár er búist við að hagvöxtur verði of lítill til að anna nýliðun á vinnumarkaði, hvað þá uppræta atvinnuleysi.

Þótt óbeislaðir markaðir hafi leitt þessa ógæfu yfir okkur, koma þeir okkur ekki út úr henni. Ríkið verður að grípa inn í og það krefst röggsamrar og skilvirkrar pólitískrar forystu.

Höfundur er Nóbelsverðlaunahafi í hagfræði og prófessor við Columbia-háskóla í Bandaríkjunum. ©Project Syndicate.
Millifyrirsagnir eru blaðsins.

Ólympíuleikar 2010 í Vancouver

ÍSLENSKU KEPPENDURNIR KLÆÐA SIG VEL

HLÍÐARFJALL
skiðajakki
PRIMALOFT
Verð: 68.000 kr.

Vatnsfráhrindandi, mjúkur og léttur jakki.
Einangraður með Primaloft® örtrefjafyllingu.

HLÍÐARFJALL
skiðabuxur
PRIMALOFT
Verð: 65.000 kr.

Vatnsfráhrindandi og einangraðar
með Primaloft® örtrefjafyllingu.

LANGJÖKULL
vettlingar
PRIMALOFT
Verð: 9.800 kr.

Hlýir vettlingar úr vatnsfráhrindandi efni.
Einangraðir með Primaloft® örtrefjafyllingu.

KJARNAFÆÐI
KLÚBBUR MATREIÐSLUMEISTARA 1972
★★★★★
Sérvalda saltkjötið frá Kjarnafæði
Gamlar hefðir fyrir nýjar kynslóðir
Yfirmatreiðslumeistari Landsvirkjun mötuneyti.
Ingvar Sigurðsson
Klikkar aldrei
Yfirmatreiðslumaður Gullhömrum.
Björn Bragi Bragason
Skemmtilegt að elda, dásamlegt að borða
Yfirmatreiðslumeistari Norðurál mötuneyti.
Karl Davíðsson
Heimsklassa hráefni
Yfirmatreiðslumaður Strikið veitingastaður.
Róbert Hasler
SÉRVALIÐ SALTKJÖT FRÁ KJARNAFÆÐI,
SÉRVALIÐ FYRIR ÞIG

The Department of Japanese Studies
at the University of Iceland
and the Embassy of Japan in Iceland
present:

Japan Innovation Forum 2010

- How do the Japanese Innovate? -

Theme of lecture: Innovation and Sustainability in the 21st century – What is the role of the government in promoting and steering innovation towards the future economy?

Topic of panel discussion: A comparison of the role of the government and administration in managing the innovation process in Iceland and Japan.

12th February, 2010 from 12:00-13:30.
Held in the Ceremonial Auditorium (Hátíðarsalur)
at the University of Iceland, Main Building.

Participants of the Forum

Prof. Seiichiro Yonekura, lecturer:
Seiichiro Yonekura is Director and Professor of Institute of Innovation Research, Hitotsubashi University in Tokyo. He received Ph.D. from Harvard University in the United States. Dr. Yonekura has been Dean of Mori Ark Academy Hills for lifetime education in Roppongi-hills since 2001. He has also served as Co-president of Institute of Strategy at Sony Corporation to supervise Sony's long-term business and organizational strategy. He has been a chief editor of Hitotsubashi Business Review since 1994.

Kolbeinn Björnsson, moderator:
Head of Economic Studies at the Department of Japanese Studies at the University of Iceland.

Katsuhiro Natsume, panelist:
Chargé d' Affaires ad interim at the Embassy of Japan in Iceland.

Dr. Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir, panelist:
Public policy and system analyst currently a member of a Network of Policy Experts working for the EU Directorate-General for Employment, Social Affaires and Equal Oppor tunities.

Prof. Gylfi Zoëga, panelist:
Prof. Zoëga is the head of the Economics Department at the University of Iceland.

Davíð Lúðvíksson, panelist:
Davíð Lúðvíksson is the head of Strategy Management and Innovation at the Federation of Icelandic Industries and chairman of High-tech and Seed Companies Forum in Iceland. He has been active for more than 20 years in the quality management and innovation movement of Iceland. His involvement for creating future vision and working conditions for companies and clusters in Iceland is well known. Davíð has promoted EU-Japan Center for world class manufacturing to Icelandic companies.

It is an honor for the University of Iceland to participate in the Japan Innovation Forum 2010. I am sure it will be successful and give us new ideas for the future to come.

Kristín Ingólfsdóttir,
Rector of the University of Iceland

Information about studying Japanese at the University of Iceland is on the web page: **www.japanska.hi.is.**
For further information please contact Kaoru Umezawa, lecturer in Japanese at the University of Iceland: **kaoru@hi.is**.

512 54 01 Auglýsingasími

Ásættanleg úrræði

UMRÆÐAN
Arney Einarsdóttir skrifar um samdrátt og hagræðingu

ARNEY EINARSDÓTTIR

Einn helsti mælikvarði á erfitt efnahagsástand og dýpt kreppu á hverjum tíma eru opinberar upplýsingar um fjöldauppsagnir og atvinnuleysi. Uppsagnir, og þar með talið fjöldauppsagnir, eru meðal erfiðustu og sársaukafyllstu ákvarðana og aðgerða sem stjórnendur þurfa að grípa til í starfi. Mikið var rætt um uppsagnir hér á landi á síðasta ári en minna hefur farið fyrir umræðu um aðrar aðgerðir sem fyrirtæki hafa notað til að hagræða og koma í veg fyrir að þurfa að grípa til fjöldauppsagna. Samdráttar- og hagræðingaraðgerðir (e. downsizing) má skilgreina sem allar skipulagðar kostnaðarlækkandi aðgerðir fyrirtækja og stofnana sem ætlað er að hafa áhrif á og draga úr kostnaði fyrirtækis eða stofnunar, annaðhvort mannafla eða fjármagni, eða hvoru tveggja. Slíkar aðgerðir hafa að meginmarkmiði að leiðrétta, bæta eða skapa viðsnúning í rekstri viðkomandi fyrirtækja.

Launalækkanir, yfirvinnubann og frysting í ráðningum

Viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík hefur tekið þátt í alþjóðlegri samanburðarrannsókn á sviði mannauðsstjórnunar (CRANET) frá árinu 2003. Rannsóknin var framkvæmd á vegum deildarinnar í þriðja sinn á vordögum 2009. Forsvarsmenn starfsmannamála í fyrirtækjum og stofnunum með yfir 70 starfsmenn svöruðu umfangsmikilli könnun. Í þessari könnun var meðal annars spurt sérstaklega til hvaða kostnaðarlækkandi samdráttaraðgerða (annarra en uppsagna) viðkomandi fyrirtæki og stofnanir hefðu þegar gripið til. Niðurstöður sýna að fyrirtæki hér á landi hafa þegar á vordögum 2009 verið farin að beita ýmsum hagræðingaraðferðum öðrum en uppsögnum. Algengast er að beitt hafi verið yfirvinnubanni (43%) og frystingu í ráðningum (43%) en einnig hafa fyrirtæki beitt lækkun starfshlutfalls (35%) og launalækkunum. Varðandi launalækkanir sérstaklega þá hafði rúmur þriðjungur fyrirtækja, á þeim tíma sem könnunin var framkvæmd, lækkað laun stjórnenda (35%) og rúmur fimmtungur (21%) hafði gripið til launalækkana almennra starfsmanna. Einnig hafa mörg fyrirtæki og stofnanir dregið úr hlunnindum starfsfólks (22%). Minna er hins vegar um að boðið hafi verið upp á launalaus námsleyfi (12%), launalausa frídaga (15%) og starfslokasamninga vegna aldurs (15%).*

Opinberar stofnanir eru þó líklegastar til að hafa beitt frystingu í ráðningum, yfirvinnubanni og launalækkun stjórnenda (í þessari röð).

Ljóst er að hér á landi hafa fyrirtæki þurft að grípa til uppsagna og atvinnuleysi er því nú í sögulegu hámarki. Rannsóknir sýna að í kreppunni miklu í Svíþjóð upp úr 1990 lækkaði aðeins mjög lítill hluti starfsfólks á vinnumarkaði í launum. Fyrri rannsóknir hér á landi hafa sýnt að stjórnendur séu tregir til að grípa til launalækkana í niðursveiflu (Zoëga og Karlsson, 2006). Í ljósi þess er athyglisvert að íslensk fyrirtæki hafi þegar á vordögum 2009 gripið í þetta miklum mæli til annarra aðgerða s.s. eins og launalækkana hjá stjórnendum og starfsfólki. Þessar niðurstöður staðfesta því enn og aftur að hér á landi sé mjög sveigjanlegur vinnumarkaður í víðtækum skilningi og að stjórnendur jafnt og starfsfólk sé tilbúið til að taka þátt í ýmsum aðgerðum sem geta komið í veg fyrir frekari uppsagnir.

Ólíkt hafast þau að

Ákveðinn mun má merkja eftir greinum m.t.t. þess hvaða aðferðum hefur verið beitt. Í verslunar- og þjónustugreinum er almennt beitt fleiri aðferðum en í frumvinnslu og iðnaði og í opinbera geiranum. Í verslunar- og þjónustugeiranum er jafnframt algengara að gripið hafi verið til launalækkana starfsfólks (29%), yfirvinnubanns (49%) og minnkaðs starfshlutfalls (41%), samanborið við aðrar greinar. Í opinbera geiranum hefur aðeins í mjög litlum mæli verið gripið til launalækkana starfsmanna (7%) og opinberar stofnanir hafa enn sem komið er ekki nýtt ýmsar hagræðingarleiðir í sama mæli og einkafyrirtækin. Opinberar stofnanir eru þó líklegastar til að hafa beitt frystingu í ráðningum, yfirvinnubanni og launalækkun stjórnenda (í þessari röð). Að auki hafa opinberar stofnanir dregið meira úr hlunnindum en fyrirtæki í einkageiranum hafa gert. Eflaust má að einhverju leyti rekja þessar niðurstöður til þrengri lagaramma í opinbera geiranum og þess að þar eru laun bundnari af miðlægum kjarasamningum við stéttarfélög og sveigjanleikinn því minni en hjá einkafyrirtækjum.

Gera má ráð fyrir að stjórnendur hér á landi hafi hingað til ekki gert sér í hugarlund að kreppuástand gæti orðið jafn alvarlegt og raun ber vitni og því hafi viðmið um það hvað eru ásættanleg úrræði gjörbreyst á skömmum tíma. Ljóst er að stjórnendur í einkageiranum hafa gripið til ýmissa úrræða til að koma í veg fyrir eða lágmarka uppsagnir. Enn á þó eftir að koma í ljós hvort opinberar stofnanir muni grípa til frekari samdráttaraðgerða og í hvaða formi þær verða, en í ljósi boðaðra samdráttar- og hagræðingaraðgerða ríkisstjórnarinnar er líklegt að einhverjar fréttir berist af slíku á næsta ári.

Höfundur er lektor við Háskólann í Reykjavík.

Ungt fólk til athafna

UMRÆÐAN
Hrafnhildur Tómasdóttir skrifar um átak í atvinnumálum ungs fólks

HRAFNHILDUR TÓMASDÓTTIR

Félags- og tryggingamálaráðuneytið hefur ýtt úr vör átaki í atvinnumálum ungs fólks undir yfirskriftinni „Ungt fólk til athafna" og nær það til ungra atvinnuleitenda 25 ára og yngri á öllu landinu. Átakið hefur það að markmiði að ungum atvinnleitendum verði boðin vinna eða virkniúrræði innan þriggja mánaða frá atvinnumissi. Stefnt er að því að þessu markmiði verði náð fyrir 1. apríl 2010. Vinnumálastofnun sér um framkvæmd átaksins og er það í höndum þjónustuskrifstofa Vinnumálastofnunar á landsbyggðinni en í Reykjavík mun ný þjónustuskrifstofa sjá um ráðgjafarþjónustu við ungt fólk á höfuðborgarsvæðinu og var sú skrifstofa opnuð 1. febrúar sl. á Suðurlandsbraut 22. Ráðnir hafa verið tíu nýir ráðgjafar til að sinna verkefninu, átta á höfuðborgarsvæðið og tveir á Suðurnes.

Áhrif atvinnuleysis

Í ágúst sl. skipuðu félags- og tryggingamálaráðuneytið og menntamálaráðuneytið starfshóp til að skoða stöðu ungra atvinnuleitenda. Starfshópurinn skilaði skýrslu í nóvember með tillögum að úrræðum og var megin niðurstaða hópsins að brýnt væri að grípa til aðgerða sem hefðu það meginmarkmið að hvetja ungt fólk til virkni. Starfshópurinn byggði niðurstöðu sína m.a. á rýnihópagreiningu meðal 18–24 ára langtímaatvinnulausra ungmenna á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum, en þar mátti greina þær alvarlegu afleiðingar sem langtíma atvinnuleysi getur haft á andlega og líkamlega heilsu. Sömu niðurstöðu má sjá í nýútkominni skýrslu um niðurstöðu rannsóknarinnar Ungt fólk – utan skóla 2009, sem unnin var af Rannsókn og greiningu að frumkvæði mennta- og menningarmálaráðuneytisins og með stuðningi forvarna- og framfarasjóðs Reykjavíkurborgar. Reynsla anarra þjóða af afleiðingum lantímaatvinnuleysis og aðgerðaleysis eru sömuleiðis víti til varnaðar og má þar nefna að í Finnlandi telja menn að heil kynslóð hafi týnst með hörmulegum afleiðingum fyrir einstaklingana og samfélagið í heild.

Ný og fjölbreytt tækifæri

Markmið átaksins er að koma ungum atvinnuleitendum í samfélagslega virkni í gegnum vinnu eða nám. Fjöldi ungra atvinnuleitenda er rúmlega 3.000 á öllu landinu, flest á höfuðborgarsvæðinu, eða rúmlega 2.000. Af þessum hópi hafa um 70% ekki lokið námi á framhaldsskólastigi. Á árinu 2010 er markmiðið að skapa allt að 1.200 ný námstækifæri í samstarfi við framhaldsskóla, símenntunarstofnanir, einkaskóla og frumgreinadeildir. Allt að 450 ný starfsþjálfunarpláss og störf við átaksverkefni í samstarfi við sveitarfélög, stofnanir og fyrirtæki. Allt að 400 ný tækifæri við sjálfboðaliðastörf m.a. í samstarfi við Rauða krossinn, ÍSÍ og önnur sjálfboðaliðasamtök. Allt að 400 ný pláss í vinnustofum, smiðjum (Fjölsmiðu)og í atvinnutengdri endurhæfingu.

Ferlið

Ráðgjafar Vinnumálastofnunar boða unga atvinnuleitendur til sín þar sem þeir fá kynningu á fjölbreyttum tækifærum og verkefnum sem þeim býðst að takast á við í atvinnuleysinu. Þeim býðst sömuleiðis öflug náms- og starfsráðgjöf og tækifæri til að kortleggja áhugasvið sitt og hæfni og aðstoð við að setja sér markmið til framtíðar varðandi náms- og starfsval. Það eina sem ekki er í boði er að velja aðgerðarleysi og óvirkni.

Samfélagsleg ábyrgð – þjóðarátak

Rannsóknir hafa sýnt að ungt fólk er sérstaklega viðkvæmt fyrir afleiðingum langtímatvinnuleysis og þykir sýnt að afleiðingar þess að hefja starfsferilinn í atvinnuleysi getur haft áhrif starfsævina á enda. Það er ljóst að til þess að koma í veg fyrir þessa vá þurfum við að kalla eftir þjóðarátaki. Verkefnisstjórn verkefnisins hefur síðustu vikur leitað eftir samstarfi við fjölmarga aðila, s.s. sveitarfélög, stéttarfélög, framhaldsskóla, símenntunarmiðstöðvar, sjálfboðaliðasamtök, atvinnurekendur og ýmsa sérfræðinga og hefur verið afar ánægjulegt að greina þann mikla stuðning sem verkefnið fær. Við viljum þakka fyrir þennan stuðning og hlökkum til samstarfsins.

Ungt fók til athafna fyrir unga fólkið og framtíðina.

Höfundur er verkefnisstjóri.

BRESK NÆRFATAKÖNNUN sem nýlega var kynnt leiðir í ljós að helmingur breskra karlmanna finnst rauð nærföt minnst aðlaðandi og vilja heldur sjá maka sína í svörtum nærklæðnaði. Hins vegar telji tveir þriðji hluti kvenna að karlar þeirra vilji helst sjá þær í rauðum nærbuxum og haldara.

;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar** **Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

Skór & töskur í miklu úrvali
www.gabor.is
grisport
Sérverslun með
Gabor
xena
FÁKAFENI 9 - - Sími: 553 7060
Opið mánud-föstud. 11-18 & laugard. 11-16

Eirberg
Betra loft
betri líðan
Airfree lofthreinsitækið
Byggir á nýrri tækni sem eyðir
• Frjókornum, ryki og myglusveppi
• Vírusum og bakteríum
• Gæludýraflösu og ólykt
• Er hljóðlaust og viðhaldsfrítt
• Tilvalið á heimilið og á skrifstofuna
Hæð aðeins 27 cm

Verðhrun
60-80% afsláttur
hjá Hrafnhildi
Sími: 581 2141 - www.hjahrafnhildi.is

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Kolbrún Pálína Helgadóttir blaðamaður heldur mikið upp á rauða vetrarúlpu sem hún fékk í gjöf fyrir veturinn.

Rauð úlpa í uppáhaldi

Kolbrún Pálína Helgadóttir, blaðamaður á DV, segir uppáhaldsflíkina sína vera rauða vetrarúlpu frá Zo-On. Úlpuna fékk Kolbrún Pálína í gjöf frá manni sínum og er þetta önnur úlpan hennar frá Zo-On.

„Ég valdi þessa úlpu sem uppáhaldsflíkina mína þar sem þetta er sú flík sem ég nota hvað mest. Þetta er önnur úlpan mín frá Zo-On og ég er alveg ástfangin af henni. Hún er hlý og góð og hefur nýst mér mjög vel í fæðingarorlofinu. Svo skemmir ekki fyrir að hún skuli vera rauð á litinn, en það er einn af mínum uppáhaldslitum," útskýrir Kolbrún Pálína, sem á enn fyrri úlpuna og segir hún lítið sjást á flíkinni þrátt fyrir mikla notkun.

Kolbrún Pálína býr í Mosfellsbæ ásamt manni sínum og tveimur börnum. Hún segir son sinn duglegan að aðstoða hana með yngra barnið og tekur hann bróðurhlutverkið mjög alvarlega. „Hann er algjör snillingur og hugsar rosalega vel um litlu systur sína. Það er mikil hjálp í honum og hann er duglegur að hafa ofan af fyrir henni," segir hún.

Aðspurð segir hún fatastíl sinn fjölbreyttan en er að eigin sögn afskaplega hrifin af kjólum, fallegum peysum og hvers kyns fylgihlutum. „Mér finnst rosalega gaman að skvísa mig upp og er mikil kjólakerling. Á veturna grodda ég mig reyndar upp og er mikið í gallabuxum, grófum skóm og hlýjum peysum. Ætli það sé ekki hægt að lýsa stílnum mínum sem smart en þægilegum. Ég er líka sjúk í fylgihluti og á stórt safn af klútum, skarti og skóm sem ég nota gjarnan til að hressa upp á klassískari flíkur." Undanfarið segist Kolbrún vera farin að kaupa sér sjaldnar flíkur en þá betri en hún gerði áður. „Mér finnst skemmtilegast að versla á haustin því ég er mikið í dökkum fötum. Auðvitað kaupir maður sér alltaf eitthvað á sumrin, en mér finnst þær flíkur oft lifa skemur og reynslan hefur kennt mér að ég fæ fljótt leiða á skærum litum."

sara@frettabladid.is

ENN MEIRI AFSLÁTTUR
ÚTSÖLULOK
Allt að70%
afsláttur
af völdum vörum

10.000 kr. vöruúttekt
fylgir hverju heilsurúmi
Gaflar og náttborð
Skipti dýnur
Gólfmottur
Útlitsgallaðar dýnur
Lampar og loftljós
og margt fleira



Svefn & heilsa
Fyrst og fremst í heilsudýnum
3 mán.
vaxtalausar greiðslur
Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virkadaga frá 10.00-18.00 lau 12.00-16.00
www.svefn.is

TÍSKA

DANNII MINOGUE söngkonan ástralska og systir Kylie, mun lána ímynd sína tískurisanum Marks & Spencer. Hún gengur þannig í lið með öðrum frægum persónum á borð við Twiggy og V V Brown.



Hluti af vinningstillögu Maríu Kristínar.

Í tillögu Maríu Kristínar kemur „skurðurinn“ fram í eðalmálminum utan um steininn en ekki í steininum sjálfum.

Vann meðan barnið svaf

Skartgripahönnuðurinn Hendrikka Waage og Hönnunarmiðstöð Íslands efndu til samkeppni um hönnun skartgripa á dögunum. Niðurstöður keppninnar voru kynntar 29. janúar síðastliðinn.

Um 120 tillögur bárust og bar María Kristín Jónsdóttir vöruhönnuður sigur úr býtum. María Kristín hlaut hálfa milljón í peningaverðlaun auk þess sem tillaga hennar mun koma á markaðinn í haust.

„Grunnhugmyndin mín var að nota vinnsluaðferðina þegar eðalsteinar eru slípaðir til en það er kallað skurður. Ég ákvað að skurðurinn kæmi fram á eðalmálminum og myndaði eins konar grind utan um steininn sem sést í gegn,“ útskýrir María Kristín.

Hún hefur áður fengist við skartgripahönnun en um tíma vann hún hjá Orr gullsmiðum þar sem hún fékk að prófa sig áfram. Hún segir keppnina hafa hitt á besta tíma fyrir sig en hún eignaðist litla dóttur í október og er heima við í fæðingarorlofi.

„Ég vann tillögurnar meðan mamma fór með litlu dóttur mína í göngutúra, en í rauninni var ég búin að taka þá ákvörðun að snúa mér að skartgripahönnun. Ég hef gaman af að hanna hefðbundna skartgripi en líka að leika mér með óhefðbundna efnisnotkun. Skartgripahönnun spannar í raun svo vítt svið og það leynast í henni margir möguleikar.“

Þegar María Kristín er innt eftir því hvað einkenni hennar hönnun segist hún ekki vilja leggja mat á það sjálf. Vinnuferli hennar hefur þó einkennst af því að staldra stutt við skissuvinnu á pappír en vinna hugmyndirnar beint í efnið. Vinningstillaga hennar í keppninni sé jafnvel fyrstu skartgripirnir þar sem hún teiknar upp lokatillögur og hún er því spennt að sjá hvernig útkoman verður í haust.

„Þetta er sennilega það fyrsta sem ég hanna sem fer í fjöldaframleiðslu. Vöruhönnun gengur út á að koma hlutum í framleiðslu en ekki að búa til hvern einasta hlut sjálfur. Það er hins vegar mjög stórt skref og bæði tímafrekt og kostnaðarsamt ferli. Hendrikka hefur þetta bakland nú þegar og hleypir mér yfir þennan hjalla. Það er frábært að fá þetta tækifæri til að sjá hluti sem ég hef hannað verða til og ég vonast til að eftir þetta hafi ég meiri þekkingu á ferlinu og geti nýtt mér það í eigin vinnu.“

heida@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hendrikka Waage og María Kristín Jónsdóttir en hún átti vinningstillöguna.

Tískusýning Burberry í þrívídd

Þrívíddartækni Avatar-kvikmyndarinnar hefur haft víðtæk áhrif, meira að segja í tískuheiminum.

Fyrirtækið Burberry mun skrifa sig á spjöld tískusögunnar síðar í mánuðinum þegar það mun sjónvarpa tískusýningu sinni fyrir vetrartískuna 2010-2011 á nokkrum stöðum í heiminum og það í þrívídd.

Tískusýningin sem um ræðir verður á tískuvikunni í London. Christopher Bailey, listrænn stjórnandi Burberry, vildi með þessu leyfa fólki um allan heim að upplifa orkuna og andrúmsloftið sem einkennir tískusýninguna. „Með þrívíddartækninni geta áhorfendur annars staðar í heiminum séð litina, efnin, hlustað á tónlistina og verið hluti af augnablikinu,“ sagði Bailey þegar hann tilkynnti viðburðinn.

Sýningin verður haldin í listaháskólanum í Chelsea síðla dags 23. febrúar. Hún verður samtímis sýnd á völdum stöðum í New York, París, Dúbaí, Tókíó og Los Angeles í fullkomnum sölum þar sem verða til staðar þrívíddargleraugu.

Burberry er í samstarfi við SKY Television. Meðal efnis sem verður sýnt eru viðburðir fyrir sýninguna sem haldnir eru baksviðs, myndir sem teknar eru á bak við tjöldin og síðan af fræga fólkinu á rauða dreglinum.

Þeim, sem vilja horfa á sýninguna þó ekki sé nema í tvívídd, er bent á vefsíðuna http://live.burberry.com

- sg

Christian Bailey er duglegur að kynna nýjungar og koma Burberry í sviðsljósið.

ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR

Bergþór Bjarnason skrifar frá París

Undirföt á undanhaldi

Á milli hátískusýninga næsta sumars og tískuvikunnar í byrjun mars er tími kaupstefna hér í borg, til dæmis Première vision, Who´s next og fleira mætti nefna. Fataefnaframleiðendur selja efni í framtíðartískulínur, nýir hönnuðir sýna og kaupmenn gera pantanir á „showroomum“ tískuframleiðenda. Flestar eiga þessar kaupstefnur og sýningar það sammerkt að vera í lægð frá upphafi kreppunnar og færri koma en áður. Þess vegna mun næsta Première vision-sýningin í september aðeins standa yfir í þrjá daga.

Á dögunum voru það undirfataframleiðendur sem héldu sitt kaupþing sem að vanda dró að þúsundir gesta. Þeim fækkaði reyndar mikið á síðasta ári en aðstandendur kaupstefnunnar vonuðust þó eftir fleiri gestum að þessu sinni miðað við forsölu. Undirfatakaup þykja reyndar góður mælikvarði á ástand verslunar almennt. Lengi hafði þessi markaður vaxið og velt milljörðum eða allt fram að kreppunni. Þrátt fyrir að þessi iðnaður hafi betur haldið sínu en almennt gerist hefur veltan dregist verulega saman. Margir kvenviðskiptavinir sem létu freistast af eins og einum brjóstahaldara eða samfellu hafa stórlega dregið úr þessum innkaupum og er talað um 4,5 prósenta samdrátt á árinu 2009 samkvæmt Institut français de la mode (Franska tískustofnunin). Á sama tíma dróst salan í fataiðnaði saman um 5,7 prósent. Á síðasta ári tóku margar verslanir upp á því að að selja gamlan lager og keyptu því minna af nýjum vörum. Samkvæmt sömu stofnun eru það yngstu konurnar á aldrinum 15-25 ára sem helst hafa dregið úr undirfatakaupum sínum. Einnig breytast innkaupin og stórir dreifingaraðilar eins og stórmarkaðir vilja nú aðeins auðveldan varning sem skilar hagnaði og fínni vörur og dýrari eru hreinlega ekki lengur í boði hjá þeim. Sífellt fleiri versla sömuleiðis á Netinu og á það við um alla fataframleiðendur og við því verða framleiðendurnir að bregðast.

Etam er einn af stærri undirfataframleiðendunum í ódýra geiranum í Frakklandi og víða má finna verslanir Etam. Þetta fyrirtæki lætur þó kreppuna ekki hræða sig og nú í mars kemur á markað önnur undirfatalínan sem gerð er í samvinnu við Nataliu Vodianovu, rússnesku ofurfyrirsætuna sem margir muna kannski eftir sem kynni í Eurovision-keppninni í Moskvu í fyrra. Þetta hefur virkað og að þessu sinni fór kynningin fram á Ritz-hótelinu. Þannig kaupir þetta ódýra tískumerki ímynd og athygli sem hefur mikið gildi á þessum síðustu og verstu. En Etam lætur ekki þar við sitja og ætlar sér enn stærri hluti í gegnum hinn svokallaða „E-commerce“ og nú á að bjóða viðskiptavinum að kaupa g-streng og haldara í gegnum GSM-símann.

bergb75@free.fr

Franska ljóðskáldið, listmálarinn og kvikmyndaleikstjórinn Jean Cocteau sagði um tískuna: „Í list verða til ljótir hlutir sem oftar en ekki verða fallegir með tímanum. Í tísku, hins vegar, verða til fallegir hlutir sem þykja ljótir með tímanum.“

http://educators.fidm.edu

Hvar eru þær nú?

Raunveruleikaþættirnir America´s Next Top Model eru orðnir fjórtán. Margir Íslendingar hafa fylgst spenntir með frá upphafi og því er gaman að velta fyrir sér hvað hafi orðið um sigurvegara keppninnar.

Fimmtán mínútna frægð keppenda í raunveruleikaþáttum endist yfirleitt stutt. Fáir vita um afdrif fólksins sem léttist um hundrað kíló í The Biggest Loser eða hvað sigurvegarinn í fyrsta Survivor-þættinum gerði við vinningsféð sitt. Hér verður skyggnst aðeins inn í líf fyrirsætna sem sigruðu í í fyrstu sjö þáttunum af America´s Next Top Model.

1. Adrianne Marie Curry (28 ára) er gift Christopher Knight, sem lék Peter Brady í þáttunum The Brady Bunch. Hún sér um vikulegan útvarpsþátt á útvarpsstöðinni NowLive, en hún á hluta í henni.
2. Yoanna House (30 ára) býr ásamt syni sínum og eiginmanni í New York. Sumarið 2008 stjórnaði hún raunveruleikaþættinum Queen Bees á sjónvarpsstöðinni N. Þar var reynt að koma vitinu fyrir illkvittnar stúlkur.
3. Eva Pigford (26 ára) heitir í dag Eva Marcille, en hún breytti nafni sínu þegar hún hóf leikaraferil. Hún lék til að mynda hlutverk Tyru Hamilton í sápuóperunni The Young and the Restless. Hún hefur leikið hlutverk í myndunum The Walk, Crossover og I Think I Love My Wife.
4. Naima Mora (26 ára) situr enn fyrir sem fyrirsæta. Hún er þó einnig söngvari í hljómsveitinni Chewing Pics, sem hefur þó ekki náð neinum teljandi vinsældum.
5. Nicole Linkletter (25 ára) er með samning við módelskrifstofur víða um heim. Í Los Angeles, Singapúr, Hong Kong, Tókíó og Mexíkó.
6. Danielle (Dani) Evans (25 ára) fékk samning við Ford-módelskrifstofuna eftir keppnina en er í dag með samning við Click Model Management.
7. CariDee English hefur birst í smáhlutverkum í þáttunum One Three Hill og Gossip Girl. Hún er nú þáttastjórnandi raunveruleikaþáttarins Pretty Wicked á sjónvarpsstöinni Oxygen. Hún lætur sig varða umhverfisvernd og dýravernd auk þess sem hún er talsmaður Psoriasis-samtakanna.

Glæsilegt úrval af fermingarkjólum

Við erum á facebook

Fleiri myndir á Facebook síðu Flash laugavegi.

FLASH

Laugaveg 54,
sími: 552 5201

Stjörnur í Marchesa

Stjörnurnar keppast um að klæðast kjólum frá breskættaða tískuhúsinu Marchesa.

Tískuhúsið Marchesa, sem er í eigu bresku hönnuðanna Georginu Chapman og Keren Craighefur, hefur náð góðri fótfestu að undanförnu en það sérhæfir sig í að skapa kjóla á stjörnur sem eiga það fyrir höndum að ganga rauða dregilinn. Á liðnum árum hafa leikkonur á borð við Kate Hudson og Siennu Miller skartað Marchesa-kjólum en það var þó Reneé Zellweger sem kom þeim á kortið er hún klæddist vínrauðum kvöldkjól á frumsýningu kvikmyndarinnar Leatherheads í Bretlandi árið 2008.

Söngkonan Rihanna vakti þó ekki síður athygli á MTV-verðlaunahátíðinni í fyrra í laser-skornum Marchesa-leðurkjól og hefur framleiðslan aukist úr nokkrum tugum kjóla í hundruð á skömmum tíma. Það sem einkennir hana fyrst og síðast er glamúr og hafa hönnuðirnir í ljósi velgengninnar flutt höfuðstöðvarnar frá Bretlandi til tískuborgarinnar New York.

- ve

Kate Hudson í Marchesa-kjól á Golden Globe-verðlaunahátíðinni hinn 17. janúar síðastliðinn.

Reneé Zellweger kom Marchesa á koppinn með því að klæðast þessum kjól snemma árs 2008.

Sienna Miller valdi Marchesa fyrir Golden Globe-verðlaunahátíðina árið 2007.

Rihanna klæddist Marchesa á MTV-verðlaunahátíðinni í fyrra og vakti kjóllinn verðskuldaða athygli.

Fimm vikna saumanámskeið hjá Vogue í Mörkinni 4 hefst þriðjudaginn 23. febrúar
Kennt er frá kl: 19:00-22:00.
Námskeið sem hentar bæði byrjendum og þeim sem eru lengra komnir.
Verð: 20.000 kr.
Skráningargjald greiðist fyrir 19. febrúar
Langar þig að skapa þér þinn persónulega stíl?
Vogue
20% afsláttur á efnum í verslun Vogue á meðan á námskeiðinu stendur.
Fleiri upplýsingar er að finna á: www.vogue.is eða í síma: 533 3500.

MAXIWELL II NUDDARINN loksins komin aftur!
- LÍTILL OG ÞÆGILEGUR
- HÆGT AÐ NOTA Á ALLAN LÍKAMANN
- LOSAR UM VÖÐVABÓLGU OG HARÐSPERRUR
- ENDURNÆRIR HÁLS, AXLIR, BAK OG FÆTUR
- STERKUR OG ENDINGARGÓÐUR
- TVEGGJA ÁRA VERKSMIÐJUÁBYRGÐ
WWW.LOGY.IS
LOGY EHF - BERJARIMI 6 - 112 REYKJAVÍK - SÍMI 661-2580 OG 588-2580
SENDUM Í PÓSTKRÖFU EÐA KEYRUM HEIM Á REYKJAVÍKURSVÆÐI

30 DAGA
HREINSUN Á MATARÆÐI
DAVÍÐ KRISTINSSON næringar- og lífsstílsþerapisti heldur fyrirlestur um 30 daga hreinsun á mataræði. Frábært tækifæri til að byrja núna að axla ábyrgð á eigin heilsu! Rúmlega 400 manns hafa lokið 30 daga hreinsun með mjög góðum árangri.
Laugardaginn 20. feb. í Heilsuhúsinu Selfossi kl: 17:00 -19:00
Fimmtudaginn 04. mars í Heilsuhúsinu Lágmúla kl: 20:00 - 22:00
Mánudagurinn 08. mars í Heilsuhúsinu Lágmúla kl: 20:00 - 22:00
Miðvikudaginn 10. mars í Heilsuhúsinu Lágmúla kl: 20:00 - 22:00
Mánudagurinn 15. mars í Heilsuhúsinu Lágmúla kl: 20:00 - 22:00
Fyrirlestur og glæsileg handbók með öllum upplýsingum semþú þarft. Skráning og nánari upplýsingar á www.30.is og í síma 864 9155. Námskeiðsgjald kr. 6.900 kr.
Uppselt er á flest námskeiðin í febrúar – Ný námskeið í mars!
www.heilsuhusid.is
heilsuhúsið

Ferming 2010
Glæsilegt úrval af fermingakjólum
Kjóll kr. 12.990
Leggings kr. 3.990
Ermar kr. 3.990
COSMO Kringlunni

Við höfum opnað stórglæsilega verslun að Laugarvegi 65 fulla af nýjum vörum. Í tilefni þess ætlum við að bjóða uppá
10 - 15% afslátt
af öllum fermingar- og árshátíðarkjólum um helgina.
Endilega kíkið í heimsókn
Með kveðju,
Starfsfólk ISIS

Fermingarföt

SÉRBLAÐ • FIMMTUDAGUR 11. FEBRÚAR 2010

Brúnleit jakkaföt.
Jakki : 21.390,-
Buxur: 10.790,-

Fjólublá skyrta,
2 í pakka m. bindi
7.490,-

Grá jakkaföt.
Jakki m. boðungum
22.890,-
Buxur 11.290,-

Hvít skyrta 3.190,-

Grá jakkaföt.
Jakki : 13.190,-
Buxur 5.890,-

Bláteinótt skyrta,
2 í pakka m. bindi
9.190,-

Svört jakkaföt, teinótt.
Jakki 15.190,-
Buxur 7.690,-

Skyrta m. bindi
5.190,-

next

Kringlunni

GJÖF SEM GEYMIR Í Garðheimum er hægt að kaupa skemmtilegar gestabækur til að geyma allar minningar dagsins. Í bókunum er meðal annars gestabók, myndaalbúm og hirsla fyrir fermingarkortin. Bækurnar eru tilvaldar tækifærisgjafir fyrir fermingarbarnið, enda eru minningarnar um þennan dag gulls ígildi.

Sindri Snær Jensson verslunarstjóri ásamt starfsfólki verslunarinnar 17 í Kringlunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Strákarnir fara ánægðir út

Fermingarfötin eru mikilvæg á stóra daginn. Straumar og stefnur breytast reglulega og er úrvalið fjölbreytt í ár.

„Aukahlutirnir eru sérstaklega vinsælir í dag," segir Sindri Snær Jensson, verslunarstjóri í Galleri Sautján, Kringlunni, um fermingarfatatískuna hjá strákum þetta árið. Hann segir strákana sækja í hatta, slaufur, axlabönd og vasaklúta í alls konar litum og úrvalið sé nóg í versluninni.

„Við vinnum þetta oft í kringum aðsniðin svört jakkaföt í grunninn og þá eru teknar hvítar skyrtur, rauðar, svartar eða köflóttar við. Einnig eru Diesel-gallabuxur í minni stærðum vinsælar og stakir jakkar við þær."

Jakkafatavesti njóta einnig vinsælda í ár og eru tekin bæði við gallabuxur, skyrtu og bindi eða við jakkaföt. Sindri segir alla geta fundið eitthvað við sitt hæfi í verslununi og að áhersla sé lögð á að strákarnir fari ánægðir út.

„Úrvalið hefur aldrei verið meira hjá okkur en við höfum boðið upp á fermingarföt í tuttugu ár. Við leggjum mikla áherslu á að strákarnir geti notað fötin áfram eftir fermingunna og bjóðum til dæmis upp á Bobby Burns-strigaskó á góðu verði bæði í svörtu og hvítu. Strákarnir geta notað þá við jakkafötin á fermingardaginn og eftir það geta þeir farið í þeim í skólann."

Sindri segir úrvalið af fermingarfötum í stöðugri þróun hjá verslununi og í ár er boðið upp á flotta nýjung í línuna, fleiri liti og efni þótt svörtu fötin séu vinsælust.

„Við erum mjög stolt af svörtum tvíhnepptum stuttfrakka í stærðum fyrir stráka sem er sniðinn og saumaður hér á saumastofunni okkar. Svona yfirhöfn höfum við ekki verið með áður fyrir fermingardrengi og höfum strax fengið frábærar viðtökur á þessari skemmtilegu nýjung."

Hvítir kyrtlar á fermingardaginn

Það var hinn 9. maí árið 1954 sem séra Jón M. Guðjónsson, prófastur á Akranesi, sá þá hugmynd sína verða að veruleika að fermingarbörn hans í Akraneskirkju klæddust hvítum kyrtli við fermingarathöfnina. Síðar varð úr að öll fermingarbörn á Íslandi klæddust slíkum kyrtlum á fermingardaginn.

Hugmyndin að baki þessum ráðahag var einkum sú að ekki yrði mögulegt að sjá mun á efnahag fjölskyldna, en sum börn voru ríkmannlega klædd meðan önnur klæddust tötrum. Þessi hefð, að klæðast hvítum kyrtli, er rík enn þann dag í dag. - kg

Hefðin að klæðast hvítum kyrtli á fermingardaginn hefur fest sig í sessi hérlendis.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 | **Umsjónarmaður auglýsinga:** Hlynur Steingrímsson hlynurs@365.is s. 512 5439

Hér sjást fyrirsæturnar Emilía og Fanney á milli þeirra Svövu Johansen og Sigrúnar Hjálmarsdóttur, sem á heiðurinn að hönnun kjólanna ásamt Ingu Rósu Harðardóttur. Starfsfólk hágreiðslustofunnar Primadonnu annaðist greiðslu stúlknanna. „Mér finnst útkoman glæsileg en liðað hár fer mjög vel við þessa rómantísku stefnu sem nú ræður ríkjum." FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Rómantískt í anda Chanel

Kjólar í pastellitum og svörtu eru áberandi í fatatísku stúlkna á fermingaraldri í ár að sögn Svövu Johansen, forstjóra fatakeðjunnar NTC.

„Kjólar af ýmsum gerðum í hálfgerðum pífu-blúndu-stíl undir áhrifum frá Coco Chanel eru langvinsælastir um þessar mundir," segir Svava Johansen, forstjóri fatakeðjunnar NTC, beðin um að lýsa því sem nú ber hæst í tísku hjá stúlkum á fermingaraldri. Hún bætir við að kjólarnir séu annaðhvort einlitir eða tvílitir og yfirleitt þrengri að ofan en pilsin laus. Mildir litir á borð við ferskjulitað og fölfjólublátt eru áberandi að hennar sögn og koma vel út við svart og hvítt. „Við lögðum áherslu á að hafa fermingarfötin á hagstæðu verði og mikið notagildi, þannig eru kjólarnir til dæmis sætir í sumar við gallajakka og leggings."

Því er óhætt að segja að kvenleg snið séu ríkjandi í ár þar sem rómantíkin svífur yfir vötnum. „Stelpurnar eru mjög hrifnar af þessari tísku og persónulega finnst mér gaman að sjá umbreytinguna sem verður á þeim þegar þær eru komnar í kjólana. Þeir eru oft mjög frábrugðnir hversdagsklæðunum og í þeim verða stelpurnar kvenlegri."

Svava tekur fram að kjólarnir séu íslensk hönnun en þeir eru úr smiðju Sigrúnar Hjálmarsdóttur fatahönnuðar og Ingu Rósu Harðardóttur rekstrarstjóra. „Kjólana unnu þær meðal annars út frá sínum hugmyndum og starfsstúlkna í Galleri Sautján og hafa hannað frábæra línu, eins og sannast best af þessari glæsilegu útkomu."

Við kjólana segir Svava algengt að stúlkur velji fylgihluti eins og spangir, belti, sokka og krossa. Til dæmis eru satín-hárspangir með risablómi í ýmsum litum mjög vinsælar, teygjubelti, slaufubelti í anda Coco Chanel eða háir sokkar með satín-slaufum. Sokkabuxur eru svo oft svartar en svo er flott að velja sér einhverja bjarta liti við svörtu kjólana," nefnir hún. „Skórnir eru ýmist uppreimaðir í anda Mary Poppins eða litlir hælaskór og fást í ýmsum litum."

Svava segir tískuna taka stöðugum breytingum og til að mynda skilji himinn og haf milli fermingartískunnar nú og þeirrar sem var við lýði þegar hún fermdist. „Við fórum fjórar vinkonurnar í Karnabæ og keyptum okkur allar tweed-dragtir, en gættum þess þó að velja skyrtur og skó hver í sínum lit til að vera ekki eins," segir hún og hlær. „Ég man að ég valdi mér skó og skyrtu í millibleikum lit og var sjálfsagt eins og lítil kona til fara, en þetta þótti alveg svakalega flott þá."

Svava, sem er sjálf að ferma son sinn á árinu, segir unglinga hafa breyst mikið. „Almennt finnst mér þeir ofsalega þroskaðir í dag, stunda íþróttir af miklum eldmóði og eru með heilbrigða hugsun. Ég veit ekki hvort það stafar af því að margir eru með allan hugann við ferminguna eða ekki en mér finnst flestir vera í góðum málum og ekkert alltof uppteknir af ástandinu, gagnstætt því sem oft er haldið fram og sem betur fer segi ég bara. Við foreldrar verðum bara að halda vel utan um þau til að þetta heilbrigði viðhaldist."

● KROSSAR UM HÁLSINN Fermingin er í flestum tilfellum kristin athöfn. Því er kjörið að gefa bæði stúlkum og drengjum fallega krossa um hálsinn. Slík gjöf endist lengi og er minning um góðan dag og vottur um þá staðfestingu sem barnið veitti trúnni.

Fyrir utan það eru krossar fallegt skart sem passar vel við flest tækifæri enda hægt að fá þá í fjölmörgum útfærslum. Einfaldir, steinum skreyttir, flúraðir, úr gulli og silfri.

Fjóla Þorkelsdóttir gullsmiður er ein þeirra sem hefur spreytt sig á krossahönnun. Hún rekur verslunina Fjóla gullsmiður við Hafnargötu í Keflavík. Fjóla hefur hannað fjölda skartgripalína s.s. fjörusteinslínuna, þar sem skartgripirnir mynda sjávarslípaða steina í fjöruborði við Íslandsstrendur. Einnig hefur hamraða línan hennar verið vinsæl þar sem ísetning steina í gripina er oft hönnuð með vísan til stjörnukerfa. Í smíðinni notar Fjóla eðalmálmana gull og silfur, leður og fjölbreytt steinaval.

Myndir af skartgripum Fjólu má finna á vefslóðinni www.skart.is.

● KJÓLARNIR LITAÐIR EFTIR FERMINGU Snemma á síðustu öld tóku ljósir blúndukjólar við hlutverki upphluts á fermingardag ungra stúlkna hér á landi og hjá mörgum fjölskyldum þykir enn í dag ekki annað koma til greina en fermingarstúlkur séu ljósklæddar.

Á tímum nýtni og minni efna var algengt að daginn eftir fermingu væru kjólarnir litaðir í dekkri lit og þeir þá notaðir áfram af heimasætunum til daglegra nota. Einnig var algengt að kjólarnir gengju á milli systra og frænkna, en kjóllinn var nær aldrei notaðir óbreyttur eftir fermingardaginn sjálfan af fermingarbarninu.

Kjóll með blúndu
10.290,-

Kjóll, marglitur
með púffermum
11.990,-

Gallakjóll
10.490.-

Kjóll
7.390.-

next

Kringlunni

Kjóll 11.990
Sokkabuxur 2.990
Skór (Focus) 7.990

Biker jakki 13.990
Kjóll 9.990
Sokkar 2.990
Skór (Focus) 7.990

Kjóll 11.990
Sokkabuxur 4.990
Skór (Focus) 7.990

Biker jakki 13.990
Kjóll 9.990
Sokkabuxur 2.990
Skór (Focus) 6.990

ljósmyndun:
Aldís Pálsdóttir
hárgreiðsla:
PRIMADONNA

galleri sautján
Laugavegi | Kringlunni | Smáralind | www.ntc.is | erum á facebook

Hafdís, verslunarstjóri í Next, hvetur fólk til að velja fermingarfatnaðinn tímanlega meðan úrvalið sé mest og tóm sé til að stytta og breyta.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Mörg fermingarbörn með sterkar skoðanir

Fermingarfatnaður á bæði kyn fæst í úrvali hjá Next í Kringlunni. Dökkir litir eru áberandi bæði í kjólum stúlknanna og jakkafötum drengjanna en fylgihlutir og teinóttar skyrtur lífga upp á.

„Almennir tískustraumar hafa áhrif á fermingarföt barnanna og mörg þeirra hafa sterkar skoðanir á því hvernig föt þau vilji," segir Hafdís Runólfsdóttir, verslunarstjóri í Next. Dökkir litir einkenna fatnaðinn þetta árið. Mikið er um kjóla og skokka á stelpurnar, yfirleitt frekar stutta. „Þeir eru flottir með sokkabuxum eða leggings," bendir Hafdís á. Grunnlitirnir eru svartur, brúnn, blár og rauður en áhrifa vorsins gætir líka með mynstrum í ljósari tónum. Þó að einfaldleikinn sé ríkjandi þá sjást einnig rykkingar á öxlum sem mynda smá púff. Bolir, toppar og klútar eru í úrvali í Next og Hafdís bendir líka á að fínar buxur og pils fáist fyrir þær sem taki þann klæðnað fram yfir kjólana. „Svo erum við með mikið af fylgihlutum fyrir fermingarstúlkurnar, skart, sokkabuxur, leggings og töskur," segir Hafdís. Spurð út í skóna sýnir hún bæði fína lágbotna skó og nokkrar gerðir með smá hæl sem hún segir vinsælli.

Við færum okkur í herradeildina og þar blasa við jakkaföt í flestum stærðum og þremur síddum, bæði í buxum og jökkum. Jakkarnir eru yfirleitt aðsniðnir þetta vorið. „Ungu strákarnir eru margir svo grannir að það klæðir þá betur að vera í aðsniðnu," útskýrir Hafdís. „Jakkafötin eru flest svört en einnig fást dökkblá, dökkgrá og brún. Skyrturnar lífga upp á, þar eru ljósu litirnir allsráðandi. Þó er lítið um hvítar skyrtur, en bláir, bleikir og gráir tónar áberandi og margar skyrtur eru teinóttar. Svo þarf að finna bindi sem passar bæði við jakkafötin og skyrtuna og drengirnir þurfa auðvitað fallega skó ekki síður en dömurnar. Allt fæst þetta í Next og ermahnappar líka."

En er fólk farið að spekúlera í fermingarfötum í byrjun febrúar? „Já, og við hvetjum fólk til að vera tímanlega á ferðinni meðan úrvalið er sem mest. Það er ekki gott að bíða með slík kaup þar til viku fyrir fermingu," segir Hafdís ákveðin og bendir á að það sé ekki bara vegna þess að tafsamara sé nú en sum fyrri ár að fá vörur að utan, stundum þurfi líka að stytta eða breyta einhverju. „Við erum í viðskiptum við saumastofu og bjóðum upp á styttingar og breytingar en það er mikið að gera fyrir fermingar á slíkum stofum svo það er um að gera að hafa fyrirvara," segir hún.

„Svo erum við auðvitað líka með föt á foreldrana og aðra í fjölskyldunni sem henta í fermingarveisluna," segir Hafdís brosandi að lokum og okkur ber saman um að þetta sé líkast og í kaupfélaginu þar sem allt var til, bæði smátt og stórt.

Ritningarvers og heillaóskir

Á fermingardaginn eignast margir sína fyrstu sálmabók. Til að gera bókina enn persónulegri og tengja hana þessum stóra degi er fallegt að merkja fermingarbarninu hana með gyllingu.

Víða er hægt að láta gylla á bækurnar en til dæmis er hægt að kaupa sálmabækur í Blómavali og láta gylla þær þar. Bókin kostar 1.790 krónur og fæst í svörtu og hvítu. Gyllingin kostar síðan 1.299 krónur. Þar er boðið upp á þá nýjung í ár að fá aukablaðsíðu fremst í bókina fyrir 998 krónur en á hana er til dæmis hægt að fá ritningarvers letrað eða heillaóskir til fermingarbarnsins. Nánar á heimasíðu Blómavals, www.blomaval.is

Í Kirkjuhúsinu við Laugaveg fást einnig fallegar sálmabækur og þar er hægt að fá gyllingu.

Víða er hægt að kaupa sálmabækur og láta síðan gylla þær.

Bókin kostar þar 2.000 krónur og gyllingin 1.380. Sjá heimasíðu Kirkjuhússins, www.skalholtsutgafan.is.

Í Garðheimum fást sálmabækur á 2.100 krónur og þar er einnig hægt að láta gylla nafn eða áletrun á 1.380 krónur. Nánari upplýsingar á heimasíðu Garðheima, www.gardheimar.is.

112 blaðið

11.2.
EINN EINN TVEIR
dagurinn 2010

KANNT ÞÚ SKYNDIHJÁLP?

„Já, ég kann skyndihjálp. Sem betur fer hef ég verið laus við að beita skyndihjálp en sjálfur hef ég þurft á henni að halda."
Ólafur Elíasson, fyrrverandi sjómaður.

„Nei, ég kann ekki skyndihjálp en ég er alltaf á leiðinni að læra hana."
Hrafnhildur Hjaltadóttir, starfsmaður í heildsölu.

„Ég lærði einu sinni skyndihjálp og bý vonandi að því."
Margrét Örnólfsdóttir, námsmaður í Háskóla Íslands og eftirlaunaþegi.

„Ég lærði skyndihjálp þegar ég starfaði í sundlaug í nokkur ár og það er nauðsynlegt að rifja hana upp reglulega."
Þóðbjörg Jónsdóttir, starfsmaður Securitas.

„Nei, en ég hef safnað flöskum til styrktar veiku fólki."
Benedikt Aron Sigurþórsson, nemi í Ísaksskóla.

Þeir sem hafa farið á skyndihjálparnámskeið á allra síðustu árum eru miklu líklegri en aðrir til að hjálpa við erfiðar aðstæður. Þetta sýnir könnun sem Gallup lét gera fyrir 112.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Getur þú hjálpað þegar á reynir?

Kannt þú skyndihjálp? Myndirðu treysta þér til að endurlífga manneskju sem hnigið hefur niður í hjartastoppi? Eða koma mikið slösuðum einstaklingi til hjálpar? Oftast kemur fólk að vini eða ættingja í slíkum aðstæðum.

Könnun sem Capacent Gallup hefur gert fyrir 112 sýnir svo ekki verður um villst að þeir sem hafa farið á námskeið í skyndihjálp á allra síðustu árum eru miklu líklegri en aðrir til að hjálpa við erfiðar aðstæður. Um 27 prósent svarenda hafa farið á námskeið í skyndihjálp á síðustu þremur árum. Um níutíu prósent þeirra myndu treysta sér til að veita ókunnugum og bráðveikum eða alvarlega slösuðum einstaklingi skyndihjálp. Aftur á móti treysta aðeins 37 prósent þeirra sem hafa aldrei farið á námskeið í skyndihjálp sér til að veita ókunnugum og bráðveikum eða alvarlega slösuðum einstaklingi skyndihjálp. Um 20 prósent svarenda höfðu aldrei farið á námskeið í skyndihjálp.

Neyðarverðir, lögreglan, sjúkraflutningamenn, björgunarsveitir, læknar, hjúkrunarfræðingar og aðrir sem aðstoða vegna slysa, veikinda og annarra áfalla treysta á liðsinni almennings, því viðbragðsaðilar koma sjaldnast fyrstir á vettvang slíkra atburða. Oftast kemur venjulegur borgari fyrst að, tilkynnir um atburðinn og veitir fyrstu aðstoð, líkamlega og andlega. Þessi fyrstu viðbrögð geta skipt miklu um afdrif fólks og hvernig til tekst með björgun. Þess vegna er mikilvægt að sem flestir kunni skyndihjálp og treysti sér til að veita hana þegar á reynir.

112-dagurinn er að þessu sinni helgaður þeim fjölmörgu sem á hverju ári koma að þar sem meðborgari hefur slasast eða veikst skyndilega, hringja í 112 og veita fyrstu aðstoð uns sérhæfð aðstoð berst. Það tekur í besta falli örfáar mínútur, í versta falli líða klukkustundir þangað til sérhæft björgunarlið kemst á staðinn. Á meðan eru neyðarverðir í sambandi við þann sem tilkynnt hefur um atburðinn og sameiginlega reyna þeir að veita bestu mögulega aðstoð.

Fjölmörg dæmi eru um það á hverju ári að viðbrögð venjulegs fólks á vettvangi ráða miklu um hvernig til tekst með björgun og afdrif slasaðra og mikið veikra. 112 og aðrir sem standa að 112-deginum kunna öllu þessu fólki bestu þakkir fyrir frábært framlag við erfiðar aðstæður.

www.112.is

● VEISTU ÞETTA?

1) *Hjartaverkur getur borist:*
- **a.** út til axla
- **b.** upp í háls
- **c.** út í handlegg
- **d.** allt ofangreint er rétt

2) *Það sem ræður úrslitum um lífslíkur einstaklings eftir hjartastopp er:*
- **a.** hversu gamall hann er
- **b.** hversu langur tími líður þar til hann fær hjartarafstuð
- **c.** að endurlífgun sé beitt á fyrstu mínútum eftir hjartastoppið
- **d.** bæði b og c er rétt

3) *Hvenær má hætta endurlífgun?*
- **a.** þegar sjúklingurinn fer að anda eðlilega
- **b.** þegar fagfólk kemur á staðinn og tekur við
- **c.** þegar skyndihjálparmaðurinn örmagnast
- **d.** allt ofangreint er rétt

Rétt svör er að finna á baksíðu 112-blaðsins.

ÁVARP LANDLÆKNIS

Neyðarlínan 112

Með konungsúrskurði 18. mars 1760 var fyrsti landlæknirinn skipaður og tók hann búfestu í Nesstofu við Seltjörn á Seltjarnarnesi frá árinu 1763 og hélst svo til ársins 1833. Í erindisbréfinu var honum meðal annars falin umsjón með heilbrigðismálum landsins og að stuðla að menntun heilbrigðisstarfsfólks. Á þessum tíma voru samgöngur erfiðar, yfir fljót að fara og langt á hestleiðum að sækja sér heilbrigðisþjónustu.

Í dag eru tímarnir breyttir. Nú má segja að samgöngur séu almennt góðar og greiðfært á milli helstu byggða landsins, oftast nær. Einnig eru heilsugæslustöðvar og sjúkrahús í helstu þéttbýliskjörnum þar sem vel menntað starfsfólk er til staðar, auk lögreglu, björgunarsveita og annarra til, ef þörf er á sjúkraflutningum og annarri hjálp.

Þótt aðgengi sé almennt gott að heilbrigðisþjónustu þá geta komið stundir þar sem skyndilegir og alvarlegir atburðir gerast þegar miklu skiptir að bregðast fljótt við. Það er á slíkum stundum sem þekking á fyrstu hjálp getur skipt sköpum. Þá gegnir síminn lykilhlutverki, ekki síst í strjálbýlu landi eins og okkar. Það eru þó ekki mörg ár síðan menn í sveitum landsins fengu samband með því að snúa tvær stuttar - eina langa og gátu spjallað við næsta bæ sem þekkti taktinn og að á sig væri kallað. Í dag er farsíminn hendi næst ur hjá flestum og samskipti auðveld við fjölskyldu og vini og þegar neyð steðjar að.

Neyðarlínan 112 hefur á liðnum árum verið líflína margra. Þar er alltaf einhver á vakt allan sólarhringinn og landsmenn vita að þangað geta þeir leitað hjálpar ef þeir hafa áhyggjur af sér og sínum nánustu. Fjöldi símtala á hverju ári segir sína sögu um það traust sem landsmenn hafa á þjónustunni. Þeir vita sem er að ef þeir hringja þá verður allt gert til að leysa vanda þeirra eftir því sem efni og ástæður gefa tilefni til. Neyðarlínan 112 er því einn þáttur grunnþjónustunnar sem sýnir að okkur sem búum hér á landi er ekki sama um náungann og hvernig honum reiðir af.

Í tilefni dagsins færi ég starfsfólki Neyðarlínunnar 112 mínar bestu kveðjur með þökk fyrir þá mikilvægu þjónustu sem það veitir okkur landsmönnum árið um kring.

Geir Gunnlaugsson, landlæknir.

Sigurður er starfsmaður ársins hjá Neyðarlínunni en þá nafnbót hlýtur sá sem er fljótastur að greina málin og koma þeim áleiðis.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Mikilvægt að halda ró

Mikilvægasta verkefni neyðarvarða Neyðarlínunnar er að halda ró sinni og greina erindi innhringjenda eins hratt og vel og mögulegt er.

Starf neyðarvarða hjá Neyðarlínunni er vandasamt og ekki á allra valdi. „Það eru gerðar miklar kröfur til okkar og við þurfum að hafa mjög góða stjórn á okkur þegar berast símtöl þar sem jafnvel er um líf og dauða að tefla. Við þurfum að halda ró okkar til að geta fengið réttar upplýsingar og leiðbeint þeim sem hringir inn á réttan hátt," segir Sigurður Ottesen, sem hefur starfað sem neyðarvörður í tíu ár og var útnefndur starfsmaður ársins á síðasta ári.

Viðurkenningin var veitt fyrir að vera fljótastur að greina málin og koma þeim áleiðis. „Við gefum okkur níutíu sekúndur til að greina erindið og ákveða hvort það eigi að senda mannskap á staðinn en símtölin okkar eru yfirfarin af lækni og yfirmönnum Neyðarlínu sem fylgjast með því að allt fari rétt fram." Sigurður segir erfiðustu samtölin þegar um er að ræða meðvitundarleysi, þegar alvarleg slys hafa átt sér stað og þegar börn eiga í hlut. „Okkar hlutverk er eftir sem áður að ná stjórn á símtalinu og fá fólk til að gefa okkur upplýsingar til að geta strax sent aðstoð og rétta aðila á staðinn. Sá sem fyrst hringir er okkar mikilvægasti innhringjandi og augu okkar á staðnum."

Neyðarverðir þurfa að hafa sérstaklega góða landfræðilega þekkingu enda ætlast fólk sem hringir til að þeir viti nákvæmlega hvar þeir eru staddir á landinu. „Ég þekki landið orðið eins og lófann á mér enda erum við í sambandi við alla sjúkraflutninga á landinu, boðum út öll slökkvilið, allar björgunarsveitir, lögreglu og lækna.

Sigurður vekur máls á skyndihjálparþema Neyðarlínunnar í ár en miklu máli skiptir að sem flestir kunni réttu skyndihjálpartökin. „Með því að beita skyndihjálp og hefja lífgunartilraunir strax má bjarga mannslífum og geta rétt viðbrögð skipt sköpum á meðan beðið er eftir aðstoð. Við lendum þó stundum í því að fólk veigrar sér við því að hreyfa við jafnvel deyjandi fólki. Ég bendi því öllum á Rauða krossinn og Landsbjörg þar sem er boðið upp á ýmiss konar skyndihjálparkennslu.

Starfsmenn Neyðarlínunnar fara með öðrum yfir erfið mál til að geta lagt mat á hvort þeir hafi brugðist rétt við. „Störf okkar eru undir stöðugri smásjá enda verðum við ávallt að sanna okkur á stundinni og þýðir lítið að gera betur næst."

- ve

Allt betra en ekkert

Sigurður Betúel Andrésson lögreglumaður var staddur í bakaríi í Kópavogi við afgreiðsluborðið þegar hann heyrði skarkala fyrir aftan sig, leit við og sá að fram á borð lá maður í krampa. Hann þurfti að hafa snör handtök og hefja lífgunartilraunir.

„Í fyrstu var eins og hann væri með lífsmarki en svo fjaraði það út og maðurinn svaraði engu áreiti. Þegar við fundum engan púls eða andardrátt var ekki um annað að ræða en byrja að hnoða," segir Sigurður Betúel en félagi hans kom fljótlega og fór með honum í lífgunartilraunirnar. „Ég blés og félagi minn hnoðaði og eftir tvær til þrjár umferðir komst hann til meðvitundar og fór á spítala."

Sigurður hefur ótal oft þurft að beita lífgunaraðferðum enda hluti af þjálfun og starfi lögreglunnar en margir lögreglumenn eru einnig með aukalega þekkingu í björgunaraðgerðum. Sigurður segir að honum finnist hinn almenni borgari vera nokkuð meðvitaður um hvernig beita skuli lífgunaraðferðum. „Margir hafa farið á námskeið og þetta er fljótt að rifjast upp fyrir fólki ef til kastanna kemur, þótt líkurnar séu hverfandi á því að fólk muni einhvern tímann þurfa að beita þessu. Yfirleitt er allt betra en ekkert."

- jma

Sigurður Betúel Andrésson lögreglumaður segir lögregluna fá ótal útköll þar sem beita þurfi skyndihjálp.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

● 112-DAGURINN UM ALLA EVRÓPU 11. febrúar er 112-dagurinn, dagur neyðarnúmersins, haldinn á Íslandi og í löndum Evrópusambandsins. 112-dagurinn er nú haldinn á Íslandi í sjötta sinn en í annað sinn um alla Evrópu. Í öllum löndum ESB er unnt að leita aðstoðar lögreglu, sjúkraliðs, slökkviliða og björgunarfólks án endurgjalds í gegnum sama neyðarnúmer og á Íslandi, 112.
Kannanir sýna að níu af hverjum tíu Evrópubúum eru ánægðir með hið samræmda neyðarnúmer. Á hinn bóginn þekkja aðeins 25 prósent íbúa Evrópusambandsins númerið. Því er lögð áhersla á að kynna númerið og notkun þess um alla Evrópu á 112-daginn, 11. febrúar. Kannanir sýna hins vegar að næstum 99 prósent Íslendinga þekkja neyðarnúmerið.
Til að auka kynningu á þessu mikilvæga númeri var sett á fót sérstök stofnun með aðsetur í Brussel, 112 Foundation. Hún tekur nú þátt í kynningu á neyðarnúmerinu víða um Evrópu.



● VEISTU ÞETTA?

4) Til að tryggja öryggi á vettvangi umferðarslyss þarf meðal annars að:
- **a.** kveikja viðvörunarljós bifreiða
- **b.** setja upp viðvörunarþríhyrninga
- **c.** rjúfa straum á bifreið ef hætta er á að eldur kvikni
- **d.** allt ofangreint er rétt

Rétt svör er að finna á baksíðu 112 blaðsins.

Útgefandi: Neyðarlínan ohf. Skógarhlíð 14, 105 Reykjavík, sími 570 2000 | **Ábyrgðarmaður:** Dagný Halldórsdóttir | **Umsjón:** Garðar H. Guðjónsson.
Blaðið er gefið út í tilefni af 112-deginum | Að honum standa: 112, Neyðarlínan – Barnaverndarstofa – Brunamálastofnun – Flugstoðir – Landhelgisgæslan – Landlæknisembættið – Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna – Rauði kross Íslands – Ríkislögreglustjórinn – Slysavarnafélagið Landsbjörg – Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins

Lét Neyðarlínuna leiða sig í gegnum lífgunaraðgerðir

Einn venjulegan föstudagsmorgun vaknaði Sigfús Ólafur Guðmundsson við það að frá fyrrverandi kærustu hans bárust kokhljóð þar sem hún lá sofandi. Fljótlega uppgötvaði hann að hún andaði ekki og hringdi strax í 112.

„Ég hélt í fyrstu að hún væri eitthvað að stríða mér þar sem við vorum vön að vakna á þessum tíma, milli klukkan sex og sjö á morgnana, til að fara í vinnu. Eftir smástund fer mig að gruna að þetta sé eitthvað annað og fer að stumra yfir henni og uppgötva að hún andar ekki," segir Sigfús sem hringdi í 112 en starfsfólk Neyðarlínunnar leiddi hann í gegnum lífgunaraðgerðir. Sigfús bjó svo vel að hafa farið þrisvar sinnum á námskeið í skyndihjálp, einu sinni er hann var í unglingadeild björgunarsveitarinnar í Neskaupstað, annað skiptið er hann tók sundlaugarvarðarpróf og svo lærði hann skyndihjálp þegar hann kláraði einkaþjálfaranámskeið hjá World Class.

„Þeir hjá Neyðarlínunni leiddu mig í gegnum endurlífgunina í gegnum símann og ég fékk ótrúlega góða leiðsögn og aðstoð hjá þeim þar til sjúkrabíllinn kom á staðinn. Þeir sögðu mér nákvæmlega hvenær ég ætti að hnoða og hvenær ég ætti að blása. Um fjórar eða fimm mínútur liðu svo þar til sjúkrabíllinn kom og hún var enn meðvitundarlaus þegar þeir mættu á staðinn."

Eftir fjörutíu mínútna endurlífgunartilraunir komst fyrrverandi kærasta Sigfúsar til meðvitundar en í ljós kom að hún er með arfgengan hjartagalla sem gerir það að verkum að of langt getur verið á milli hjartaslaga.

„Það skipti eflaust sköpum að ég gat hafið endurlífgunartilraunir strax með hjálp Neyðarlínunnar sem og snör handtök sjúkraliðanna," segir Sigfús, sem stefnir á annað skyndihjálparnámskeið nú í febrúar.

- jma

Sigfús Ólafur Guðmundsson þurfti að beita endurlífgunartilraunum á fyrrverandi kærustu sína en hún er með arfgengan hjartagalla. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Veitum sálræna aðstoð

Hjálparsíminn veitir meðal annars sálrænan stuðning til fólks sem orðið hefur vitni að slysum. Einnig eru dæmi um að viðbragðsaðilar hafi nýtt sér þjónustuna.

Elfa Dögg Leifsdóttir, verkefnastjóri hjá Hjálparsímanum, segir símann vera ókeypis þjónustu sem opin er allan sólarhringinn. Þeir aðilar sem nýta sér þjónustu Hjálparsímans eru flestir að leita eftir sálrænum stuðningi og aðstoð. „Kortum með símanúmeri okkar hefur verið dreift á slysstöðum til þeirra sem hafa orðið vitni að slysinu en tengjast ekki fórnarlambinu á nokkurn hátt, það fólk situr oft eftir með erfiðar tilfinningar sem geta valdið mikilli geðshræringu," útskýrir Elfa Dögg.

Starfsmenn Hjálparsímans eru bæði sjálfboðaliðar og starfsfólk með mismunandi bakgrunn. Elfa Dögg tekur þó fram að allir starfsmenn fari í gegnum ströng námskeið og hljóti góða þjálfun áður en störf eru hafin. „Okkar starf er að hlusta á fólk og benda því á möguleg úrræði. Það gerir oft gæfumuninn í þessum málum að fólk fái að ræða vandamál sín upphátt við einhvern og fá þannig betri yfirsýn svo hægt sé að ákveða næsta skref. Það eru ekki til neinar töfralausnir en þetta veitir fólki hvatningu til að nýta sér þau úrræði sem til eru." Elfa Dögg segir þann fjölda fólks sem notfærir sér þjónustu Hjálparsímans fara vaxandi með ári hverju og nefnir að árið 2009 hafi um 26.000 símtöl verið afgreidd. Aðspurð segir hún vandamál fólks vera af ýmsum toga en flestir sæki sér aðstoð vegna þunglyndis og kvíða; einnig hafi margir hringt vegna vandamála sem tengjast fjármálum og atvinnuleysi í kjölfar kreppunnar. „Við erum í góðu samstarfi við 112 og bráðamóttöku geðsviðs. Mér sýnist á öllu að símaþjónusta sem þessi sé fólki afar mikilvæg og það er mikið öryggi í því að hægt sé að hafa símann opinn allan sólarhringinn," segir Elfa Dögg.

-sm

Elfa Dögg Leifsdóttir, verkefnastjóri hjá Hjálparsímanum, segir þjónustuna vera mikilvæga mörgum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

● FARÐU Á NÁMSKEIÐ – ÞAÐ BORGAR SIG Ef þú hefur aldrei farið á námskeið í skyndihjálp eða liðin eru þrjú ár síðan eða meira er tímabært að þú skráir þig á námskeið hið fyrsta. Það er of seint að læra réttu viðbrögðin þegar á hólminn er komið.

Deildir Rauða krossins bjóða upp á mikið úrval námskeiða í skyndihjálp og sálrænum stuðningi fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Þú getur skráð þig á www.redcross.is.

Getur skilið á milli lífs og dauða

Skyndihjálp getur skipt sköpum þegar mannslíf er í hættu. Sálrænn stuðningur þykir einnig mjög mikilvægur. Sigrún Guðný Pétursdóttir, hjúkrunarfræðingur á slysa- og bráðadeild Landspítalans í Fossvogi, segist muna eftir nokkrum tilfellum þar sem skyndihjálp hafi skipt sköpum og segir hún skyndihjálp oft geta skilið milli lífs og dauða.

„Eitt sinn kom til okkar ungbarn sem var með aðskotahlut fastan í hálsinum og gat ekki andað. Eldri bróðir barnsins, sem var aðeins um átta ára gamall, brást skjótt við, hringdi í Neyðarlínuna og náði svo í nágranna sem blés í barnið og bjargaði því. Annað tilfelli sem ég man eftir ber vott um viðleitni almennings til að hjálpa, en þá hafði kona velt bíl sínum á fáförnum sveitavegi. Það hafði verið bíll á undan henni og bílstjórinn tekur eftir því þegar ljósin á bíl konunnar hverfa í baksýnisspeglinum og hann snýr við til að athuga hvað gerst hafði. Það hefur skipt sköpum fyrir konuna því hún hálsbrotnaði við bílveltuna," segir Sigrún Guðný.

Sálrænn stuðningur er einnig mikilvægur þeim sem orðið hafa fyrir slysi eða áfalli og segir Sigrún Guðný grundvallaratriði sálræns stuðnings vera nálægð og umhyggju. „Skyndihjálp getur einnig verið andlegur stuðningur við þann sem lent hefur í áfalli.

Sigrún Guðný Pétursdóttir, hjúkrunarfræðingur á slysa- og bráðadeild Landspítalans, segir skyndihjálp oft geta skilið milli lífs og dauða. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ég man eftir gamalli konu sem hafði dottið og fótbrotnað og hún var mjög þakklát þeim sem kom að henni og hringdi á hjálp því sá aðili beið með henni þar til hjálpin barst."

Sigrún Guðný telur að það sé mikilvægt að allir læri skyndihjálp og þá sérstaklega hjartahnoð og segir betra að fólk reyni hjartahnoð heldur en að sleppa því alfarið ef komið er að manneskju í hjartastoppi. „Sé fólk óöruggt er alltaf hægt að hringja í Neyðarlínuna og fá leiðbeiningar og aðstoð," segir hún.

-sm

● VEISTU ÞETTA?

5) *Til að meta ástand slasaðs einstaklings og hvort þörf er á frekari aðstoð:*

- **a.** er nóg að líta á hann og spyrja hvort hann finni til
- **b.** þarf að skoða hann og meta meðvitund og öndun
- **c.** er best að gera sem minnst og bíða eftir því að fagfólk komi á staðinn
- **d.** ekkert ofantalinna svara er rétt

6) *Sálrænn stuðningur í kjölfar áfalls getur:*

- **a.** minnkað líkur á alvarlegum geðrænum einkennum
- **b.** flýtt líkamlegum bata
- **c.** dregið úr sektarkennd
- **d.** allt ofangreint er rétt

Rétt svör er að finna á baksíðu 112-blaðsins.



● NEYÐARNÚMER BARNAVERNDAR Með samningi barnaverndarnefnda við Neyðarlínuna er nú hægt að ná sambandi við allar barnaverndarnefndir landsins gegnum 112. Ef grunur leikur á að barn búi við vanrækslu og/eða ofbeldi eða stefni eigin heilsu í hættu til dæmis með áfengis- eða vímuefnaneyslu ber að tilkynna það. Það er í verkahring barnaverndarnefndar að kanna málið frekar og taka afstöðu til þess. Ekki gera ráð fyrir að þegar sé búið að tilkynna mál eða að aðstæður barnsins lagist. Hver tilkynning skiptir máli og vega tvær tilkynningar þyngra en ein. Tilkynna ber undir nafni en þó er hægt að fara fram á nafnleynd. Barnaverndarnefnd vinnur langflest mál í samvinnu við foreldra og börn en nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Barnaverndarstofu, www.bvs.is.

Mikilvægt er að fólk komi sér sem fyrst út úr brennandi húsi.

Forðum okkur ef hægt er

Það er góð meginregla að dvelja ekki í húsi sem eldur er laus í. Séu greiðar leiðir út undir bert loft er rétt að fólk fari úr húsinu þar til slökkvilið telur öruggt að fólk fari inn aftur. Hefti eldur eða reykur rýmingu úr húsi verður að leita útgöngu á svalir eða á sem öruggastan stað innandyra þar til eldur hefur verið slökktur og flóttaleiðir reykræstar.

Ef eldur eða reykur er í stigagangi fjölbýlishúss ráðleggur Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins íbúum að fylgja þessum reglum:

- *Farið aldrei út í stigagang sem reykur er í. Þótt hann virðist lítill getur hann hæglega magnast og lokað leiðinni út. Slíkar aðstæður hafa kostað mannslíf.*
- *Haldið ykkur þá í íbúðinni og lokið dyrum og gluggum svo að reykur berist ekki inn. Hringið í 112 og bíðið eftir aðstoð.*
- *Gerið vart við ykkur á svölum eða með því að hengja flík eða lak út um glugga ef svalir eru ekki á íbúðinni. Þá sér slökkvilið hvar fólk er lokað inni.*

Ef reykur berst inn með dyrum eða í gegnum loftræstingu á að þétta með blautum handklæðum eða límbandi. Í fjölbýlishúsum sem byggð eru síðustu 30 árin eru íbúðir yfirleitt með 90 mínútna brunamótstöðu og svölum og eru því nokkuð öruggir staðir meðan slökkvilið slekkur eld og reykræstir. Fjölmargar íbúðir í eldri húsum eru einnig með góða brunamótstöðu og viðunandi eldvarnir. Þegar slökkvilið kemur á staðinn tekur það ákvörðun um hvort rýma skuli hús eða að fólk bíði áfram í íbúðum sínum.

Íbúar geta dregið úr hættu á íkveikju í stigagöngum og sorpgeymslum með því að hafa engin brennanleg efni í stigagöngum eða í opnum kjallararýmum. Á þetta til dæmis við um rusl eða hluti sem ættu að vera í þar til gerðum geymslum sem eiga að vera brunahólfaðar frá stigahúsi.

Sjáið til þess að dyr að háalofti, kjallara og bílageymslu séu læstar og óaðgengilegar öðrum en þeim sem hafa rétt á að ganga þar um. Húsfélög geta pantað ókeypis skoðun á eldvörnum í sameignum fjölbýlishúsa með því að hafa samband í síma 528 3000 eða að senda tölvupóst á shs@shs.is. Slík eldvarnaskoðun er ókeypis og felur ekki í sér kröfugerð slökkviliðs um úrbætur. Þetta er aðeins ráðgjöf!

● RÉTTU SVÖRIN

Hér eru rétt svör við spurningunum um skyndihjálp:

1) Rétt svar: d.
2) Rétt svar: d.
3) Rétt svar: d.
4) Rétt svar: d.
5) Rétt svar: b.
6) Rétt svar: d.

Sigrún fer hér yfir öryggisatriði með Grétu Ámundadóttur en þau geta dregið verulega úr slysum í heimahúsum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Árvekni skiptir öllu máli

Heimaslys eru algengust í hópi aldraðra og barna fjögurra ára og yngri, en með nokkrum einföldum ráðum má fyrirbyggja þau.

Að sögn Sigrúnar A. Þorsteinsdóttur, sviðsstjóra á slysavarnasviði Slysavarnafélagsins Landsbjargar, eru heimaslys algengust í hópi eldri borgara og barna fjögurra ára og yngri. „Þetta er í raun ákveðin hringrás þar sem yngstu börnin lenda gjarnan í heimaslysum, þau eldri verða fyrir íþróttameiðslum, bílslys taka svo við á unglingsárunum og heimaslysin á efri árum.“

Sigrún segir nokkrar gerðir heimaslysa algengari en önnur hjá börnunum. „Fallslys eru algengust en þau má fyrirbyggja til dæmis með því að verja stigaop, bæði uppi og niðri, og gæta þess að börnin séu ekki að prila.“ Hún bendir á að brunaslys séu líka tíð í sama aldurshópi. „Þeim má afstýra með því að nota hitastillt blöndunartæki, setja hlíf á eldavélina svo börn komist ekki í potta og vera ekki með barn í fanginu þegar menn fá sér heita drykki þar sem húð barna er, líkt og eldra fólks, viðkvæmari en húð annarra.“ Þá segir Sigrún mikilvægt að hafa skápa og skúffur vandlega lokaðar til að koma í veg fyrir að börn komist í hreinlætisvörur og beitta hluti.

Fallslys eru líka algeng hjá eldri borgurum en afleiðingarnar mun alvarlegri en hjá börnum segir Sigrún. „Eldra fólk dregur frekar fæturna en þeir sem yngri eru og sjá verr og eru þar af leiðandi gjarnari á að hrasa. Sumir brotna illa og verða eftir það hræddir við að hreyfa sig. Þetta hefur í för með sér að vöðvastyrkur minnkar og fólk er þá líklegra til að hrasa aftur.“

Til að afstýra slysum af þessu tagi segir Sigrún mikilvægt að hafa nokkur góð ráð að leiðarljósi. „Mikilvægt er að engar misfellur, eins og háir þröskuldar, mottur eða rafmagnssnúrur, séu á gólfinu. Handrið ættu að vera beggja megin við stiga, húsgögn í hærri kantinum svo auðveldara sé að standa upp og 70 kerta perur í notkun þar sem sjónin versnar með aldrinum. Handföng í sturtu og við baðkar ásamt stömum mottum koma sér vel þar sem baðgólf er oft hált. Reykskynjarar ættu að vera í öllum herbergjum þar sem rafmagnstæki eru og slökkvitæki og eldvarnarteppi eru svo góð viðbót, ekki bara hjá öldruðum heldur öllum.“

Sigrún segir allar nánari upplýsingar um slysavarnir á heimilum að finna í bæklingi sem Slysavarnafélagið Landsbjörg lét dreifa á heilsugæslustöðvar. Eins megi nálgast þær á slóðinni www.landsbjorg.is. *- rve*

Neyðarsendar bjarga lífum

Neyðarsendar með innbyggðum GPS-staðsetningarbúnaði gefa nákvæma staðsetningu við ræsingu sendis. Þannig verður slíkur sendir mikilvægur öryggisbúnaður um borð í skipum, bátum og flugförum.

Í maí árið 2009 bjargaði Landhelgisgæslan tveimur skipbrotsmönnum þegar bátur þeirra brann og sökk um 16,5 sjómílur norðvestur af Bjargtöngum. Ekkert neyðarkall barst frá bátnum en mennirnir komust um borð í björgunarbát og ræstu neyðarsendi. Landhelgisgæslan fékk boðin klukkan 3.38 og sá staðsetningu neyðarskeytisins og hvaða bát það tilheyrði. Upplýsingarnar komu heim og saman við bát sem kominn var fram yfir tíma í vöktun en merki frá honum höfðu skömmu áður hætt að berast.

Landhelgisgæslan kallaði í bátinn án árangurs og kallaði einnig til báta á svæðinu. Auk þess var þyrla gæslunnar kölluð út. Línubáturinn Núpur BA-69 var um 7 sjómílur frá staðnum og höfðu skipverjar séð reyk- og neyðarblysi skotið á loft. Þeir komu auga á bátinn klukkan 5.05 og upplýstu Landhelgisgæsluna um að tveir menn væru í gúmmíbát. Voru skipbrotsmennirnir komnir um borð í Núp klukkan 5.23, heilir á húfi. Var þá bátur þeirra brunninn niður að sjólínu og skipverjar á Núpi langt komnir með að slökkva í honum. Þá var þyrlu Landhelgisgæslunnar snúið við.

Neyðarsendar með innbyggðum gps-staðsetningarbúnaði gerir það að verkum að fyrr er hægt að koma mönnum til bjargar. MYND/ÚR EINKASAFNI

Þetta tilvik sannaði öryggi þess að hafa um borð neyðarsenda með innbyggðum GPS-staðsetningarbúnaði. Þannig verður leitarsvæðið minna og líkur á að sá sem leitað er að, verði mun fyrr komið til bjargar. Staðsetningar GPS-tækja eru mjög nákvæmar eða 60-100 metrar í radíus. Biðtími er innan sex mínútna frá ræsingu nýju sendanna þar til Landhelgisgæslan fær upplýsingar og getur brugðist við þeim. *- sg*

● SKRAUT SEM SKER SIG ÚR Með því að gefa hugmyndafluginu lausan tauminn má útbúa eftirminnilegar skreytingar í fermingarveisluna.

Það er til dæmis ekkert sem segir að afskorin blóm þurfi að vera í háum vösum heldur er hægt að leggja þau í hring í lágri vatnsfylltri skál líkt og sést á meðfylgjandi mynd. Í sams konar vatnsfyllta skál mætti einnig setja lituð kerti í stíl við litaþema veislunnar og láta þau fljóta um ásamt vel völdum rósablöðum. Eins mætti lita vatnið með matarlit í stíl við ríkjandi veisluliti og leyfa kertum og blómkollum að fljóta með.

Förðunin á Andreu er innblásin af Hollywoodstjörnum og kjörin fyrir stúlkur sem eru vanar að farða sig. Adda Soffía notar tvöfaldan gloss á varirnar á Andreu sem gefur góðan glans og endist lengi án þess að klístrast. MYND/MARGRÉT JÓNASARDÓTTIR

Karin notar brúnan maskara á augnhár Bjargar svo augun virki mýkri. Á varirnar notar hún fölbleikan og ferskjubleikan túbugloss sem gefur vörunum fallegan og mjúkan lit án þess að klístrast. Á húðina notar hún létt meik sem einnig er hægt að nota á líkamann og rakasprey sem minnkar bólgur ásamt því að næra húðina. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Í seinni förðuninni bætir Karin aðeins á augnfarðann til að fá meiri fókus á augun. Þessi förðun hentar þeim sem vilja vera aðeins meira farðaðar án þess að líta út eins og þær séu á leið á árshátíð.

Adda Soffía notar All Time olíulaust dagkrem á báðar stúlkurnar auk þess að nota rakaúða bæði yfir og undir farðann sjálfan. Adda Soffía segir förðun Fanneyjar vera innblásna af sjöunda áratugnum og notar hún kremkinnalit á kinnarnar til að fá frísklegt og heilbrigt útlit. MYND/MARGRÉT JÓNASARDÓTTIR

Létt og náttúruleg förðun nýtur vinsælda

Förðun fyrir fermingarstúlkur er oftast létt og látlaus. Förðunarfræðingar frá Mac og Make Up Store sýndu létta fermingarförðun fyrir Fréttablaðið.

Karin Kristjana Hindborg, förðunarfræðingur hjá Mac, leggur áherslu á náttúrulegt og létt útlit þegar kemur að fermingarförðun. Hún segir stúlkur eiga það til að nota of mikinn farða og segir það misskilning að meik sé til þess að dekkja húðina. Það eigi að nota til að jafna út húðina og hylja lýti, ekki til að dekkja hana.

Adda Soffía Ingvadóttir, förðunar- og snyrtifræðingur hjá Make Up Store, segir förðun hjá fermingarstúlkum vera eins misjafna og stúlkurnar eru margar. Til að mynda sé flott að nota augnblýant í fallegum lit til að skerpa augun í stað hins hefðbundna svarta lits. Hún segir skipta miklu máli að ákveða förðunina í samráði við fermingarbarnið sjálft og foreldra þess. *-sm*

Vörurnar sem Karin notaði til að farða Björgu eru fáanlegar í verslun Mac í Kringlunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hattur	3.990
Skyrta	5.990
Bindi	1.990
Vasaklútur	990
Vesti	6.990
Jakkaföt	19.990

Skyrta	5.990
Slaufa	2.990
Axlabönd	2.990
Jakki	15.990
Gallabuxur	Nudie
Skór	8.990

Hattur	3.990
Skyrta	5.990
Bindi	1.990
Axlabönd	2.990
Jakkaföt	19.990
Skór	8.990

Hattur	3.990
Skyrta	5.990
Slaufa	2.990
Jakkaföt	19.990
Vasaklútur	990
Gleraugu	1.990
Skór	8.990

ljósmyndun:
Aldís Pálsdóttir
hárgreiðsla:
PRIMADONNA

galleri sautján
Laugavegi | Kringlunni | Smáralind | www.ntc.is | erum á facebook

Kjóll.
Verð: 8.995,-
Stærðir: S-M-L
Litur: navy blár

Pils.
Verð: 6.995,-
Stærðir: S-M-L
Litur: off white

Kjóll (með einn hlýra).
Verð: 7.995,-
Stærðir: S-M-L
Litir: föl bleikur, navy blár og svartur

Pils.
Verð: 6.995,-
Stærðir: S-M-L
Litur: fölbleikur

ZARA

„Zara fylgist vel með því nýjasta á tískupöllunum og því sem stjörnurnar klæðast og framleiðir svipaðar vörur fyrir almenning," segir Elín.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Úrval af fermingarkjólum og flottum fylgihlutum

Þar sem Zara er – þar er tíska. Nú hefur nýjasta fermingartískan numið land í verslunum Zöru bæði í Kringlunni og Smáralind og þar er margt sem fangar augu fermingarbarna í ár.

„Fermingartískan er alltaf dálítið sígild en þó eru áherslurnar mismunandi á milli ára. Nú, eins og oftast, eru ljósir litir áberandi hjá stúlkunum og bleiki liturinn sérstaklega. Ætli það megi ekki titla hann sem fermingarlitinn í ár," segir Elín Guðjónsdóttir, verslunarstjóri í dömudeild Zöru í Kringlunni.

„Þegar kemur að kjólunum er ekkert eitt snið umfram annað sem er í gangi, þannig að fermingarstúlkur hafa dálítið frjálsar hendur með að velja það sem hentar þeirra líkamslögun. Hlýrar eru samt áberandi, bæði mjóir og breiðir, og oftast eru við þá kjóla notaðar ermar eða púffermajakkar. Þá er einnig nokkuð um kjóla sem eru með aðeins einum, breiðum hlýra sem kemur yfir aðra öxlina."

Að sögn Elínar njóta kvenleg snið sín í fermingarfötunum, eins sé ýtt undir það með blúndum og pífum á kjólum og ermum.

„Kjólarnir hæfa vel þessum aldurshópi og tilefninu. Þeir eru sparilegir en þá má samt nota áfram eins og þegar fer að sumra. Við erum einnig með mjög fallega kjóla með blómamynstri sem eru fallegir fermingarkjólar en væri síðan hægt að nota sem sumarkjóla. Það er sem sagt bæði hægt að klæða sig upp í fermingarkjólum en líka niður eins og það er stundum kallað, sem og að nota fylgihlutina við annan fatnað."

Elín segir að lakkskór með miðlungsháum hæl sé vinsælasti skófatnaðurinn við fermingakjólana. „Við erum líka með sumarlega bandaskó en þetta er smekksatriði og fer eftir heildarsamsetningunni. Ég vil líka hvetja foreldra og fermingarbörn að kíkja reglulega inn í verslanir okkar því að við tökum upp nýjar vörur tvisvar í viku. Zara fylgist vel með því nýjasta á tískupöllunum og því sem stjörnurnar klæðast og framleiðir svipaðar vörur fyrir almenning fyrir aðeins brot af kostnaði. Að meðaltali líða aðeins tvær vikur frá því að flík er á teikniborði Zöru og þar til hún er komin í búðir verslunarkeðjunnar um víða veröld."

Gerði uppreisn gegn hippatískunni

Elín Albertsdóttir blaðamaður fermdist 28. mars árið 1971 í Neskirkju og segist hafa tekið upp á því, öllum til mikillar undrunar, að láta sauma á sig skósíðan prinsessukjól. Uppátækið kom vinkonum hennar mikið á óvart enda fermingin á miðju hippatímabili þegar allt önnur tíska var í gangi.

„Vinkonur mínar fermdust flestar í stuttbuxum sem líkt og í dag voru þá mikið í tísku. Nokkrar þeirra voru svo í síðum vestum við. Ég var, held ég, svolítið sérstakur unglingur og vildi alls ekki vera eins og aðrir. Ég fór því í einhverja uppreisn og ákvað að vilja heldur láta sauma á mig kóngabláan prinsessukjól en ganga í „mínitískunni"," segir Elín.

Karnabær var aðalverslunin á þeim tíma og þótt Elín hafi verið fullung til að geta verið hippi var fermingartískan í þeim anda. „Vinkonur mínar voru því mjög hissa á þessu uppátæki en það segir kannski sitt að ég fór aldrei í kjólinn eftir þennan eina dag."

MYND/ÚR EINKASAFNI

Elín Albertsdóttir blaðamaður fermdist í Neskirkju árið 1971. Kjóllinn sem Elín fermdist í var alls ekki í stíl við tíðarandann en ákvörðunina um kjólinn tók hún alfarið sjálf.

Fermingarveislu Elínar var slegið saman við fermingarveislu frænda hennar og var því óvenjulega vegleg á þessum tíma, en tímarnir voru erfiðir á Íslandi í kringum 1970, ekki síður en í dag.

„Móðir mín og systir hennar slógu veislunum saman og gátu því haft hana veglegri. Veislan var haldin í Rafveituheimilinu, með mat og hljómsveit, sem var sérstakt á þeim tíma. Séra Jón Thorarensen fermdi mig en hann skírði mig einnig. Við vorum 34 krakkar sem fermdust saman og vorum svolitlir prakkarar. Við vorum til dæmis gjörn á að segja við séra Jón, sem var þá orðinn heldur roskinn, þegar hann var að hlýða okkur yfir að hann væri búinn að spyrja okkur að þessu og hinu og rugluðum hann þannig fram og til baka," segir Elín og finnst hópurinn hafa verið nokkuð baldinn þegar hún lítur til baka. *-jma*



Oft þarf aðeins að taka hárið frá andlitinu og þá getur verið fallegt að flétta. HÁR/KATRÍN ÓSK GUÐLAUGSDÓTTIR MYND/ÍRIS ANN



Bylgjur og mjúkir liðir eru vinsælir. Flestar stúlkur vilja náttúrulega greiðslu. HÁR/ÁGÚSTA HREINSDÓTTIR MYND/ÍRIS ANN

Rómantíkin ræður ríkjum bæði í fatnaði og hári um þessar mundir. HÁR/KATRÍN ÓSK GUÐLAUGSDÓTTIR MYND/ÍRIS ANN

Bylgjur, fléttur og mjúkir liðir í stíl við rómantískan fatnað

Fermingarhárgreiðslan þarf að passa við fermingarfötin og á hárgreiðslustofunni Hár Expo er reynt að taka mið af því.

„Mér finnst vera mikið um rómantík og blúndur og reynum við að hafa hárið í samræmi við það og pössum okkur að hafa greiðsluna ekki of stífa," segir Ágústa Hreinsdóttir, eigandi Hár Expo. Hún segir bylgjur og mjúka liði vinsæla auk þess sem margar stúlkur vilji fléttur. „Oft þarf aðeins að taka hárið frá andlitinu á þeim og þá getur verið gott að flétta. Við tökum þó mið af því sem stúlkurnar vilja en þær eru allar að hugsa sitt. Þær koma í létta prufugreiðslu sem gefur þeim hugmynd um hvernig þær koma til með að líta út en svo leggjum við auðvitað allt í þetta þegar stóri dagurinn rennur upp."

Ágústa segir ekki mikið um skraut og glimmer og að flestar fermingarstúlkur vilji náttúrulega greiðslu. „Það getur þó verið fallegt að stinga litlum perlum eða öðru skrauti inn í hárið og úða það síðan með glansspreyi sem gefur því heilbrigða áferð og gljáa."

Aðspurð segir Ágústa eitthvað um að stelpur fái strípur eða lit fyrir ferminguna en þó alls ekki allar. „Margar koma í fyrstu strípurnar um þetta leyti en þá er yfirleitt sett voða lítið og kannski rétt til að birta til í kringum andlitið eða tengja við og laga gamla sólarupplitun." *- ve*

Að rækta trúna á guð

Ferming snýst um að staðfesta trú sína á guð en orðið trú nær einkum yfir þrennt: Að halda að eitthvað sé satt, að treysta og að reiða sig á að það sem maður treystir á muni reynast traustsins vert. Í Hebreabréfi 11.1 segir einnig: „Trúin er fullvissa um það sem menn vona, sannfæring um þá hluti sem eigi er auðið að sjá." Í fermingarfræðslunni er farið yfir þetta og fleira sem lýtur að trúnni á guð en hana þarf svo að rækta. Það má gera með því að lesa í biblíunni en þannig má komast að því hvert megi sækja trú og í hvaða farveg megi beina henni. *-ve*

Orðið trú nær einkum yfir þrennt.

Erna og Birna Jónsdætur fermdust í eins kjólum árið 1945 en þeir voru sérsaumaðir á þær.

Fermdust í eins kjólum

Það er svo margt sem blessuð kreppan hefur alið af sér bæði jákvætt og neikvætt. Eitt var það til dæmis sem þótti jákvætt til að byrja með að allt í einu tókst að manna allar stöður á leikskólum um allt land. Það hafði ekki verið hægt í mörg ár og var orðið nánast eins og ófrávíkjanlegt lögmál sem allir tóku sem gefnu. Fólk reiddi sig á sjálfstætt starfandi dagforeldra þegar fæðingarorlofi lauk og barnið fór á biðlista. Þegar fólk missti síðan unnvörpum vinnuna þegar kreppan skall á, leitaði það í laus störf á leikskólunum. Biðlistarnir þurrkuðust upp og ástandið hafði ekki verið svona gott lengi.

ÞAÐ tognaði síðan á kreppunni eins og allir þekkja. Sparnaðaraðgerða varð þörf alls staðar og þó að sveitarfélögin hafi getað mannað allar stöður í leikskólunum hjá sér í fyrsta sinn árum saman, þurftu þau nú að skera niður. Þá var ákveðið að bíða með að innrita fleiri börn í bili og sjá til. Nú stefnir hins vegar í vandræði því dagforeldrarnir misstu lifibrauð sitt þegar börnin flykktust inn á leikskólana. Þeir hafa nú margir snúið sér að öðru og biðlistarnir sem hurfu fyrir rúmu ári eru að þéttast upp á nýtt. Enda fjölgaði barneignum í kreppunni.

EN hvað er þá til ráða? Ekki hafa allir um þann kost að velja að vera heima með börn sín því annað sem kreppan hefur alið af sér er hærra vöruverð, hærri afborganir lána og hærra bensínverð. Það er því kominn upp hálfgerður vítahringur því ekki er um annað að ræða en vinna fyrir reikningunum. Margir verða að bæta við sig aukavinnu eigi þeir nokkurn kost á því. Börnin fá að reka á reiðanum á meðan.

LANGUR vinnudagur hefur reyndar gegnum árin verið einkennandi fyrir landann. Ekki endilega vegna þess að hann hafi alltaf verið nauðsynlegur til að ná endum saman. Langur vinnudagur hefur frekar verið eins og hálfgert þjóðarstolt eða þjóðarremba okkar Íslendinga. Fámenn þjóð en svona líka hörkudugleg! Vinnur myrkranna á milli án þess að blása úr nös og gerir grín að nágrannaþjóðum þar sem allir eru komnir heim á hádegi í lok vikunnar.

NÚ átti reyndar að horfa til þessara sömu nágrannaþjóða við uppbyggingu nýs velferðarsamfélags á Íslandi. Ríkisstjórnin skrifaði undir samstarfið í Norræna húsinu! Mörgum þykir þó ganga full hægt og jafnvel að við höfum frekar fjarlægst drauminn um Nýja Ísland en hitt.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

MESTA ÚRVALIÐ

STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM

Birt með fyrirvara um breytingar, insláttarvillur og myndabrengl

OPNUNARTÍMAR

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer ASUS hp lenovo msi packard bell SONY TOSHIBA

!

Erró í Pompidou

Yfirlitssýning á klippimyndum Errós - Erro. 50 years of collages - hefst á mánudaginn í Nútímalistasafninu í París, sem staðsett er í Pompidou-safninu. Á sýningunni eru verk frá árinu 1959 og fram til dagsins í dag, en Erró hefur alla tíð verið iðinn við klippimyndakolann. Á sýningunni verða meðal annars til sýnis 66 verk sem Erró færði safninu nýlega að gjöf.

menning

menning@frettabladid.is

Fíflar og lauf í SÍM

Sigríður Rut Hreinsdóttir er SÍM-ari febrúarmánaðar og sýnir olíumálverk sem unnin eru á árunum 2001-2008 í sal SÍM í Hafnarstræti. Myndefnið sem hefur verið henni hugleikið um tíma er fíflar og lauf.

„Lauf, sem í fljótu bragði virtust aðeins ófögur lauf, urðu við nánari athugun gjafir að ótal hugmyndum í sínum óendanlega fjölbreytileika og fegurð," segir Sigríður. „Myndirnar eru leikur að línum á myndfleti í samspili lita og ljóss, eins og tónar í músík. Óður til náttúrunnar og landsins."

Afgreiðslutími er á virkum dögum á milli kl. 10 og 16. Á Safnanótt á föstudaginn verður Sigríður til viðtals um verk sín á milli kl. 19 og 23. Sýningin stendur yfir til 26. febrúar.

> Ekki missa af

Í kvöld kl. 20 standa ungmenni úr Réttarholtsskóla, Hvassaleitisskóla og Álftamýrarskóla í samvinnu við kennara þeirra, Marlon Pollock, fyrir sýningu á þéttbýlislist (Urban culture) í versluninni Mohawks í Kringlunni. Til sýnis verða meðal annars djúsfernur, tómir spreybrúsar og sígarettupakkar, sem hefur verið umbreytt. Verkin verða til sýnis í rúmar þrjár vikur.

METSÖLULISTI EYMUNDSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

03.02.10 - 09.02.10



1 Matur og drykkur
Helga Sigurðardóttir

2 Svörtuloft
Arnaldur Indriðason

3 Þegar kóngur kom
Helgi Ingólfsson

4 Loftkastalinn sem hrundi
Stieg Larsson

5 Stórskemmtilega stelpubókin
Andrea J. Buchanan

6 Bjargvætturinn í grasinu
J.D. Salinger



7 Stúlkan sem lék sér að eldinum - Stieg Larsson

8 Almanak Háskóla Íslands
Þorsteinn Sæmundsson

9 Garn og gaman
Jóna Svava Sigurðardóttir

10 Heimsmetabók Guinness 2010

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872

ÁTTI EKKI VON Á ÞESSU

Skrifstofumaðurinn Guðmundur Óskarsson hlaut hin íslensku bókmenntaverðlaun í gær fyrir bók sína Bankster. Hann vonast til að verðlaunin verði til þess að bókin fari á flug.

„Ég bjóst alls ekki við þessari niðurstöðu, að vera tekinn út úr þessum glæsilega hópi," segir Guðmundur Óskarsson, sem í gær hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin í flokki fagurbókmennta fyrir skáldsöguna Bankster. Hún er önnur skáldsaga hans, sú fyrsta, Hola í lífi fyrrverandi golfkennara, kom út 2008. Bankster Guðmundar fór ekki mjög hátt þegar hún kom út í fyrra.

„Það er rétt," segir hann, „enda eru þetta engar hávaðabókmenntir. Hún gekk eðlilega, held ég. Það er aldrei að vita nema hún fari á eitthvert flug núna og svona verðlaun geta líka opnað glugga út í heim. Það er mikilvægt þegar maður er að skrifa á svona litlu málsvæði – upp á að eiga möguleika á að lifa af þessu."

Guðmundur var starfandi í Landsbankanum þegar hann skrifaði bókina og starfar þar enn. „Ég er nú bara skrifstofumaður, ekki bankamaður í ensku merkingunni. Ég sinni einföldum verkefnum þar sem sérfræðingar eru að störfum, ég er ekki að skrifa undir samninga og semja skýrslur, meira bara svona að ljósrita. En maður þekkir marga sem eru bankamenn og -konur og ég nærðist á því þegar ég skrifaði bókina."

Guðmundur segir afslappaðan tón í bókinni. „Það er ekki mikil dómharka í henni. Hún fjallar um tímabilið frá hruninu og fram á vor. Hún er ekki mjög „plott-drifin", heldur dregur hún upp myndir sem raðast saman og mynda heild."

Skáldið segir allt aðra stemningu í bankanum nú en fyrir hrun. „Það fór allt náttúrlega. Það er allt annað gildismat núna. En ég er enn þá á mínum stað og kann ágætlega við það. Ýti á grena takkann og vona það besta."

Eðlilega eru verðlaunin gríðarleg hvatning fyrir skáldið. „Það stytti ist í að maður taki stökkið," segir Guðmundur. „Allavega að maður láti reyna á ritstörfin eingöngu. Maður kemst eflaust fljótt að því hvort það sé hægt eða hvort maður þurfi að hafa þau aukalega. Ég skrifaði Bankster á kvöldin og um helgar, lítið í vinnunni. Ég er reyndar alltaf með minnisbók á mér sem ég punkta í. En það er bara leiftursnöggt og tekur engan tíma."

Auk Banksters Guðmundar voru bækurnar Auður eftir Vilborgu Davíðsdóttur, Enn er morgunn eftir Böðvar Guðmundsson, Góði elskhuginn eftir Steinunni Sigurðardóttur og Milli trjánna eftir Gyrði Elíasson tilnefndar. Í flokki fræðibóka og bóka almenns efnis hlaut hin mikla bók Jöklar á Íslandi eftir Helga Björnsson Íslensku bókmenntaverðlaunin. Auk hennar voru tilnefndar bækurnar Á mannamáli - Ofbeldi á Íslandi eftir Þórdísi Elvu Þorvaldsdóttur, Jón Leifs - Líf í tónum eftir Árna Heimi Ingólfsson, Mynd af Ragnari í Smára eftir Jón Karl Helgason og Svavar Guðnason eftir Kristínu G. Guðnadóttur.

drgunni@frettabladid.is

STYTTIST Í STÖKKIÐ Bankster eftir Guðmund Óskarsson hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin í gær. Guðmundur er skrifstofumaður hjá Landsbankanum.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Vetrardjassinn sýður á Kúltúra

Í kvöld hefst fimm daga djasshátíð, Vetrarjazz. Þetta er í fyrsta skipti sem hátíðin er haldin, en henni er ætlað að vera „off season" viðbót við Jazzhátíð Reykjavíkur. Allir tónleikarnir nema einir fara fram á Café Kúltúra við Hverfisgötu, en staðurinn er orðinn helsta athvarf íslenskra djassara. Meðal annars er Jazzklúbburinn Múlinn starfræktur í kjallaranum.

Tvennir eða þrennir tónleikar munu fara fram á hverju kvöldi. Tríó Reynis Sigurðarsonar ríður á vaðið kl. 21 í kvöld og leikur tónlist úr ýmsum áttum. Reynir leikur á víbrafón en með honum eru Jón Páll Bjarnason á gítar og Gunnar Hrafnsson á bassa. Klukkan 22 er komið að hljómsveit bræðranna Óskars og Ómars Guðjónssona. Þeir fá ýmsa gesti til liðs við sig.

Einu tónleikar Vetrarjazzins sem ekki fara fram á Kúltúra verða í Norræna húsinu kl. 17 á laugardaginn. Þar leika tvö af heitustu djassböndum Norðurlandanna, norska tríóið Pelbo og Plop frá Finnlandi.

- drg

Á KÚLTÚRA Í KVÖLD Bræðurnir Ómar og Óskar og Davíð Þór Jónsson á milli þeirra. Kannski kíkir hann í kvöld?

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Tvöfaldaðu endurgreiðsluna!

Innleystu ávísunina á sjova.is og þú gætir tvöfaldað endurgreiðsluna!

Ávísun á ánægju

17.865

fjölskyldur í Stofni fá senda endurgreiðsluávísun

Þessa dagana berst Stofn endurgreiðslan inn á þúsundir heimila. Tjónlausir og skilvísir viðskiptavinir í Stofni fá þá endurgreiddan hluta iðgjalda síðasta árs. Það er ávísun á ánægju.

Kostir þess að vera í Stofni

- Afsláttur af tryggingum
- Stofn endurgreiðsla
- Vegaaðstoð
- Námskeið um nágrannavörslu
- Afsláttur af barnabílstólum
- Frí flutningstrygging
- Bílaleigubíll ef þú lendir í kaskótjóni
- Afsláttur af öryggisvörum og barnavörum
- Önnur skemmtileg tilboð

Kynntu þér Stofn á sjova.is eða fáðu nánari upplýsingar í síma 440 2000

SJÓVÁ
STOFN

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Sími 551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

Brennuvargarnir (Stóra sviðið)

Mið 17/2 kl. 20:00	Mið 24/2 kl. 20:00 Aukas.	
Fim 18/2 kl. 20:00	Fim 4/3 kl. 20:00	

„Besta leiksýning ársins“ MBL, IÞ. Aukasýning 4. mars komin í sölu!

Oliver! (Stóra sviðið)

Sun 14/2 kl. 15:00	Sun 28/2 kl. 19:00	Sun 21/3 kl. 15:00
Sun 14/2 kl. 19:00	Sun 7/3 kl. 15:00	Sun 21/3 kl. 19:00
Sun 21/2 kl. 15:00	Sun 7/3 kl. 19:00	Lau 27/3 kl. 15:00
Sun 21/2 kl. 19:00	Sun 14/3 kl. 15:00	Lau 27/3 kl. 19:00
Sun 28/2 kl. 15:00	Sun 14/3 kl. 19:00	Sun 28/3 kl. 15:00

Oliver! ★★★★ MBL, GB. Nýjar sýningar komnar í sölu.



Gerpla (Stóra sviðið)

Fös 12/2 kl. 20:00 Frums.	Fim 25/2 kl. 20:00 Aukas.	Fös 5/3 kl. 20:00 7. K
Lau 13/2 kl. 20:00 2. K	Fös 26/2 kl. 20:00 5. K	Lau 6/3 kl. 20:00 8. K
Fös 19/2 kl. 20:00 3 K	Lau 27/2 kl. 20:00 6. K	Fim 11/3 kl. 20:00
Lau 20/2 kl. 20:00 4. K		

Miðasala hafin – tryggið ykkur sæti á fyrstu sýningar!

Fíasól (Kúlan)

Lau 13/3 kl. 15:00 Frums.	Lau 27/3 kl. 15:00	Lau 17/4 kl 15:00
Sun 14/3 kl. 13:00	Sun 28/3 kl. 13:00	Sun 18/4 kl 13:00
Sun 14/3 kl. 15:00	Sun 28/3 kl 15:00	Sun 18/4 kl 15:00
Lau 20/3 kl. 13:00	Lau 10/4 kl 13:00	Lau 24/4 kl 16:00
Lau 20/3 kl. 15:00	Lau 10/4 kl 15:00	Sun 25/4 kl 13:00
Sun 21/3 kl. 13:00	Sun 11/4 kl 13:00	Sun 25/4 kl 15:00
Sun 21/3 kl. 15:00	Sun 11/4 kl 15:00	Sun 2/5 kl 13:00
Lau 27/3 kl. 13:00	Lau 17/4 kl 13:00	Sun 2/5 kl 15:00

Sprellfjörug sýning um gleðisprengjuna ómótstæðilegu!

Hænuungarnir (Kassinn)

Þri 23/2 kl. 20:00 Fors.	Fös 5/3 kl. 20:00	Fös 12/3 kl. 20:00
Fim 25/2 kl. 20:00 Fors.	Lau 6/3 kl. 20:00	Lau 13/3 kl. 20:00
Lau 27/2 kl. 20:00 Frums.	Fim 11/3 kl. 20:00	

Bráðfyndið verk eftir einn af okkar ástsælustu höfundum!

IÐNÓ

TILBRIGÐI VIÐ STEF

eftir Þór Rögnvaldsson **Stef: Hin sterkari eftir Strindberg**

Næstu sýningar: 11/2, 14/2 – kl. 20. Fáar sýningar eftir.

Fbl.★★★★★ Elísabet Brekkan
Klassískt verk fullt af leikgleði.

Mbl. ★★★ Ingibjörg Þórisdóttir
Leikstjóranum Ingu Bjarnason tekst vel upp enda enginn nýgræðingur í faginu.

Sími: 562 9700 kl. 11–16 og tveim tímum fyrir sýningu – www.midi.is

Ráðhúsið í alveg nýju ljósi

Safnanótt er haldin annað kvöld með iðandi listviðburðum úti um alla borg. Eftir opnunaratriðið, Ástargöngu um Tjörnina, sem hefst á Austurvelli kl. 18, verður ljósskúlptur Texasbúans Bills Fitzgibbons frá San Antonio við hljóðmynd Sverris Guðjónssonar settur í gang. Ljósi verður varpað á þær hliðar Ráðhússins sem snúa út að Tjörn. Bill segir að hægt verði að njóta verksins hvar sem er við Tjörnina.

„Ég er mjög spenntur fyrir þessari staðsetningu því mér finnst hún passa svo vel við söguna um upphaf Reykjavíkur, Ingólf Arnarson og öndvegissúlurnar,“ segir hann. „Samlíkingin við söguna eru þessar stóru súlur sem rísa úr tjörninni. Verkið er því óður til upphafs borgarinnar og virðingarvottur við söguna.“

Bill hefur verið að setja verkið upp mestalla vikuna. „Tveir aðstoðarmenn hafa verið í stígvélum í Tjörninni að reyna að detta ekki,“ segir hann og hlær. „Við erum að verða búnir að rigga þessu upp. Þetta verður mikið sjónarspil. Þegar búið er að slökkva er verkið ekki lengur til. Mér finnst sá þáttur ljósskúlptúra áhugaverður. Ég kalla þetta inngrip í byggingarlistina. Verkin hafa ummyndandi kraft því þegar LED-ljósakerfi er sett upp á mikilvægar byggingar sjá borgararnir mannvirkin í alveg nýju ljósi. Fólk gleymir því aldrei. Þetta er mjög áhrifaríkt.“

MIKIÐ SJÓNARSPIL Bill Fitzgibbons við „öndvegissúlurnar“ á Ráðhúsinu.

Þegar verkið verður flutt í fyrsta skipti koma Sverrir Guðjónsson og Kammerkór Suðurlands ásamt Lúðrasveitinni Svani fram. Eftir það verður flutt upptaka af tónlistinni og verkið látið ganga til miðnættis.

Með Fréttablaðinu á morgun fylgir sérrit um dagskrá Safnanætur. **- drg**

Skemmtilegur dagur Sveppa

Leikhús ★★★★★

Algjör Sveppi: Dagur í lífi stráks

Íslenska óperan

Höfundur: Gísli Rúnar Jónsson **Leikarar:** Sverrir Þór Sverrisson og Orri Huginn Ágústsson **Tónlist:** Jón Ólafsson **Leikmynd og ljós:** Egill Ingibergsson og Móeiður Helgadóttir **Búningar:** Margrét Einarsdóttir með aðstoð Tinnu Aðalbjörnsdóttur **Gervi:** Áslaug Dröfn Sigurðardóttir **Danshöfundur:** Guðmundur Elías Knudsen **Hljóð:** Magnús Jónsson **Tökumaður:** Bragi Þór Hinriksson **Framkvæmdastjóri:** Gunnhildur H. Gunnarsdóttir **Framleiðandi:** Ingvar Sverrisson **Leikstjóri:** Felix Bergsson

TEXTARNIR MINNA Á GAMLA TÍMA Sveppi og félagar í leiksýningunni Algjör Sveppi: Dagur í lífi stráks fá fullt hús. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Það er alveg öruggt að dagur í lífi stráks eða stelpu sem fer að sjá strákinn Sveppa í Gamla bíói, strákinn Sveppa sem á stórabróður og er eltur af hrekkjusvíni, er skemmtilegur dagur. Á sunnudaginn var hlógu ungir sem aldnir og flest það sem fyrir augu bar vakti athygli og gleði ungra áhorfenda. Þeir félagar Sverrir Þór Sverrisson og Orri Huginn Ágústsson skila með leik sínum frábæru verki en sýningin er ekki aðeins þeirra leikur heldur vel úthugsað silúettupil (skuggaleikhús) og eins eru fjölmargir effektar, fyrir svo utan tónlistina, sem gleður mannskapinn.

Gísli Rúnar Jónsson svíkur aldrei. Það er margt í textanum sem minnir á gamla tíma og ekki síst þegar þeir félagar bresta í söng sem byggist á gömlum rótgrónum slögurum. Samferðafólk mitt á sýninguna, sem voru sex og ára ára, höfðu þetta að segja þegar þau voru spurð að því hvað þeim þætti nú skemmtilegast:

Hún sex ára svaraði: Ekkert! Ha, spurði ég, hvað meinar þú ekkert? Ekkert var skemmtilegast vegna þess að allt var skemmtilegt, svaraði hún. Þriggja ára piltur sem ætlaði að springa úr ánægju hefur ekki hætt að tala um pabba draugastráksins, þessi með rauðu augun. „Ég var ekki hræddur en amma var hrædd.“

Gísli Rúnar ratar hér algerlega réttan veg með svona hversdagsævintýri úr lífi venjulega barnsins sem er og verður alltaf barn í ævintýri þótt raunveruleikinn geti verið svolítið þreytandi. Einstaka atriði voru svolítið gamaldags en það var bara skemmtilegt og hollt fyrir nútímaáhorfendur. Bæði ljósaleikurinn og notkun gervanna var einstaklega skemmtilega útfært, aldrei farið í gargandi öfgar enda sýningin í heild sinni einstaklega markhópsmótuð. Sverrir Þór sem Sveppi litli á náttúrlega orðið hvert bein í börnunum og er hann einstaklega gjafmildur á sjálfan sig í allri sinni framgöngu. Orri Huginn Ágústsson sýndi flotta takta í dans og söng og í öllum þeim gervum sem hann kom fram í. Leikstjórinn Felix Bergsson kann og veit hvaða leið er best að fara og vonandi verður hann oftar við stjórnvölinn í barnasýningum í framtíðinni. Skemmtileg sýning í fallegu leikhúsi. **Elísabet Brekkan**

Niðurstaða: Ekkert var skemmtilegast, allt var skemmtilegt, var niðurstaðan hjá sex ára gamalli stelpu. Gísli Rúnar svíkur aldrei.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Fimmtudagur 11. febrúar 2010

Tónleikar

20.00 **Þjóðlagasveit** Tónlistarskóla Akraness heldur tónleika til styrktar Barna- og unglingadeild Landspítalans (BUGL) í FÍH-salnum við Rauðagerði 27.

21.00 Bræðrabúgí, hljómsveit Óskars og Ómars Guðjóssona, kemur fram á djasstónleikum í kjallara **Café Cultura** við Hverfisgötu.

Opnanir

20.00 Nemendur úr **Réttarholtsskóla**, Hvassaleitisskóla og Álftamýrarskóla opna sýningu í versluninni **Mohowks** í verslunarmiðstöðinni Kringlunni. Opið mán.-mið. kl. 10-18.30, fim. kl. 10-21, föst kl. 10-19, lau kl. 10-18 og sun kl. 13-18.

Sýningar

Sigríður Rut Hreinsdóttir sýnir verk hjá SÍM við Hafnarstræti 16. Opið mán.-fös. kl. 10-16.

Í Listasafni ASÍ við Freyjugötu hafa verið opnaðar tvær nýjar sýningar. Guðrún Gunnarsdóttir sýnir í Ásmundarsal og Gryfju og Guðmundur Ingólfsson í Arinstofu. **Opið alla daga nema mánudaga kl. 13-17.**

Pub Quiz

20.00 Fótbolta Pub Quiz verður haldið á Enska barnum við Austurstræti. Vegleg verðlaun í boði og enginn aðgangseyrir. Þema kvöldsins er markverðir. Nánari upplýsingar á **www.sammarinn.com.**

21.00 **Polar Pub Quiz** verður haldið á Karaoke Sport Bar við Frakkastíg 8. Almennarkrossa- og myndaspurningar ásamt hljóðdæmum. Í kvöld verður sérstakt kvikmyndaþema. Hámark 4 saman í liði.



Leikrit

20.00 Leikverkið **„Tilbrigði við stef“** eftir Þór Rögnvaldsson í leikstjórn Ingu Bjarnason verður flutt í Iðnó við Vonarstræti. Nánari upplýsingar á www.midi.is.

20.00 Nemendamótsnefnd Verzlunarskólans sýnir söngleikinn Thriller í Loftkastalanum við Seljaveg. Nánari upplýsingar á **www.midi.is**

Fyrirlestrar

20.00 Í **Listasafni Reykjavíkur** við Tryggvagötu stendur Hönnunarmiðstöð Íslands fyrir fyrirlestri. Erindi flytja Sigurður Björnsson, Róshildur Jónsdóttir og Aðalsteinn Snorrason.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.

Ástfangnir

40% afsláttur



Verð: 1.600,- Verð áður kr. 2.680,-

Áletraður sleiki-brjóstsykur.
Aðeins
kr. 195,-

1.500 krónur

Verð: 1.500,- Verð áður kr. 4.490,-

40% afsláttur

Verð: 239,- Verð áður kr. 398,-

40% afsláttur

40% afsláttur

Verð: 2.390,-
Verð áður kr. 3.990,-

Súkkulaðihjörtu fyrir ástfangna.
Aðeins
kr. 295,-

Mundu Valentínusardaginn 14. febrúar og konudaginn 21. febrúar.

Tilboð gilda til og með 21. febrúar 2010.

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872

MASSIVE ATTACK

KRISTJÁN HREINSSON

> Í SPILARANUM

Massive Attack - Haligoland
Yeasayer - Odd Blood
Surfer Blood- Astro Coast
Soulsavers - Broken
Kristján Hreinsson - Hobo Hilton

tónlist

tonlist@frettabladid.is

Miri í ruglinu

Austfirska hljómsveitin Miri hefur nú lokið við upptökur á fyrstu stóru plötunni sinni. Upptökur hafa staðið yfir með hléum síðan í ágúst og var Curver Thoroddsen á tökkunum. Hann er nú að mixa plötuna í New York þar sem hann býr og starfar. Ívar Pétur, einn Miri-manna, segir efni plötunnar allt öðruvísi en post-rokkið á EP-plötunni sem kom út fyrir nokkrum árum: „Við erum reyndar ekki farnir að syngja mikið meira – það er ekki nema eitt lag á plötunni sungið – en það eru mikið styttri lög á þessari plötu og mikið rugl í gangi í þeim. Örar kaflaskiptingar og allt bara miklu kraftmeira og fjörugra en áður."

Ívar vonast til að platan komi út í apríl/maí en það er Kimi-útgáfan sem gefur hana út. Til að æsa upp mannskapinn hefur 8 laga remix-plata verið sett ókeypis á netið (www.kimirecords.net). Þar endurhljóðblanda átta aðilar eitt laganna sem verður á plötunni, meðal annars FM Belfast, Biogen, Ruxpin og Retro Stefson.

KRAFTMEIRI Miri rugla á Airwaves í fyrra.

> Plata vikunnar

The Go-Go Darkness
The Go-Go Darkness
„The Go-Go Darkness er ágætt innlegg í íslenska poppflóru. Ekkert sérstaklega ferskt innlegg, en skemmtilegt engu síður."

Trausti Júlíusson

TÓNNINN GEFINN
Dr. Gunni

Ævi og örlög Joes Meeks

Leiknar myndir um sögulega atburði úr poppsögunni eru í miklu uppáhaldi hjá mér. Margar fínar eru til, nefni Backbeat, La Bamba og Walk the line. Auðvitað þarf að beygja sannleikann eitthvað og maður veit af því. Verra finnst mér þegar öllu er snúið á haus og liðnir atburðir aðeins notaðir sem lausleg fyrirmynd, eins og í hinni misheppnuðu Dreamgirls.

Nýlega sá ég fína svona mynd, Telstar: The Joe Meek story. Con O'Neill leikur Joe Meek, og gerði það líka í söngleik sem myndin byggist á. Joe er þekktastur fyrir ósungna lagið „Telstar" sem kom út 1962 og seldist á smáskífu í þrem milljónum eintaka. Lagið var fyrsta breska lagið sem fór á topp smáskífulistans í Ameríku. Joe varð stjarna í kjölfarið, en frægðarsólin var fljót að hníga, ekki síst þegar fjórir lubbar frá Liverpool mættu á svæðið.

Joe var vita laglaus en með frábært eyra fyrir því hvernig músíkin ætti að hljóma. Hann var mikill frumkvöðull á því sviði, hafði verið fiktandi við raftæki frá unga aldri og smíðaði þær græjur sem hann vantaði. Á þessum tíma var upptökutæknin á algjöru frumstigi.

Hann gerði út frá þriggja hæða íbúð, en á neðstu hæðinni var leðurvöruverslun sem leigusalinn, eldri kona, rak. Joe notaði allar hæðir til upptöku, ekki síst klósettið, sem nýttist vel til að ná fram bergmáli. Alls konar popparar vöndu komur sína í heimahljóðverið og margt af því sem þaðan kom varð að smelli. Joe var samkynhneigður á tímum þegar það var bannað með lögum. Hann var líka stíf amfetamín-æta á tímum þegar spítt var enn kallað „megrunarpillur".

Endalokin urðu svakaleg. Hann fékk aldrei borgað fyrir Telstar-smellinn því franskur lagahöfundur, sem sagði lagið stolið frá sér, höfðaði mál sem tafði greiðslur. Joe hafði lifað hátt, ekki síst spreðað í elskhuga, eins og ljóshærða popparann Heinz, sem spilar stórt hlutverk í myndinni. Við peningavesen, vonlausar ástir og spítt-rús bættist að hljómur Joes úreltist fljótt í ógnarhraðri þróun rokksins á 7. áratugunum. Í æðiskasti 3. febrúar 1967 fyrirfór hann sér með haglabyssu eftir að hafa drepið leigusalann með voðaskoti. Þremur vikum síðar féll franska dómsmálið niður og milljónirnar fyrir Telstar streymdu í kassann. Dramatískara gerist það varla.

BEACH HOUSE Victoria og Alex eru ekki par!

Poppdraumur frá Baltimore

Ein af þeim plötum sem tónlistarmiðlar hafa hlaðið lofi í upphafi nýs árs er þriðja plata Baltimore-dúósins Beach House, Teen Dream. Trausti Júlíusson skoðaði þessa merku sveit.

Það er óhætt að segja að tónlistarárið 2010 fari vel af stað. Ein af ástæðunum er þriðja plata Beach House, Teen Dream, sem hefur fengið frábæra dóma, meðal annars 9 af 10 mögulegum bæði hjá NME og Pitchforkmedia.

Litla frænka Michel Legrand

Beach House var stofnuð í Baltimore árið 2005 af þeim Alex Scally sem spilar á gítar og hljómborð og Victori Legrand sem syngur og spilar á orgel. Alex er innfæddur, en Victoria er fædd í Frakklandi. Hún er systkinabarn kvikmyndatónskáldsins Michel Legrand og söngkonunnar Christiane Legrand þannig að það er ljóst að hún á ekki langt að sækja tónlistarhæfileikana. Fyrsta lagið sem vakti athygli á sveitinni var „Apple Orchard", en það sló í gegn þegar Pitchforkmedia valdi það á MP3-safn með upprennandi tónlistarfólki árið 2006. Sama ár kom fyrsta plata hljómsveitarinnar sem hét eftir henni, Beach House. Hún fékk mjög góðar viðtökur og hafnaði m.a. í 16. sæti yfir bestu plötur ársins hjá Pitchfork.

Drauma-popp

Söngstíll Victoriu þótti í upphafi minna nokkuð á söngkonuna Nico. Lögin voru frekar hæg og útsetningarnar stemningsfullar sem varð til þess að tónlist Beach House var stundum kölluð „drauma-popp". Fyrsta plata sveitarinnar kom út hjá Carpark-útgáfunni og það gerði líka önnur platan, Devotion, sem kom út fyrir tveimur árum. Í kjölfar útgáfu Devotion spiluðu Beach House mikið á tónleikum úti um allan heim, en einhvern tímann síðasta vetur tóku þau fyrir allt tónleikahald og lokuðu sig af í nýju æfingahúsnæði í Baltimore til þess að skiptast á hugmyndum og prófa nýja hluti. Lögin á Teen Dream urðu til þar á löngum tíma.

Á sama tíma lauflétt og þung

Teen Dream var samt ekki hljóðrituð í æfingahúsnæðinu, heldur fundu þau Alex og Victoria litla kirkju einhvers staðar afskekkt í New York-ríki þar sem þau komu sér fyrir og tóku plötuna upp undir stjórn Chris Coady sem er einn af hirðupptökustjórum New Yorksenu síðustu ára og hefur meðal annars unnið við plötur með Yeah Yeah Yeahs, TV on the Radio, Cass McCombs, !!! og Grizzly Bear. Alex og Victoria eru þeirrar skoðunar að stíf tónleikadagskrá þeirra í kjölfar Devotion hafi haft mikil áhrif á gerð Teen Dream.

„Þegar maður spilar mikið á tónleikum fer maður að heyra hlutina öðruvísi," segir Victoria í nýlegu viðtali, „og það hefur áhrif á gerð næstu plötu." Hún segir líka að nafnið Teen Dream tákni ákveðið frelsi og að í því frelsi felist að platan sé „á sama tíma lauflétt og þung". Hún bætir svo við hlæjandi: „Ég veit nú ekki hvort hún er í alvöru svo þung, en miðað við fyrri plöturnar okkar er hún það."

Beach House + Sub Pop = Sönn ást

Eins og áður segir hefur Teen Dream víðast hvar fengið dúndurgóða dóma. Tónlistinni er líkt við Mazzy Star, Cocteau Twins og My Bloody Valentine. Það er hin síferska Seattle-útgáfa Sub Pop sem gefur plötuna út, en í fréttatilkynningu í tilefni af útgáfunni undir fyrirsögninni Beach House + Sub Pop = Sönn ást er sérstaklega tekið fram að þau Alex og Victoria séu ekki par. Mikilvægar upplýsingar það!

Idol þungarokksins

Þungarokkshátíðin Wacken verður haldin í Þýskalandi í ágúst. Þegar hafa kappar eins og Iron Maiden og Mötley Crüe boðað koma sína og Sólstafir og Færeyingarnir í Tý verða þarna líka. Alþjóðleg hljómsveitarkeppni er hluti af hátíðinni og hefur verið haldin síðan 2004. Ein íslensk hljómsveit fer á hátíðina í ár. Sextán hljómsveitir sóttu um að fá að spila, en nú hafa sjö verið valdar úr sem keppa á blóðugum rokktónleikum á Sódómu Reykjavík laugardaginn 13. mars. Sveitirnar heita allar traustvekjandi þungarokksnöfnum: Atrum, Carpe Noctum, Gone Postal, Gruesome Glory, Severed Crotch, Universal Tragedy og Wistaria.

Þessi „Idol-keppni þungarokksins" er að öllum líkindum stærsti þungarokksviðburður ársins á Íslandi. Í ár munu 26 hljómsveitir frá jafnmörgum löndum keppa úti enda til mikils að vinna: Heilu haugarnir af græjum og plötusamningur. Ísland tók í fyrsta skipti þátt í fyrra Þegar hljómsveitin Beneath mætti á svæðið. Fyrir ung bönd er þátttakan mikil lyftistöng því spilað er á stærra sviði en ung bönd eru vön og fyrir mun fleiri áhorfendur en þau eiga að venjast. Hljómsveitirnar sjö munu því leggja allt í sölurnar hinn 13. mars þegar þau spila á Sódómu, meðal annars fyrir sex erlenda dómara sem koma gagngert til landsins fyrir keppnina. - drg

REYNA AÐ ROKKA TIL SIGURS Hljómsveitin Gone Postal er ein af sjö sem vill komast á Wacken.

BIOTHERM

Æskan er í genum þínum.
Virkjaðu þau með

SKIN VIVO

Fyrsta kreminu sem snýr við öldrunarferli húðarinnar[1]

Allt að 10 ára yngri húð á aðeins 4 vikum[2].

Í hjarta hverrar frumu er DNA sem inniheldur gen sem tryggja lífsskilyrði allra frumna. Með aldrinum veikjast frumugenin og þar af leiðandi hægist á frumuendurnýjun sem hefur veruleg áhrif á öldrun húðarinnar.

Nýjung – tvöföld virkni gegn öldrun húðarinnar: DNA + GEN

Einstök sameining Pure Thermal Plankton og Reverserol SV, sem er öflugt og virkt jurtaefni, stuðlar að viðgerð á DNA skemmdum, endurvekur virkni[3] frumugenanna og örvar frumuendurnýjun[4].

Öldrun húðarinnar er „afturkölluð" og hún verður sjáanlega unglegri

Vísindalegar sannanir á rannsóknarstofum. Prófað á yfir 300 konum.

Árangur:
Fyllir upp innan frá og dregur úr hrukkum.
Þéttari og stinnari húð. Einstakur ljómi.

NÝ TÆKNI
8 EINKALEYFI

NÝTT
SKIN VIVO **næturkrem**

1) Frá Biotherm. 2) mælt með skanmynd á þéttleika á stuðningsvef húðarinnar- umbætur þónglíka 10 árum – prófað á 32 sem notuðu dagkremið. 3) [illegible] 4) [illegible]

20 % afsláttur af BIOTHERM
dömu- og herra snyrtivörunum
fimmtudaginn 11. febrúar til miðvikudagsins 17. febrúar.

Snyrtivörudeild Lyfja & heilsu Kringlunni | Lyf & heilsa Selfossi
Lyf & heilsa Keflavík | Lyf & heilsa Glerártorgi

Lyf & heilsa
við hlustum!

> BULLOCK Í KARTÖFLUPOKA

Leikkonan **Sandra Bullock** ætlar að vera í kartöflupoka á Óskarshátíðinni ef hún finnur ekki rétta kjólinn til að vera í. Hún segir einnig í gríni að fitusog komi vel til greina. Athöfnin verður 7. mars og er Bullock talin líkleg til sigurs fyrir hlutverk sitt í The Blind Side.

bíó

bio@frettabladid.is

Cruise snýr aftur sem Ethan Hunt

Tom Cruise hefur samþykkt að leika njósnarann Ethan Hunt í fjórðu Mission:Impossible-myndinni. Hún verður frumsýnd í maí á næsta ári, á sama tíma og framhald gamanmyndarinnar Hangover og einni viku eftir frumsýningu Pirates of the Caribbean 4.

Myndin verður gerð eftir handriti Josh Applebaum og Andre Nemec og framleiðendur verða Cruise og J.J. Abrams. Sá síðarnefndi leikstýrði síðustu Mission-mynd en verður ekki við stjórnvölinn í þetta sinn. Enn á eftir að ákveða hver tekur við af honum.

Athygli vekur að myndin kemur út á vegum Paramount, sem rifti samningi sínum við Cruise eftir að Mission: Impossible III kom út. Launakröfur stjörnunnar þóttu alltof háar og lauk þar með fjórtán ára samstarfi Paramount og Cruise.

Svo virðist sem stríðsöxin hafi verið grafin og spilar þar væntanlega inn í að Mission-myndirnar þrjár hafa halað inn 1,4 milljörðum dollara í tekjur fyrir Paramount, eða um 180 milljörðum króna víðs vegar um heiminn. „Tom og J.J. eru mjög hæfileikaríkir og við erum spennt fyrir því að vinna með þeim við að endurreisa þetta heimsþekkta vörumerki," sagði forstjóri Paramount.

Áður en Cruise sést leysa enn eina þrautina í Mission: Impossible IV, verður hann í hasargrínin Knight and Day sem kemur út í Bandaríkjunum 2. júlí. Þar leikur hann á móti Cameron Diaz í leikstjórn James Mangold, sem er líklega þekktastur fyrir Walk the Line.

TOM CRUISE Fjórða Mission: Impossible-myndin er á leiðinni og að sjálfsögðu er Cruise í aðalhlutverkinu.

Draumahús Rachel Weisz

Rachel Weisz hefur tekið að sér aðalhlutverkið í spennumyndinni Dream House. Þar leikur hún á móti sjálfum James Bond, Daniel Craig, og Naomi Watts. Myndin fjallar um par sem flytur í nýtt hús sem er ekki jafn fullkomið og þau héldu í fyrstu. Leikstjóri verður Jim Sheridan og er myndin væntanleg á næsta ári. Hin 39 ára Weisz leikur í tveimur öðrum myndum á þessu ári. Fyrst leikur hún persónuna Kathryn Bolkovav í The Whistleblower og síðan leikur hún í dramatíska vestranum Unbound Captives.

Varúlfar alltaf jafn vinsælir

Varúlfar eru þjóðsagnaverur sem hafa löngum verið vinsælt umfjöllunarefni í Hollywood. The Wolfman með Benicio Del Toro í aðalhlutverki er nýjasta dæmið um það.



ÞJÓÐSAGNAVERUR Í BÍÓ

Benecio Del Toro fer með aðalhlutverkið í The Wolfman sem **Stefán Jörgen** starfaði við. **Jack Nicholson** fór á kostum í myndinni Wolf, rétt eins og **Michael J. Fox** í Teen Wolf.

Leikstjóri The Wolfman er Joe Johnston sem hefur áður sent frá sér myndir á borð við Honey I Shrunk The Kids, October Sky og Hidalgo. Auk Benicio Del Toro fara með helstu hlutverk þau Emily Blunt, Anthony Hopkins og Hugo Weavin.

The Wolfman er endurgerð samnefndrar myndar frá árinu 1941 og fjallar um Lawrence Talbot (Benicio Del Toro) sem snýr aftur til heimabæjar síns eftir að bróðir hans týnist. Fljótlega kemst hann að því að einhver ógurleg skepna er byrjuð að stráfella bæjarbúa.

Varúlfur er heiti á manni sem getur brugðið sér í úlfslíki eða haft hamskipti án þess að vilja það endilega sjálfur og þá oftast vegna einhvers konar álaga. Hamskiptin eiga sér yfirleitt stað á fullu tungli og í flestum varúlfamyndum er sýnt hvernig þau eiga sér stað. Fjallað hefur verið um varúlfa nánast frá upphafi kvikmyndasögunnar, fyrst í myndinni Werewolf of London sem kom út árið 1935 á vegum Universal. Sex árum síðar framleiddi fyrirtækið sína aðra varúlfamynd, The Wolfman, sem hefur nú verið endurgerð. Hún fékk mun betri viðtökur og hefur haft mikil áhrif á þær varúlfamyndir sem hafa fylgt í kjölfarið.

Árið 1981 komu út tvær varúlfamyndir sem slógu í gegn. Annars vegar The Howling, sem gat af sér hvorki meira né minna en sex framhaldsmyndir, og hins vegar American Werewolf in London sem fjallaði um tvo bandaríska ferðamenn sem verða fyrir árás varúlfs. Framhald hennar kom svo út sextán árum síðar við heldur dræmari undirtektir.

Jack Nicholson var skemmtilegur varúlfur í hinni gamansömu spennumynd Wolf. Þar lék hann bókaútgefanda sem er bitinn af varúlfi með áhugaverðum afleiðingum. Annar sniðugur varúlfur var Michael J. Fox í Teen Wolf sem var sýnd við miklar vinsældir um miðjan níunda áratuginn.

En aftur að hinni endurgerðu The Wolfman, því íslenski förðunarmeistarinn Stefán Jörgen starfaði við myndina eftir að Rick Baker, sexfaldur Óskarsverðlaunahafi í förðun, óskaði eftir kröftum hans. Eins og kom fram í Fréttablaðinu í ágúst síðastliðnum hafði Stefán mjög gaman af verkefninu en hitti þó enga af stjörnunum sem leika í myndinni. Annars má geta þess að það tók rúmar þrjár klukkustundir að farða Del Toro fyrir hlutverkið og eina í viðbót til að taka farðann af. Hárbeittar gervitennur og úfnar, svartar hárkollur komu einnig við sögu til að útkoman yrði nú sem allra eðlilegust.

TÍU VARÚLFAMYNDIR:

The Wolfman (2010)
Wolf (1994)
An American Werefolf in Paris (1997)
Teen Wolf (1985)
The Company of Wolves (1984)
An American Werewolf in London (1981)
The Howling (1981)
The Curse of the Werewolf (1961)
The Wolfman (1941)
Werewolf of London (1935)

Æsilegt ævintýri og rómantík

Auk The Wolfman verða þrjár aðrar myndir frumsýndar á morgun. Percy Jackson & The Lightning Thief er nýjasta ævintýramynd Chris Columbus, leikstjóra Harry Potter 1 og 2 og Home Alone. Myndin fjallar um strákinn Percy Jackson sem hélt að hann væri ósköp venjulegur unglingur en uppgötvar að hann er hálfur guð. Með hjálp vina sinna leggur hann á sig mikið ferðalag til að bjarga heiminum frá tortímingu. Með hlutverk stráksins fer Logan Lerman og aðrir helstu leikarar eru Pierce Brosnan, Uma Thurman, Rosario Dawson og Sean Bean.

Valentine´s Day er eins og nafnið gefur til kynna sérlega rómantísk mynd sem gerist á Valentínusardeginum, sem verður einmitt haldinn hátíðlegur á sunnudaginn. Myndin fjallar um líf nokkurra para á þessum degi og sýnir hvernig þau tengjast hvert öðru. Einhverjir finna ástina á meðan aðrir lenda í hjartasorg, eins og gengur og gerist. Leikstjóri er Garry Marshall, maðurinn á bak við Pretty Woman og Runaway Bride. Með helstu hlutverk fara Bradley Cooper, Anne Hathaway, Jessica Alba, Julia Roberts og Ashton Kutcher.

PERCY JACKSON Ævintýramyndinn um strákinn og hálf-guðinn Percy Jackson verður frumsýnd á morgun.

Þrívíddarútgáfa af teiknimyndinni vinsælu Toy Story 2 verður einnig frumsýnd og eiga margir krakkar vafalítið eftir að hafa gaman af að endurnýja kynni sín af Vidda, Bósa og félögum í þrívídd.

CHARLIE´S ANGELS Leikkonan Drew Barrymore vill endurgera sjónvarpsþættina Charlie´s Angels.

Englarnir í sjónvarpið

Leikkonan Drew Barrymore ætlar að endurgera sjónvarpsþættina Charlie´s Angels. Barrymore lék í tveimur kvikmyndum byggðum á þáttunum sem nutu mikilla vinsælda á áttunda áratugnum. Núna vill hún leikstýra nýjum sjónvarpsþáttum og er þessa dagana að leita að þremur hörkukvendum til að leika englana þrjá. „Þær verða að vera í ótrúlega góðu formi en mega ekki taka sjálfar sig of alvarlega. Það er erfitt að finna þannig blöndu," sagði Barrymore. McG, sem leikstýrði báðum Charlie´s Angels-myndunum, verður ráðgjafi við gerð sjónvarpsþáttanna.

CARS Framhald þessarar vinsælu teiknimyndar verður frumsýnt í desember á næsta ári.

Seinkað um hálft ár

Frumsýningu á teiknimyndinni Cars 2 hefur verið seinkað um hálft ár og verður hún því sýnd í desember á næsta ári. Í myndinni fer kappakstursbíllinn Lightning McQueen, sem Owen Wilson talar fyrir, í ferðalag um heiminn og kemur við í Bretlandi, Frakklandi, Þýskalandi og Japan. Trukkurinn Mater og jeppinn Finn McMissile, sem er njósnari í anda James Bond, koma einnig við sögu í myndinni. Fyrsta Carsmyndin kom út árið 2006 við mjög góðar undirtektir og hafa mörg ungmenni beðið með eftirvæntingu eftir framhaldinu.

PENELOPE CRUZ Spænska leikkonan verður líklega í næstu mynd Lars Von Trier.

Cruz í næstu mynd Triers

Talið er að spænska leikkonan Penelope Cruz verði í aðalhlutverki í næstu mynd Lars Von Trier, Melancholia. Í viðtali við danska sjónvarpsstöð sagði Trier að hann hefði ávallt haft Cruz í huga í aðalhlutverkinu. Fróðlegt verður að sjá hvernig henni tekst að starfa með hinum sérvitra Trier, sem hefur á ferli sínum unnið með Björk Guðmundsdóttur og Charlotte Gainsbourg. Tökur á Melancholia, sem hefur verið lýst sem sálfræði-stórslysamynd, hefjast seint á þessu ári og er stefnt að frumsýningu í Cannes á næsta ári.

Leikstýrir Crowne

Fyrirtækið Universal hefur tryggt sér dreifingarréttinn á gamanmynd Tom Hanks, Crowne. Myndin verður sú fyrsta sem Hanks leikstýrir síðan hann sendi frá sér That Thing You Do fyrir fjórtán árum. Sú mynd fékk góðar viðtökur, þrátt fyrir að titillag myndarinnar hafi kannski fengið að hljóma aðeins meira en góðu hófi gegnir. Í millitíðinni hefur Hanks leikstýrt einum þætti af stríðsdramanu Band of Brothers en hefur annars einbeitt sér að leiklistinni. Hann er einnig handritshöfundur Crowne ásamt Niu Vardalos úr My Big Fat Greek Weeding. Hanks fer sömuleiðis með aðalhlutverkið á móti Juliu Roberts. Þau léku einmitt saman í Charlie Wilson´ s War ekki alls fyrir löngu. Crowne fjallar um mann sem endurupp-götvar líf sitt og hefjast tökur í Los Angeles í apríl.

TOM HANKS Crowne verður önnur myndin sem Tom Hanks leikstýrir.

24 á hvíta tjaldið

Draumur Kiefers Sutherland um að flytja sjónvarpsþættina 24 yfir á hvíta tjaldið eru í þann mund að rætast því framleiðendur í Hollywood hafa samþykkt að breyta þáttunum í kvikmynd. Kiefer hefur lengi viljað stíga þetta skref og hugmynd hans hefur verið sú að færa hasarinn í kringum Jack Bauer frá Bandaríkjunum yfir til Evrópu. Handritshöfundur myndarinnar verður sá sami og kom að handriti spennumyndarinnar State of Play með Russell Crowe í aðalhlutverki. Aðrar sjónvarpsþáttaraðir hafa verið fluttar yfir á hvíta tjaldið með ágætum árangri, þar á meðal The Simpsons og Sex and the City. Jack Bauer ætti því ekki að eiga í neinum vandræðum

JACK BAUER Framleiðsla á kvikmynd byggðum á sjónvarpsþáttunum 24 er í bígerð.

með að aðlagast breyttum aðstæðum fyrst klaufinn Hómer Simpson gat það.

>KJARNORKUKYNLÍF

Söngvarinn John Mayer segir í nýlegu viðtali við tímaritið US að Jessica Simpson hafi verið ótrúlegur rekkjunautur. Þau hittust fyrir tveimur árum og Mayer líkir henni við bæði eiturlyf og kjarnorku.

fólk

folk@frettabladid.is

Sætir strákar í regnbogalitum

„Þetta verður flott sýning. Ég hvet alla til að mæta," segir ljósmyndarinn og myndlistarmaðurinn Oddvar Örn Hjartarson sem opnar sýningu í Ljósmyndasafni Reykjavíkur á föstudagskvöld. „Þetta eru konsept-verk. Ég verð með tvær nýjar seríur og gamalt efni sem mun rúlla á myndvarpa. En allt hitt er prentað og rosafínt."

Annað nýja verkið heitir IKAE og á hugmyndafræðilegar rætur til svokallaðra IKEA-mynda, sem Oddvar setur í glænýtt samhengi. „Þetta eru sex myndir þar sem ég er að leika mér með nafnið IKEA. Þessar myndir eru mjög heimilisvænar og fallegar og líka einfaldar," segir Oddvar. Hitt verkið nefnist Da Boyz og er myndröð af strákum þar sem regnbogalitir samkynhneigðra birtast í nýjum formum. „Þetta er verkefni sem ég gerði þegar ég var í ljósmyndaskóla í Danmörku. Þá fór ég út á götu og ákvað að yfirstíga óttann og tala við sæta stráka til að pikka í myndatöku. Af sautján sem ég spurði voru tólf sem voru til í að vera með."

Oddvar er líklega þekktastur fyrir myndir sínar af Páli Óskari Hjálmtýssyni, sem hafa birst bæði í Silfursafninu og dagatali sem hann gerði fyrir aðdáendur sína. Þær myndir munu einmitt birtast á myndvarpanum á sýningunni. „Það er æðislegt að mynda Palla, við erum svo góðir vinir," segir Oddvar.

- fb

ODDVAR OG VINUR HANS Oddvar er þekktastur fyrir ljósmyndir sínar af popparanum Páli Óskar Hjálmtýssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Hefner fráskilinn

Spennið beltin, stúlkur – því gamalmennið og Viagra-dólgurinn Hugh Hefner er fráskilinn eftir 21 árs hjónaband.

Hefner hefur skilið við eiginkonu sína, Kimberly Hefner, sem hann kvæntist árið 1989. Þau hafa reyndar ekki verið saman síðan 1998, en ekki gengið frá skilnaðinum fyrr en nú.

Hefner og Kim frestuðu því að skilja vegna þess að hún bjó í næsta húsi við höll hans í Kaliforníu og fékk reglulega vasapeninga frá honum. En eftir að hún lögsótti Hefner síðasta sumar og krafðist 5 milljóna dollara skaðabóta frá honum fyrir að brjóta samning ákvað hann að skera á strenginn.

Þó að Hefner sé búinn að vera með hring á puttanum öll þessi ár hefur hann ekki farið leynt með ástarsambönd sín við hinar og þessar laglegar ljóskur. Hann hætti nýlega með tvíburunum Kristinu og Karissu, en hefur haldið áfram að hitta fyrirsætuna Crystal Harris.

FRÁSKILINN AÐ VESTAN Hugh Hefner hefur skilið við eiginkonu sína til 21 árs.

Kojak skorar á Gillzenegger

Egill Einarsson er ekki þekktur fyrir að skorast undan en hann er í miklum vafa hvort hann eigi að taka nýjustu áskoruninni.

Bresk/kýpverski einkaþjálfarinn Kojak hefur skorað sjálfan Egil „Störe" Einarsson á hólm. Reyndar í þágu góðs málefnis. Kojak, sem er silfurverðlaunahafi á heimsmeistaramótinu í thaiboxing, vill mæta Agli í hringnum og etja við hann kappi í þessari vinsælu bardagaíþrótt. „Eins og allir vita er Egill einn tunguliprasti maðurinn á Íslandi og það er kominn tími til að einhver sparki duglega í rassgatið á honum í þágu góðs málefnis," segir Kojak og hlær.

Kojak bætir því við að hann hafi fyrst nefnt þessa hugmynd við Egil fyrir nokkrum mánuðum en fengið fá eða lítil svör frá einkaþjálfaranum vinsæla. „Ég held að hann sé pínulítið hræddur. En ég er ekkert að fara drepa hann, þetta verður bara smá sýning í þágu góðs málefnis," segir Kojak en eflaust eru margir sem myndu vilja borga nokkra þúsund kalla fyrir að sjá þennan einstaka bardaga.

Egill sjálfur er hins vegar ekkert á því að fara inn í hringinn með Kojak. Hann sé í dag bara rithöfundur og einkaþjálfari, eins og hann orðar það sjálfur. „Ég veit alveg hver Kojak er, hann er hinn íslenski Steven Seagal, með breskan hreim, sítt hár og tveir metrar á hæð. Ég er bara ekki í stuði til að láta svona fáránlega sexí náunga berja mig í drasl. Ég yrði bara að einhverju aðhlátursefni," segir Egill en bætir því við að hann loki þó ekki neinum dyrum. „Ef ég myndi taka svona áskorun þá þyrfti ég að fá tækifæri til að æfa mig aðeins. Ég á einn bardaga í boxi á ferlinum og það var sigur en thaibox er aðeins öðruvísi, þá eru menn að setja olnbogann í andlitið hvor á öðrum og ég veit ekki alveg hvort maður treysti sér í það."

SKEMMTILEGUR EN ÓJAFN

Kojak hefur skorað á **Egill „Gilz" Einarsson** í bardaga. Egill er ekki í vafa um að bardaginn yrði góð skemmtun, hann yrði hins vegar aðhlátursefnið.

Dúnmjúkt

Konukvöld Smáratorgs

Fimmtudaginn 11. febrúar
frá 19.00 til 22.00

- Helga Braga stjórnar herlegheitunum
- Jóhanna Guðrún og Alan Jones þenja raddböndin
- Bakarameistarinn sér um veitingarnar
- Sérfræðingar frá L´Oréal, Maybelline, Orublu og E-Label sýna það allra nýjasta
- Tískusýning frá Twizzt og Toyl
- Danssýning frá Rebel
- Hárgreiðslusýning frá Wink
- Lukkupottur með glæsilegum vinningum
- Fullt af tilboðum og kynningum

Fyrir allar skvísur, enginn aðgangseyrir

A4 Skrifstofa og skóli · heilsuhúsið · LYFJA · Food Station · WINK Hársnyrtistofa · Issel · Toyl · HÚÐLÆKNASTÖÐIN · Bakarameistarinn · Twizzt skart og fylgihlutir

Fatafellan ófrísk eftir Josh Duhamel

Leikarinn Josh Duhamel er sagður hafa haldið framhjá eiginkonu sinni, söngkonunni Fergie úr Black Eyed Peas, með fatafellunni Nicole Forrester. Samkvæmt nýjustu fréttum er hún að verða mamma og samkvæmt enn þá nýrri fréttum er hann að verða pabbi. Og ekki er Fergie ólétt.

Samkvæmt bandarískum vefmiðlum er hún 95 prósent viss um að vera ólétt eftir Josh og hefur sagt vinum sínum að barnið sé að öllum líkindum hans, en hún sé ekki búin að ákveða hvort hún ætli að halda því. Þá á hún að hafa sagst vera gríðarlega spennt fyrir peningunum sem gætu streymt inn ef barnið er hans. „Ég geng með milljón dollara barn," á hún að hafa sagt.

AÐ VERÐA PABBI? Josh Duhamel þekkja Íslendingar úr þáttunum Las Vegas sem Stöð 2 sýndi fyrir nokkrum misserum.

Ný plata í september

Fjórða plata rokkaranna í The Strokes kemur líklega út í september. „Að hittast aftur og byrja að spila saman tónlist var eins auðvelt og að hjóla," sagði trommarinn Fab Moretti. Upptökur á plötunni hafa staðið yfir að undanförnu. Í sumar verður þó gert hlé á þeim vegna þátttöku hljómsveitarinnar á tónlistarhátíðunum Isle of Wight og Rockness. Moretti er spenntur fyrir því að stíga aftur á svið með sínum gömlu félögum. „Ég fæ fiðring í magann. Ef ég á að segja eins og er hef ég lítið spáð í gömlu lögin því við höfum verið á bólakafi í nýju lögunum."

HEILSUHORN Sollu og Völu Matt

Súkkulaði-kókoskúlur

100 g kókosmjöl
100 g heslihnetur, má líka vera aðrar hnetur eða möndlur
30 g hreint kakóduft, helst lífrænt
250 g döðlur
1-2 msk. agave-síróp, má einnig vera vatn en sírópið er betra

Allt sett í blandara eða matvinnsluvél þar til þetta hangir vel saman.

Hellið smá agave-sírópi út í þar til þetta er orðið þykkt og auðvelt að búa til litlar kúlur. Gott er að velta kúlunum upp úr kakódufti eða kókosmjöli, bræddu súkkulaði eða heimagerðu súkkulaði. Best er að geyma kúlurnar í frysti eða ísskáp. Þetta sælgæti er upplagt til þess að taka með sér í skólann eða vinnuna. Dúndur hollt! Og dúndur gott!

Enn meiri afslátturr

50%

Afslátturr af öllum fatnaði

60% afslátturr af öllum skóm

Menn + Konur, Laugavegi 7



Andersen & Lauth

Reykjavik

established 1934

P.S...ef þú ert forvitin þá geturðu séð vor 2010
á www.andersenlauth.com...

NÝTT Í BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

SÝNINGARTÍMAR

EDGE OF DARKNESS	kl. 5.40, 8 og 10.20	16
IT'S COMPLICATED	kl. 5.40 og 8	12
SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM... 3D	kl. 3.50 - Ísl. tal	L
MAMMA GÓGÓ	kl. 3.50	L
ALVIN OG ÍKORNARNIR 2	kl. 4 - Ísl. tal	L
AVATAR 3D	kl. 6 og 9	10

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

THE BOOK OF ELI	kl. 8D - 10:30D	16
THE BOOK OF ELI	kl. 5:30 - 8 - 10:30	VIP
AN EDUCATION	kl. 5:50 - 8 - 10:30	L
UP IN THE AIR	kl. 5:40 - 8 - 10:20	L
PLANET 51 M/ísl. Tali	kl. 5:50D	L
SHERLOCK HOLMES	kl. 5:20 - 8 - 10:40	12
BJARNFREÐARSON	kl. 5:50 - 8 - 10:30	L

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

MAYBE I SHOULD HAVE	kl. 5:50 - 8	L
THE BOOK OF ELI	kl. 8:10D - 10:40D	16
IT'S COMPLICATED	kl. 8	12
SHERLOCK HOLMES	kl. 10:30D	12
WHERE THE WILD THINGS ARE	kl. 5:50	7
BJARNFREÐARSON	kl. 5:50	L

SAMBÍÓIN AKUREYRI

THE BOOK OF ELI	kl. 8	16
SHERLOCK HOLMES	kl. 8	7

NÝTT Í BÍÓ!

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

EDGE OF DARKNESS	kl. 8 - 10.30	16
EDGE OF DARKNESS LÚXUS	kl. 5.30 - 8 - 10.30	16
IT'S COMPLICATED	kl. 8 - 10.35	12
SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 3D	kl. 3.40 - 5.50	L
SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 2D	kl. 3.40 - 5.50	L
DYHAT MORGANS	kl. 10	7
MAMMA GÓGÓ	kl. 6 - 8	L
AVATAR 3D	kl. 4.40 - 8	10
ALVIN OG ÍKORNARNIR 2	kl. 3.50	L

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

NINE	kl. 5.30 - 8 - 10.30	L
SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 3D	kl. 5.50	L
IT'S COMPLICATED	kl. 8 - 10.35	12
MAMMA GÓGÓ	kl. 6 - 8	L
AVATAR 3D	kl. 8	10
NIKULÁS LITLI	kl. 6 - 10 Íslenskur texti	L

facebook.com/smarabio
ÁÐDÁENDUR GETA UNNIÐ BÍÓKORT ÚT ÁRIÐ, BOÐSMIÐA Á FORSÝNINGAR O.M.FL.

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

EDGE OF DARKNESS	kl. 8 - 10.10	16
SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 2D	kl. 6	L
IT'S COMPLICATED	kl. 8 - 10.10	12
MAMMA GÓGÓ	kl. 6 Síðasta sýning	L

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

NINE	kl. 5.30 - 8 - 10.30	L
CLOUDY WITH MEATBALLS 2D	kl. 5.50 - 8 - 10.10 enskt tal	L
SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 2D	kl. 5.50 íslenskt tal	L
HARRY BROWN	kl. 10.35	16
THE ROAD	kl. 8 - 10.20	16
ALVIN & ÍKORNARNIR 2	kl. 6 íslenskt tal	L
JULIE & JULIA	kl. 8	L

GETTU BETUR-HÓPURINN

Örn Úlfar Sævarsson verður í dómarasætinu í Gettu betur í fyrsta sinn. **Eva María Jónsdóttir** verður spyrill eins og í fyrra og hinn skeleggi **Ásgeir Erlendsson** verður stigavörður.

Skikkjulaus í hákarlalaug

Átta liða úrslit spurningaþáttarins Gettu betur hefjast í Sjónvarpinu á laugardagskvöld. Dómarinn og nýliðinn Örn Úlfar Sævarsson býst við jafnri og skemmtilegri keppni.

„Þetta leggst bara gríðarlega vel í mig. Það hefur gengið vel með útvarsphlutann en mesta álagið er þar, svona keppnislega séð, því þar eru flestar keppnirnar. En spennustigið í sjálfri keppninni er náttúrlega hærra núna þegar komið er í sjónvarpið. Það lítur út fyrir að þetta verði mjög jafnar og spennandi viðureignir," segir Örn Úlfar. Menntaskólinn í Reykjavík hefur unnið Gettu betur síðustu þrjú ár og verður fróðlegt að fylgjast með því hvort einhver geti stöðvað sigurgöngu hans á þessu ári.

Í viðtali við Fréttablaðið í haust lýsti Örn yfir áhuga á að klæðast skikkju í dómarasætinu en ekkert verður af því. „Það náðist samkomulag um að það myndi gilda um útvarpshlutann," segir hann og glottir.

Hann hefur verið duglegur við að semja spurningar síðan í haust og eru þær orðnar á milli 1.500 og 2.000 talsins. Hann leggur áherslu á fjölbreyttar spurningar, þannig að sem flestir geti spreytt sig á þeim. „Maður er að spyrja bæði um það sem allir eiga að vita og það sem er ekki séns að neinn viti," segir hann í léttum dúr. Eitt reynir Örn sérstaklega að hafa á hreinu áður en hann semur sínar spurningar. Það er að spyrja ekki sömu spurninga og í Útsvari, hins spurningaþáttarins á RÚV. „Það var mjög fyndið um daginn þegar Útsvar var sama kvöld og við vorum í útvarpinu. Þá var ein spurningin þar sú sama og hjá okkur. Það er ekki ólíklegt að tveir fái sömu hugmyndina."

Með Erni Úlfari í sjónvarpssal verður spyrillinn Eva María Jónsdóttir og stigavörðurinn Ásgeir Erlendsson, sem hafa gengið í gegnum þetta allt saman áður. „Þau hafa bæði mikla reynslu og svo var Ásgeir líka keppandi. Ég nýt þess að hafa þetta frábæra fólk með mér." Örn bætir því við að hann hafi hitt fyrrverandi dómara í Gettu betur sem hafi flestir vottað honum samúð sína, enda starfið sérlega erfitt þar sem ekkert má út af bregða. „Þetta er hákarlalaug enda er svo mikil hefð fyrir þessu hjá skólunum. Fyrir þá er þetta upp á líf og dauða."

freyr@frettabladid.is

8-LIÐA ÚRSLIT:

13. febrúar	FG - ME
20. febrúar	Verzló - MH
27. febrúar	FSu - FB
6. mars	Kvennó - MR

Kvikmyndir ★★★

Edge of Darkness

Leikstjóri: Martin Campbell

Aðalhlutverk: Mel Gibson og Ray Winstone

Gibson hefur engu gleymt

Fyrir rösklega 20 árum sýndi Ríkissjónvarpið hina sérdeilis prýðilegu spennuþætti Edge of Darkness sem fjölluðu um rannsókn lögreglumannsins Craven á dauða dóttur sinnar sem var í slagtogi með umhverfisaðgerðasinnum á pari við vitleysingana í Saving Iceland. Eftir því sem Craven komst nær sannleikanum um dauða dótturinnar flæktist hann í viðamikið samsæri pólitíkusa og fleiri vondra manna sem voru að fikta með kjarnorku í miður góðum tilgangi. Þá lágu leiðir hans og dularfulls Bandaríkjamanns, Jedburgh, saman en sá var einhvers konar leyniþjónustumaður með óljós markmið en að lokum tóku þeir höndum saman gegn samsærishyskinu.

Nú er Edge of Darkness allt í einu orðin að amerískri spennumynd sem markar endurkomu Mels Gibson á hvíta tjaldið en hann hefur ekki leikið í bíómynd um árabil.

Craven er orðinn að bandarískum lögguharðhaus, sem er leikinn af Mel Gibson, en Jedburgh er aftur á móti Breti að þessu sinni, leikinn af hinum óviðjafnanlega þungavigtartöffara Ray Winstone. Emma, dóttir Cravens, er skotin með haglabyssu fyrir framan nefið á föður sínum og deyr í örmum hans. Craven kemst fljótt að því að dóttir hans var ekki öll þar sem hún var séð og að vinnuveitandi hennar, sem krukkar í kjarnorku, hafi mögulega viljað hana feiga vegna tengsla hennar við aðgerðasinna.

Sjónvarpsþættirnir voru sex talsins og þar var góður tími tekinn í að rekja flókinn söguþráðinn en hér er þetta svo hraðsoðið að samsærið virkar býsna flókið og jafnvel langsótt. Aðalleikararnir tveir breiða þó áreynslulaust yfir þessa annmarka auk þess sem myndin nær að halda uppi fínni spennu og fær vænar adrenalíngusur þegar Gibson mundar byssurnar af slíku öryggi að maður sér glitta í Martin Riggs úr Leathal Weapon. Myndin fær svo aukna dýpt með nokkrum hjartnæmum og fallegum senum þar sem látin dóttir Cravens birtist honum í minningarbrotum úr fortíðinni. Þar sýnir Gibson að hann er fínn leikari sem getur gert fleira en að drepa með stæl. Þannig að þrátt fyrir augljósa galla stendur eftir svöl, mannleg og fantavel leikin spennumynd.

Þórarinn Þórarinsson

Niðurstaða: Erkitöffararnir Mel Gibson og Ray Winstone, ásamt nokkrum hressilegum ofbeldisgusum, lyfta annars dálítið þvældri samsærismynd vel yfir mörk meðalmennskunnar.

AFTUR TIL VEGAS Celine Dion byrjar að syngja á ný í Las Vegas á næsta ári.

Celine Dion snýr aftur á svið í Vegas

Söngkonan stórkostlega Celine Dion snýr aftur á svið í Las Vegas á næsta ári. Dion hefur gert þriggja ára samning við Ceasars Palace-hótelið og sögusagnir eru um að hún fái 100 milljónir dollara greiddar fyrir ómakið.

Salurinn sem Dion kemur fram í var upprunalega byggður yfir hana, en hún söng þar á árunum 2003 til 2007. Sýning hennar var gríðarlega farsæl, en þegar hún hætti tók kjarnakonan Bette Midler við. Henni gekk hins vegar ekki jafn vel sem varð til þess að leitað var til Dion á ný.

Rene Anelil, umboðsmaður og eiginmaður Celine Dion, segist vera gríðarlega ánægður með að spúsan sé að snúa aftur til Las Vegas. „Stundaskráin verður mannúðleg svo að Celine ofþreytist ekki," sagði hann. „En sýningin verður jafn glæsileg og sú fyrsta!"

FEBRÚARTILBOÐ

11.- 14. febrúar

Bjóðum allar vörur með 6 mánaða vaxtalausum afborgunum!

Nokkur tilboðsdæmi

Þurrkari með barka

Beko DV1560
6kg þurrkari með barka með 11 stillingum.

74.989 kr.

Mánaðarleg greiðsla **13.123**

Þurrkari með barka

Beko WMD26145
1400 snúninga og 6kg þvottavél með 20 kerfum, rafeindastýrður kerfisveljara og hitastilli.

89.989 kr.

Mánaðarleg greiðsla **15.698**

6 kerfa uppþvottavél

Bauknecht GSFH1660IX
60sm og 6 kerfa uppþvottavél með rafeinda-stýrðum kerfisveljara, hita, blásara ofl.

129.989 kr.

Mánaðarleg greiðsla **22.565**

160sm frystiskápur

Bauknecht GKA331
160sm og 202 lítra frystiskápur með orkunýtingu A.

119.989 kr.

Mánaðarleg greiðsla **20.848**

32" LCD breiðtjald

Toshiba 32AV605PG
32" LCD breiðtjald með 1366x768p uppl., 18.000:1 skerpu, Active Vision VGA(PC) tengi ofl.

109.989 kr.

Mánaðarleg greiðsla **19.132**

MSI fartölva með 10" skjá

MSI Wind U123
Fartölva með Intel Atom N280 1.66GHz örgjörva, GMA 950 skjákorti, 1GB minni, 160GB disk, 10" WSVGA skjá, Windows XP Home ofl.

79.989 kr.

Mánaðarleg greiðsla **13.982**

Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18

MAX Kauptúni 1 - Garðabæ
Sími 412 2200 - www.max.is

MAX RAFTÆKI

> Arnór eftirsóttur

Stjarna Íslands á EM, Arnór Atlason, segist hafa fengið margar fyrirspurnir frá liðum eftir að EM lauk. Nýja stórliðið í Danmörku, AG Köbenhavn, sem er sameiginlegt lið FCK og AG Handbold, hefur lýst yfir áhuga á að halda Arnóri en félagið þarf þá að semja við hann upp á nýtt. Enn á eftir að ganga frá sameiningu dönsku félaganna og Arnór hefur því tíma til þess að skoða aðra kosti á meðan.

sport

sport@frettabladid.is

BJARNI ÓLAFUR EIRÍKSSON: SKRIFAR UNDIR ÞRIGGJA ÁRA SAMNING VIÐ NORSKA FÉLAGIÐ STABÆK Í DAG

Þetta hefur gerst allt mjög hratt síðustu daga

Landsliðsmaðurinn Bjarni Ólafur Eiríksson hefur náð samkomulagi við Stabæk um þriggja ára samning en norska félagið hafði áður samið við Val um kaupverð á vinstri bakverðinum. Bjarni Ólafur heillaði forráðamenn Stabæk upp úr skónum þegar hann var á reynslu hjá liðinu á dögunum og skoraði þá meðal annars mark beint úr aukaspyrnu í æfingaleik gegn Halmstad en hann skrifar formlega undir samning við félagið í dag.

„Þetta hefur gerst allt mjög hratt síðustu daga og það er óneitanlega frekar skrítið að þetta tækifæri hafi boðist mér einmitt núna þegar ég var ekkert sérstaklega að leita eftir því að fara út og enn fremur þar sem síðasta tímabil með Val var talsverð vonbrigði. Mér gekk hins vegar vel á æfingunum með Stabæk en verð nú að viðurkenna að þetta mark sem ég skoraði var algjör grís," segir Bjarni Ólafur á léttum nótum.

Bjarni Ólafur hittir fyrir tvo Íslendinga hjá Stabæk en það eru félagar hans úr íslenska landsliðinu, Veigar Páll Gunnarsson og Pálmi Rafn Pálmason en sá síðarnefndi var einnig liðsfélagi hans hjá Val sumarið 2007.

„Það hjálpaði mér óneitanlega mikið að aðlagast öllu fljótt og vel að hafa Veigar og Pálma þarna því ég þekki þá nátt-úrulega vel. Þeir höfðu heldur ekkert nema gott um félagið að segja og allar aðstæður hjá félaginu eru til fyrirmyndar og ég var í raun og veru ánægður með allt sem ég sá þarna. Þetta er líka eitt af mínum síðustu tækifærum til að fara út í atvinnumennsku þar sem maður er ekkert að verða yngri," segir Bjarni Ólafur sem verður 28 ára gamall í næsta mánuði.

„Ég geri mér grein fyrir því að leikurinn er á allt öðru tempói þarna úti og ég verð bara að reyna að aðlagast því sem fyrst. Það er æfingaleikur gegn Tromsø á föstudaginn og svo fer liðið í æfingabúðir á La Manga á Spáni og svo byrjar tímabilið bara um miðjan næsta mánuð þannig að þetta er bara að skella á."

SVARA KSÍ Frá leik Fram síðasta sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Yfirlýsing frá Fram:

Framarar eru ósáttir við KSÍ

FÓTBOLTI Eins og fram kom á Vísi í fyrradag þá voru Framarar sektaðir um 25 þúsund krónur af aga- og úrskurðarnefnd KSÍ fyrir að hafa verið með ólögleg leyfisgögn árið 2009.

Framarar eru mjög ósáttir við vinnubrögð KSÍ í málinu og segja að KSÍ taki ekkert tillit til sjónarmiða þeirra í málinu.

Vísir fékk senda yfirlýsingu frá Fram vegna málsins og hana má lesa hér fyrir neðan.

YFIRLÝSING FRAM

„Af umfjöllun um að KSÍ hafi úrskurðað að leyfisgögn Fram vegna ársins 2009 hafi verið vísvitandi röng, vill stjórn Fram FFR koma eftirfarandi á framfæri:

Fram hefur alltaf lagt mikinn metnað í að vanda vel gerð leyfisgagna til KSÍ og eins var varðandi leyfisgögn vegna ársins 2009. Hins vegar kom upp mál sl. haust sem framkvæmdastjóri KSÍ sá ástæðu til að taka til umfjöllunar varðandi umrædd leyfisgögn og fékk Fram athugasemdir þar um.

Fram svaraði því með ítarlegri greinargerð og gögnum, þar sem var gerð grein fyrir fyrir málinu af hálfu Fram.

Stjórn Fram FFR er mjög ósátt við vinnubrögð KSÍ í málinu, niðurstöðu þess og að KSÍ hafi ekki séð ástæðu til að taka neitt tillit til málefnalegra andmæla félagsins.

Umfjöllun sem verið hefur um málið í fjölmiðlum er til þess fallin að rýra trúverðugleika og traust til félagsins, af henni má skilja að Fram hafi vísvitandi haft rangt við varðandi leyfisreglur KSÍ.

Stjórn Fram FFR vísar því á bug, en leggur áherslu á að hér eftir sem hingað til leggur félagið metnað í að vanda vel frágang leyfisgagna til KSÍ.

Stjórn Fram FFR". - hbg

Framtíð Fabregas hjá Arsenal:

Wenger hefur ekki áhyggjur

FÓTBOLTI Knattspyrnustjórinn Arsene Wenger hjá Arsenal hefur neitað því að fyrirliðinn Cesc Fabregas sé búinn að ná munnlegu samkomulagi við Barcelona.

„Ég hef engar áhyggjur af því að Fabregas sé á förum. Ég hef meiri áhyggjur af því að við náum takmörkum okkar og förum að vinna einhverja titla," sagði Wenger í gær. -óþ

Vil vinna fyrir launununum

Alexander Petersson skrifaði í gær undir tveggja ára samning við Füchse Berlin sem Dagur Sigurðsson þjálfar. Alexander hlakkar til að fá að spila reglulega á nýjan leik. Hann hafnaði risatilboði frá Kielce í Póllandi.

HANDBOLTI Alexander Petersson og fjölskylda munu flytjast búferlum til Berlínar í sumar því þá mun Alexander hætta að spila með Flensburg og ganga í raðir Füchse Berlin.

Það hefur staðið til í nokkurn tíma hjá Alexander að flytja sig um set enda hefur hann takmarkað fengið að spila hjá Flensburg þar sem þjálfari liðsins hefur frekar ákveðið að nota son sinn en Alexander í liði Flensborgar.

„Dagur hafði fyrst samband í upphafi desember. Ég var ekkert sérstaklega spenntur fyrir því að fara í upphafi enda var upprunalega tilboðið frá þeim ekki gott. Við náðum svo lendingu að lokum og ég er afar sáttur við minn samning og hlakka til að spila í Berlín," segir Alexander sem segir kost að hafa íslenskan þjálfara og aðra Íslendinga á svæðinu.

Góður tímapunktur til að prófa eitthvað nýtt

„Dagur getur alltaf hjálpað mér og orðið minni fjölskyldu innan handar með ýmislegt. Það er mikill kostur. Svo er bara gaman að fara í nýtt lið og kynnast nýju fólki. Þetta er góður tímapunktur að prófa eitthvað nýtt," segir Alexander og segist nánast hafa fengið samviskubit yfir því að þiggja laun hjá Flensburg.

„Ég fæ núna loksins að spila almennilega og þar með vinna fyrir launununum mínum. Mér finnst ekkert gaman að sitja á bekknum og fá laun fyrir það. Ég fæ aðeins betri samning en hjá Flensburg þannig að það er allt jákvætt við þetta."

Það er ljóst að koma Alexanders er hvalreki fyrir Berlínarliðið sem ætlar sér stóra hluti á næstu árum. Alexander er afar fjölhæfur leikmaður en hvar segist Dagur ætla helst að nota leikmanninn?

„Fyrir utan sem og í horninu. Auðvitað í vörninni líka. Hann getur notað mig nánast hvar sem er," segir Alexander en hann mun berjast um skyttustöðuna við félaga sinn í landsliðinu, Rúnar Kárason, sem er einnig á mála hjá félaginu.

HAMINGJUSAMUR Alexander er afar ánægður með lendinguna í sínum málum og hlakkar til að spila undir stjórn Dags. FRÉTTABLAÐIÐ/DIENER

Hafnaði risatilboði

Fjölmörg félög sýndu íslenska hraustmenninu áhuga en Alexander og fjölskylda ákváðu að velja þann kost sem hentaði fjölskyldunni best. Hann hafnaði því meðal annars risatilboði frá Kielce í Póllandi sem er að eyða miklum peningum þessa dagana í að lokka leikmenn til sín.

„Það voru mörg lið sem höfðu samband en ég hafði áhyggjur af því að sum þeirra væru í fjarhagsvandræðum og myndu ekki geta staðið við gerða samninga. Ég nenni ekki að standa í því. Berlín er mjög öflugt félag með sterka aðila á bak við sig þannig að ég þarf ekki að hafa áhyggjur af neinu þar. Ég fékk svakalegt tilboð frá Kielce en við töldum sem fjölskylda að það væri skynsamlegra að fara til Berlínar en Póllands. Það var samt spennandi tilboð enda miklir peningar, mjög sterkt lið og jólafrí líka. Ég fer kannski þangað þegar ég þarf á jólafríi að halda. Fínt að fara til Póllands og hvíla sig aðeins," segir Alexander léttur. henry@frettabladid.is

Dagur Sigurðsson, þjálfari Füchse Berlin, afar ánægður með að fá Alexander:

Mikill fengur að landa Alexander

HANDBOLTI „Það var alls ekki auðvelt að landa Alexander enda öflugur leikmaður sem fleiri félög höfðu áhuga á. Það var því afar ánægjulegt að landa svona sterkum leikmanni og þetta er mikill fengur fyrir okkur," sagði Dagur Sigurðsson, þjálfari Füchse Berlin, við Fréttablaðið í gær.

„Ég hugsa Alexander fyrst og fremst sem skyttu hjá okkur og hann verður auðvitað líka í lykilhlutverki í vörninni," segir Dagur sem er þar með kominn með tvær, örvhentar, íslenskar skyttur en Rúnar Kárason er einnig á mála hjá félaginu.

„Rúnar hefur verið skytta númer tvö hjá okkur í vetur á eftir hollenskum leikmanni. Sá leikmaður er á förum þannig að það breytist í rauninni lítið hjá Rúnari," segir Dagur en er hann ánægður með Framarann unga?

„Já, ég er mjög sáttur við Rúnar í vetur. Það var alltaf vitað að fyrsti veturinn hans yrði erfiður en hann er að taka framförum og styrkjast." - hbg



DAGUR KÁTUR Lið Dags styrkist mikið með tilkomu Alexanders. FRÉTTABLAÐIÐ/DIENER

199 LEIKIR Svavar Páll Pálsson hefur aðeins misst af 14 leikjum Hamars frá upphafi í úrvalsdeild. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKARÓ

Tímamót hjá Svavari Pálssyni:

Spilar 200. leikinn fyrir Hamar

KÖRFUBOLTI Svavar Páll Pálsson, fyrirliði Hamars, spilar tímamótaleik í kvöld þegar Hamar tekur á móti Grindavík í Hveragerði í Iceland Express-deild karla.

Þetta verður 200. úrvalsdeildarleikur Svavars fyrir félagið en hann hefur leikið með Hamri allar götur frá árinu 1999. Svavar Páll hefur verið með í 199 af 213 leikjum Hamars frá upphafi í úrvalsdeild karla.

Svavar hefur skorað 1.627 stig í 199 leikjum fyrir Hamar eða 8,2 að meðaltali í leik. Hann er einnig stigahæsti og frákastahæsti leikmaður félagsins í úrvalsdeild.

Leikur Hamars og Grindavíkur er einn af fjórum leikjum kvöldsins en þá mætast einnig Fjölnir-Snæfell, Keflavík-FSu og Stjarnan-ÍR. - óój

EKKI LENGUR EIN Berglind Íris Hansdóttir markvörður Vals. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Kvennahandboltalið Vals:

Búnar að finna varamarkvörð

HANDBOLTI Topplið Vals í N1 deild kvenna er búið að finna sér varamarkvörð en liðið varð fyrir áfalli í upphafi ársins þegar varamarkvörðurinn Sunneve Einarsdóttir ökklabrotnaði á æfingu.

Guðný Jenný Ásmundsdóttir hefur tekið fram skóna að nýju en hún varði meðal annars mark Íslandsmeistaraliðs Hauka 2001 og 2002 og var kosin efnilegasti leikmaður deildarinnar 2001.

„Það voru nokkrar í liðinu alveg æstar í það að fá að spreyta sig í markinu þannig að við hefðum ekki verið í neinum vandræðum með að henda einhverjum í rammann," sagði Berglind Íris Hansdóttir, aðalmarkvörður Vals, í léttum tón í viðtali við Fréttablaðið eftir að hún var valin besti leikmaður deildarinnar í gær. Berglind hefur væntanlega Jennýju sér til fulltingis í fyrsta sinn í undanúrslitum Eimskipsbikarsins á sunnudaginn. - óój

YFIRBURÐIR BYLGJUNNAR

MÍNÚTU FYRIR MÍNÚTU*

Auglýsingar á Bylgjunni eru lesnar samtímis á
Létt Bylgjunni og Gull Bylgjunni.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

LÉTT BYLGJAN GULL BYLGJAN BYLGJAN 989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

* Samkvæmt mælingum Capacent á hlustun í fjölda mínútna á viku.
Hlutdeild mínútufjölda útvarpshlustenda í aldurshópnum 18-49 ára, í viku 47, 2009.

MERKJA OUTLET

KORPUTORGI

ÚTSALA

35%

VIÐBÓTARAFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM*

SÍÐASTI DAGUR ÚTSÖLUNNAR ER SUNNUDAGURINN 14. FEBRÚAR.

Jakkaföt - Blá/svört (46-64)

Outlet verð kr. 12.995
VIÐBÓTARAFSLÁTTUR
VERÐ kr. 8.447

Fótboltabúningar f/börn
Arsenal, Chelsea, Liverpool, Man.Utd.

Outlet verð kr. 3.495
VIÐBÓTARAFSLÁTTUR
VERÐ kr. 2.272

SoftShell jakki
Fyrir dömur og herra

Outlet verð kr. 9.995
VIÐBÓTARAFSLÁTTUR
VERÐ kr. 6.497

Champion íþróttapeysa
fyrir dömur

Outlet verð kr. 3.995
VIÐBÓTARAFSLÁTTUR
VERÐ kr. 2.597

IMAC leðurstígvél (36-42)

Outlet verð kr. 9.995
VIÐBÓTARAFSLÁTTUR
VERÐ kr. 6.497

Spiderman kuldaskór
(25-36)

Outlet verð kr. 2.495
VIÐBÓTARAFSLÁTTUR
VERÐ kr. 1.622

ÓTRÚLEG VERÐ OG FLOTTAR VÖRUR!

*Gildir ekki af DVD-diskum og tölvuleikjum.

Opið: Mán.-lau. 11 til 18
Sun. 12 til 18 • Sími 578 9400

TVÖ FRÁBÆR MÖRK Louis Saha skoraði tvö glæsileg mörk á móti Chelsea á Goodison Park í gær og hefði skorað það þriðja hefði hann ekki látið Peter Cech verja frá sér vítaspyrnu. MYND/AFP

Saha afgreiddi Chelsea

Arsenal minnkaði í gær forskot Chelsea og Manchester United í efstu tveimur sætunum með sigri á Liverpool. United nýtti sér ekki 1-2 tap Chelsea á móti Everton þar sem liðið náði bara jafntefli á móti Aston Villa.

FÓTBOLTI Efstu tvö liðin í ensku úrvalsdeildinni töpuðu bæði stigum í gærkvöldi og Arsenal heldur enn í titilvonina eftir sigur á Liverpool. Tottenham náði samt ekki fjórða sætinu af Liverpool þar sem liðið tapaði 0-1 fyrir Wolves í fyrsta leik Eiðs Smára Guðjohnsen með liðinu.

Louis Saha skoraði tvö mörk og klikkaði á víti að auki í 2-1 sigri Everton á toppliði Chelsea. Florent Malouda kom Chelsea yfir en Saha skoraði mark í sitthvorum hálfleiknum og kom sigurmark hans á 75. mínútu.

Florent Malouda kom Chelsea í 1-0 á 17. mínútu með laglegu skoti eftir að Didier Drogba hafði skallað aukaspyrnu Peter Cech í gegnum vörnina.

Louis Saha jafnaði á 33. mínútu með skalla eftir hornspyrnu frá Landon Donovan. Landon Donovan fiskaði síðan vítaspyrnu á lokamínútu hálfleiksins en Louis Saha lét Peter Cech verja frá sér vítaspyrnuna.

Louis Saha skoraði síðan sigurmarkið með frábæru skoti á 75. mínútu eftir að hafa fengið langa sendingu frá Leighton Baines.

Tap Chelsea þýðir að liðið hefur nú aðeins eins stigs forskot á Manchester United en meistararnir í United náðu aðeins einu stigi út úr heimsókn sinni á Villa Park.

Manchester United lenti marki undir og spilaði manni færri síðasta klukktímann í leiknum. Carlos Cuellar kom Aston Villa yfir en United jafnaði með tíunda sjálfsmarki andstæðinga þeirra í vetur. Nani fékk síðan að líta rauða spjaldið á 29. mínútu en Unitedliðið var engu að síður nærri því að tryggja sér sigurinn þrátt fyrir að lenda undir pressu frá Villamönnum í lokin.

Abou Diaby skoraði eina markið á 72. mínútu í 1-0 sigri Arsenal á móti Liverpool. Diaby skoraði með skalla úr markteignum eftir fyrirgjöf frá Tomás Rosicky. Þetta var langþráður sigur hjá Arsenal eftir töp á móti United og Chelsea.

Eiður Smári Guðjohnsen spilaði fyrstu 63 mínúturnar þegar Tottenham tapaði 0-1 á útivelli fyrir Wolves sem þýðir að liðið datt niður í sjötta sætið í þessari umferð. Sigurmark Wolves kom á 27. mínútu en áður hafði Eiður átt þátt í góðri sókn sem Niko Kranjcar tókst ekki að nýta.

Wolves komst upp úr fallsæti með þessum sigri og það gerði líka West Ham eftir 2-0 sigur á Birmingham.

ooj@frettabladid.is

ÚRSLITIN Í GÆR

Eimskipsbikar kvenna

FH-Fram 20-29 (11-16)
Mörk FH (skot): Ragnhildur Rósa Guðmundsdóttir 9 (17/1), Ingibjörg Pálmadóttir 4 (7), Sigrún Gilsdóttir 3/3 (3/3), Birna Íris Helgadóttir 2 (4), Erla H. Tryggvadóttir 1 (2), Heiðdís Rún Guðmundsdóttir 1 (4), Gunnur Sveinsdóttir 0 (2), Arnheiður Guðmundsdóttir 0 (2), Berglind Ósk Björgvinsdóttir 0 (2)
Varin skot: Kristina Kvaderine 14 (29/3, 33%)
Mörk Fram (skot): Stella Sigurðardóttir 8/2 (11/3), Pavla Nevarilova 6 (8), Karen Knútsdóttir 4/1 (6/1), Guðrún Þóra Hálfdánsdóttir 4 (9), Ásta Birna Gunnarsdóttir 3 (5), Sigurbjörg Jóhannsdóttir 2 (2), Marthe Sördal 1 (2), Hildur Þorgeirsdóttir 1 (6), Hafdís Hinriksdóttir 0 (1)
Varin skot: Íris Björk Símonardóttir 17/1 (20/3, 46%)

Iceland Express kvenna

KR-Grindavík 68-44 (34-23)
Stigahæstar: Margrét Kara Sturludóttir 21, Signý Hermannsdóttir 11, Unnur Tara Jónsdóttir 11, Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 10- Michele DeVault 17, Helga Hallgrímsdóttir 9.
KR tryggði sér deildarmeistaratitilinn í fyrsta sinn síðan 2001 þrátt fyrir að þrír leikir séu eftir.

Hamar-Keflavík 69-74 (41-43)
Stigahæstar: Kristrún Sigurjónsdóttir 23, Julia Demirer 17, Koren Schram 9 - Kristi Smith 22, Birna Valgarðsdóttir 19, Bryndís Guðmundsd. 18.
Stigin í A-deild: KR 32, Grindavík 22, Keflavík 22, Hamar 18.

Haukar-Njarðvík 81-40 (43-22)
Stigahæstar: Kiki Lund 17, Bryndís Hanna Hreinsdóttir 14, Heather Ezell 11, Ragna Margrét Brynjarsdóttir 9, María Lind Sigurðardóttir 8 - Sigurlaug Guðmundsdóttir 12.

Snæfell-Valur 69-58 (33-18)
Stigahæstar: Sherell Hobbs 29, Gunnhildur Gunnarsdóttir 21 - Dranadia Roc 23, Hrund Jóhannsdóttir 20.
Stigin í B-deild: Haukar 18, .Njarðvík 12, Snæfell 8, Valur 4.

Enska úrvalsdeildin

Arsenal-Liverpool 1-0
1-0 Abou Diaby (72.)

Aston Villa-Man Utd 1-1
1-0 Carlos Cuellar (19.), 1-1 Sjálfsmark (22.)
Nani hjá Man Utd fékk rautt spjald á 29. mínútu.

Blackburn-Hull 1-0
1-0 Sjálfsmark (19.),

Everton-Chelsea 2-1
0-1 Florent Malouda (17.), 1-1 Louis Saha (33.), 2-1 Louis Saha (75.)

West Ham-Birmingham 2-0
1-0 Diamanti (47.), 2-0 Carlton Cole (68.),

Wolves-Tottenham 1-0
1-0 David Jones (27.)

STAÐAN:

Chelsea	**26**	**18**	**4**	**4**	**61-22**	**58**
Man.United	26	18	3	5	62-21	57
Arsenal	**26**	**16**	**4**	**6**	**61-30**	**52**
Liverpool	26	13	5	8	43-27	44
Man. City	**24**	**12**	**8**	**4**	**47-32**	**44**
Tottenham	26	12	7	7	45-26	43
Aston Villa	**25**	**11**	**9**	**5**	**32-19**	**42**
Birmingham	25	10	7	8	24-26	37
Everton	**25**	**9**	**8**	**8**	**35-36**	**35**
Fulham	26	9	7	10	30-28	34
Blackburn	**26**	**8**	**7**	**11**	**26-43**	**31**
Stoke City	24	7	9	8	23-27	30
Sunderland	**25**	**6**	**8**	**11**	**32-42**	**26**
West Ham	25	5	9	11	32-40	24
Wolves	**25**	**6**	**6**	**13**	**21-42**	**24**
Wigan 24	6	6	1226-49		24	
Hull City	**26**	**5**	**9**	**12**	**25-51**	**24**
Burnley	25	6	5	14	25-50	23
Bolton	**24**	**5**	**7**	**12**	**29-46**	**22**
Portsmouth	25	4	4	17	20-42	16

Þýski handboltinn

Rhein Neckar Löwen-Kiel 22-23
Ólafur Stefánsson 6 mörk, Snorri Steinn Guðjónsson 1 - Aron Pálmarsson 1.

Framkonur í bikarúrslitaleikinn í fyrsta skiptið í ellefu ár eftir 29-20 sigur á FH:

Loksins komnar aftur í Höllina

HANDBOLTI Framkonur er komnar í úrslitaleik Eimskipsbikars kvenna í handbolta í fyrsta skiptið í ellefu ár eftir 20-29 sigur gegn FH í Krikanum í gærkvöldi. Fram hefur ekki spilað í Höllinni síðan að félagið varð bikarmeistari í tólfta sinn árið 1999.

Jafnræði var með liðunum framan af leik en á lokamínútum fyrri hálfleiks sigldu gestirnir fram úr og staðan var orðin 11-16 í hálfleik. FH náði að stríða Fram örlítið í síðari hálfleik og náði mest að minnka muninn niður í þrjú mörk en sigur Fram var þó aldrei í hættu. Stella Sigurðardóttir var markahæst hjá Fram með 8 mörk en Ragnhildur Rósa Guðmundsdóttir skoraði 9 mörk fyrir FH. Stella var að vonum ánægð við leikslok í gær.

MARKAHÆST Stella Sigurðardóttir skoraði 8 mörk fyrir Framliðið í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Maður er búinn að stefna að því að komast í höllina með meistaraflokknum síðustu þrjú eða fjögur ár og loksins tókst það. Þetta er búin að vera löng bið og tilhlökkunin er þegar orðin mikil fyrir úrslitaleiknum. Við þurftum að hafa vel fyrir þessu í kvöld. Þetta var hörku bikarleikur þar sem bæði lið spiluðu mjög fastan varnarleik og barist var alveg fram á lokamínútu. Munurinn var kannski helst sá að við náðum að fá þessi auðveldu mörk með hraðaupphlaupunum og náðum að keyra yfir þær á lokakaflanum," sagði Stella ánægð.

Á sunnudaginn ræðst svo hverjir verða mótherjar Fram í úrslitaleiknum þegar Valur og Stjarnan eigast við.

- óþ

tvenna

Wilson'S PIZZA

Veljum íslenskt

2 x 16" pizzur með 2 áleggstegundum, ostabrauðstangir, sósa og 2 L af Pepsí

verð aðeins **kr. 2990** ef þú sækir

Nýtt

Bjóðum upp á þunnan botn „ekta ítalskan"

PEPSI MAX

Wilson'S PIZZA

Við sendum þér sms þegar pizzan fer í ofninn

3 staðir 1 símanúmer

581 15 15

Gnoðarvogi 44 - Ánanaustum 15 og Eddufelli 6

dagskrá

> Daniel Day-Lewis

„Sem leikari hef ég þróað með mér getu til að gabba sjálfan mig og alla aðra til að halda að ég sé einhver annar en ég er."

Lewis fer með aðalhlutverkið í myndinni The Ballad of Jack and Rose sem Stöð 2 Bíó sýnir í kvöld kl. 20.00.

VIÐ TÆKIÐ BERGSTEINN SIGURÐSSON EKKI ER ALLT AMERÍSKT VONT

Kanasjónvarp þarf ekki að vera lélegt

Í umræðunni um niðurskurðaraðgerðir til RÚV hefur útvarpsstjóra verið legið á hálsi fyrir að ætla að skera íslenskt efni niður við trog, en draga lítið sem ekkert úr kaupum á erlendu efni. Útvarpsstjóri hefur svarað því að það myndi litlu skipta; það erlenda efni sem sýnt er á RÚV er það ódýrt að þótt það yrði allt skorið niður væri það ekki nándar nærri nóg til að stoppa í gatið. Það eru í sjálfu sér góðar fréttir því erlent efni á RÚV er á heildina litið slakt. Það er því huggun harmi gegn að það er ekki verið að borga morðfjár fyrir það.

Svo sanngirni sé gætt er rétt að halda því til haga að Ríkisútvarpið sýnir vissulega nokkrar ágætar erlendar þáttaraðir; heimildarþætti frá BBC, danska gamanþætti og svo framvegis. En þegar kemur að bandarísku sjónvarpsefni í Ríkisútvarpinu er ekki um feitan gölt að flá.

Það er algeng bábilja að leggja bandarískt sjónvarpsefni að jöfnu við drasl. Þeir, sem halda svo, hafa farið á mis við mikið, sérstaklega nú í seinni tíð þegar áhersla á þéttofin handrit, uppbyggingu, frumlega persónusköpun og vel skrifuð samtöl er svo gott sem að hverfa úr bíómyndunum sem rata í íslensk kvikmyndahús en ryðja sér til rúms í æ metnaðarfyllri sjónvarpsseríum á borð við The Wire, Rome, Deadwood, Mad Men og Sopranos.

Frá því að síðastnefnda serían lagði upp laupana hefur ekki verið sýnd á RÚV sú bandaríska þáttaröð sem ástæða er til að bera sig eftir. Ekki þarf heldur að fjölyrða um kvikmyndaúrvalið á RÚV. Jú, það er jafn mikið af lélegri bandarískri froðu á einkastöðvunum en sem betur fer nokkrar framúrskarandi þáttaraðir sem vega upp á móti.

Ég tel að það gæti vel rúmast innan menningarhlutverks RÚV að kynna fyrir landsmönnum það sem best er gert í erlendri sjónvarpsgerð, þar á meðal í Bandaríkjunum. En fyrst það er ekki gert, hvers vegna þá ekki bara að sleppa því og eyða meira púðri í það sem einkastöðvarnar vanrækja?

FIMMTUDAGUR

▶ **20.00 The Ballad of Jack and Rose** STÖÐ 2 BÍÓ

▶ **20.15 Eli Stone** SJÓNVARPIÐ

▶ **20.55 NCIS** STÖÐ 2



▶ **21.50 Mercy** STÖÐ 2 EXTRA

▶ **21.50 CSI: Miami** SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

15.15 Viðtalið (Victor I. Tatarintsev) (e)
15.45 Kiljan (e)
16.35 Leiðarljós
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Hvaða Samantha? (Samantha Who?) (17:35)
17.55 Stundin okkar (e)
18.25 Stelpulíf (Pigeliv) (2:4) Dönsk þáttaröð um ungar stúlkur sem sækjast eftir að komast í Stúlknakór danska útvarpsins.
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
▶**20.15 Eli Stone** (Eli Stone) Bandarísk þáttaröð um lögfræðinginn Eli Stone í San Francisco verður fyrir ofskynjunum og túlkar þær sem skilaboð frá æðri máttarvöldum.
21.00 Hrúturinn Hreinn (Shaun the Sheep)
21.15 Aðþrengdar eiginkonur (Desperate Housewives) Bandarísk þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar.
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.25 Herstöðvarlíf (Army Wives) (27:32) Bandarísk þáttaröð um eiginkonur hermanna sem búa saman í herstöð.
23.10 Himinblámi (Himmelblå) (15:16) (e)
23.55 Kastljós (e)
00.35 Dagskrárlok

BÍÓ

08.00 Trapped in Paradise
10.00 10 Things I Hate About You
12.00 Oskar og Josefine
14.00 Trapped in Paradise
16.00 10 Things I Hate About You
18.00 Oskar og Josefine
▶**20.00 The Ballad of Jack and Rose** Feðgin sem búa á afskekktri eyju upplifa erfiðleika er faðirinn býður vinkonu sinni og börnum hennar að koma og búa hjá þeim. Aðalhlutverk: Daniel Day-Lewis, Catherine Keener og Camilla Belle.
22.00 Yes
00.00 The Squid and the Whale
02.00 Cake: A Wedding Story
04.00 Yes
06.00 Zoolander

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Flintstone krakkarnir, Kalli og Lóa, Harry og Toto og Íkornastrákurinn.
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 The Doctors
10.15 Sjálfstætt fólk
10.55 Burn Notice (6:16)
11.50 Gossip Girl (2:22)
12.35 Nágrannar
13.00 ´Til Death (8:15)
13.25 Extreme Makeover: Home Edition (17:25)
14.10 La Fea Más Bella (124:300)
14.55 La Fea Más Bella (125:300)
15.40 Barnatími Stöðvar 2 Háheimar, Stuðboltastelpurnar, Ruff's Patch, Harry og Toto, Kalli og Lóa
17.08 Bold and the Beautiful
17.33 Nágrannar
17.58 The Simpsons (20:22)
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.11 Veður
19.20 Two and a Half Men (20:24)
19.45 How I Met Your Mother (8:22)
20.10 Amazing Race (6:11) Kapphlaupið mikla er hafið í tólfta sinn. Sem fyrr þeysast keppendur yfir heiminn þveran og endilangan með það að markmiði að koma fyrstir í mark og fá að launum eina milljón dala.
▶**20.55 NCIS** (6:25) Spennuþáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem starfa í Washington og rannsaka glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt.
21.45 Fringe (10:23) Olivia Dunham er sérfræðingur FBI í málum sem grunur leikur á um að eigi sér yfirnáttúrlegar skýringar.
22.30 Breaking Bad (1:7) Ný spennuþáttaröð um efnafræðikennara og fjölskyldumann sem fer að framleiða og selja eiturlyf.
23.30 Twenty Four (3:24)
00.15 John Adams (3:7)
01.25 Dying Young
03.15 Kung Pow: Enter the Fist
04.35 Fringe (10:23)
05.20 The Simpsons (20:22)
05.45 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*

07.00 Þýski handboltinn Útsending leik RN Löwen og Kiel.
17.45 Spænsku mörkin Allir leikir umferðarinnar í spænska boltanum skoðaðir.
18.40 Inside the PGA Tour 2010 Skyggnst á bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni í golfi.
19.05 Atvinnumennirnir okkar: Ólafur Stefánsson Að þessu sinni verður einn dáðasti sonur íslensku þjóðarinnar heimsóttur til Ciudad Real á Spáni.
19.40 Þýski handboltinn Útsending frá leik RN Löwen og Kiel.
21.00 Bestu leikirnir. Breiðablik - FH 18.05.09 Það var magnað andrúmsloft á Kópavogsvelli þegar Breiðablik tók á móti Íslandsmeisturum FH í 3. umferð Pepsí-deildar karla. Leikurinn var mögnuð skemmtun frá upphafi til enda.
21.30 Veitt með vinum: Grænland Farið verður á framandi slóðir að þessu sinni og Grænland heimsótt.
22.00 Northern Trust Open Skyggnst á bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni í golfi.
22.55 UFC Live Events Hitað upp fyrir Ultimate Fighter 10.

SPORT 2 *enski boltinn*

07.00 Arsenal - Liverpool Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
14.25 Wolves - Tottenham Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
16.05 West Ham - Birmingham Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
17.45 Premier League Review Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.
18.45 Premier League World Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.
19.15 Aston Villa - Man. Utd. Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
21.00 Premier League Review
21.55 Coca Cola-mörkin Sýnt frá öllum leikjunum í Coca Cola-deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.
22.25 Everton - Chelsea Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁR EINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
07.30 Innlit/ útlit (3:10) (e)
08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Pepsi MAX tónlist
12.00 Innlit/ útlit (3:10) (e)
12.30 Pepsi MAX tónlist
16.30 Girlfriends (15:23) (e)
16.45 7th Heaven (19:22)
17.30 Dr. Phil
18.15 Britain's Next Top Model (e)
19.00 Game Tíví (3:17) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelsson fjalla um allt það nýjasta í tölvuleikjaheiminum.
19.30 Fréttir Fréttir og veður frá fréttastofu Morgunblaðsins.
19.45 King of Queens (7:25) (e)
20.10 The Office (15:28) Bandarísk þáttaröð sem hlotið hefur Emmy-verðlaunin sem besta gamanserían undanfarin þrjú ár.
20.35 30 Rock (17:22) Niðurskurður er yfirvofandi og Jack þarf að segja upp fólki. Liz reynir að bjarga sínu fólki og Kenneth tekur á sig auknar skyldur.
21.00 House (15:24) Prestur sem rekur athvarf fyrir heimilislausa er lagður inn á spítalann eftir að hann segist hafa séð Jesús.
▶**21.50 CSI: Miami** (15:25) Golfkennari í flottum einkaklúbbi var dæmdur fyrir að myrða konu í búningsherbergi klúbbsins en ný sönnunargögn benda til þess að hann sé saklaus.
22.40 The Jay Leno Show
23.25 The Good Wife (5:23) (e)
00.15 The L Word (3:12) (e)
01.05 Fréttir (e)
01.20 King of Queens (7:25) (e)
01.45 Pepsi MAX tónlist

INN

20.00 Hrafnaþing Forystumenn í atvinnulífinu telja blikur á lofti.
21.00 Í kallfæri Jón Kristinn Snæhólm fær góða gesti í heimsókn.
21.30 Grasrótin Dalabóndinn og Evrópuandstæðingurinn Ásmundur Einar býður til sín gestum.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Yfirburðir Fréttablaðsins aldrei meiri!

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og nýjasta könnun Capacent Gallup sýnir ótvírætt.

93% Auglýsing í Fréttablaðinu nær til yfir 93% lesenda blaðanna



Allt sem þú þarft...

Skörun blaðalesturs að meðaltali á dag, mán. til lau., höfuðborgarsvæðið 18-49 ára. Heimild: Blaðakannanir Capacent nóv. 2009 til jan. 2010.

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 22.30

Breaking Bad - NÝTT

Spennuþáttur með kolsvörtum húmor um efnafræðikennara og fjölskyldumann sem kemst að því að hann á aðeins tvö ár eftir ólifuð. Hann ákveður því að tryggja fjárhag fjölskyldu sinnar með því að nýta efnafræðiþekkingu sína til framleiðslu og sölu á eiturlyfjum. Þar með sogast hann inn í hættulegan heim eiturlyfja og glæpa.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
30 Rock

Skjár einn kl. 20.35

Gamanþættirnir 30 Rock hafa notið mikilla vinsælda og fengið Emmy-verðlaunin sem besta gamanserían undanfarin þrjú ár. Í þættinum í kvöld verður Jack að segja upp fólki vegna niðurskurðar, Liz leggur ýmislegt á sig til að bjarga sínu fólki frá uppsögnum og Jenna og Tracy grunar að Kenneth eigi ljótt leyndarmál.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútvarp hefst
06.50 Bæn
07.03 Vítt og breitt
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.05 Morgunstund með KK
08.30 Fréttayfirlit
09.05 Okkar á milli
09.45 Morgunleikfimi
10.13 Litla flugan
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.00 Fréttayfirlit
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
13.00 Andrarímur
14.03 Á tónsviðinu
15.03 Útvarpssagan: Konan á bensínstöðinni
15.25 Mánafjöll
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.16 Spegillinn
18.53 Dánarfregnir
19.00 Úr gullkistunni
19.27 Sinfóníutónleikar
22.10 Lestur Passíusálma
22.20 Útvarpsperlur: Þetta ætti að banna!
23.25 Bláar nótur í bland
00.05 Næturtónar

FM 88,5	XA-Radíó	FM 96,3	FM Suðurland	FM 90,1	Rás 2
FM 90,9	Gullbylgjan	FM 96,7	Létt Bylgjan	FM 102,2	Útvarp Latibær
FM 91,9	Kaninn	FM 97,7	X-ið	FM 102,9	Lindin
FM 93,5	Rás 1	FM 98,9	Bylgjan	FM 105,5	Útvarp Boðun
FM 95,7	FM957	FM 99,4	Útvarp Saga		

2 EXTRA

17.00 The Doctors Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.
17.45 Gilmore Girls (5:22)
18.30 Seinfeld (17:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er bæði smámunasamur og sérvitur.
19.00 The Doctors
19.45 Gilmore Girls (5:22)
20.30 Seinfeld (17:22)
21.00 Fréttir Stöðvar 2
21.25 Ísland í dag
▶**21.50 Mercy** (5:22) Þættir þar sem fylgst er með lífi og starfi þriggja kvenna sem vinna saman sem hjúkrunarfræðingar á Mercy-spítalanum í New Jersey.
22.35 Ghost Whisperer (3:23) Jennifer Love Hewitt snýr aftur í hlutverki sjáandans Melindu Gordon sem þarf stöðugt að takast á við drauga sem birtast henni öllum stundum.
23.20 Tell Me You Love Me (5:10) Djarfir þættir frá HBO sem fjalla um þrjú pör sem eiga það sameiginlegt að leita öll til sama hjúskapar- og kynlífsráðgjafans, Dr. May Foster.
00.10 Sjáðu Ásgeir Kolbeins kynnir allt það nýjasta úr bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjörnurnar eru. Ómissandi þáttur fyrir alla kvikmyndaáhugamenn.
00.40 Fréttir Stöðvar 2
01.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

12.00 Lead Balloon **12.30** After You've Gone **13.00** Gavin And Stacey **13.30** Doctor Who **14.15** Doctor Who **15.00** My Hero **15.30** The Inspector Lynley Mysteries **16.20** Hotel Babylon **17.15** EastEnders **17.45** The Weakest Link **18.30** Absolutely Fabulous **19.00** Sensitive Skin **19.30** Hustle **20.20** Torchwood **21.10** Sensitive Skin **21.40** Only Fools and Horses **22.10** Lead Balloon **22.40** After You've Gone **23.10** Gavin And Stacey **23.40** Torchwood

DR 1

12.00 Aftenshowet 2. del **12.30** Seinfeld **12.50** Rygepauser **13.00** Hvad er det værd? **13.30** Undercover chef - danske diakonplejehjem **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.05** Family Guy **15.30** Substitutterne **15.55** Chiro **16.05** Ni-Hao Kai Lan **16.30** Fandango **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Rabatten **19.00** Drabet i Kaktushuset **19.30** Ønskehaven **20.00** TV Avisen **20.25** Jersild Live **20.50** SportNyt **21.00** The Fan **22.50** Tilståelserne **23.50** Boogie Mix

NRK 1

12.10 Urix **12.30** Filmavisen 1959 **12.40** Med hjartet på rette staden **13.30** Norsk for nybegynnere **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** Derrick **16.00** NRK nyheter **16.10** Herskapelige gjensyn **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Forkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.45** Schrödingers katt **19.15** Krafttaket **19.45** Glimt av Norge **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Debatten **21.30** OL 2010 **22.00** Kveldsnytt **22.15** Spekter **23.00** Honningfellen

SVT 1

12.05 Andra Avenyn **13.15** Fråga doktorn **14.00** Mästarnas mästare **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Med huvudduk och höga klackar **16.25** Hitlåtens historia **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Antikrundan **20.00** Plus **20.30** Debatt **21.15** Gud i Gorlose **22.15** Mästarnas mästare **23.15** Himlen kan vänta - ett år senare

UNGIR
KYNFERÐISAFBROTAMENN

LAGADEILD HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK STENDUR FYRIR MÁLÞINGI **FÖSTUDAGINN 12. FEBRÚAR KL. 13–17** Í STOFU 231A Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK, OFANLEITI 2.

Dr. Helgi Gunnlaugsson
afbrotafræðingur og prófessor í félagsfræði við HÍ.

Aron Pálmi Ágústsson
nemi í hegðunarsálfræði við Lamarháskólann í Beaumont Texas og annar tveggja höfunda bókarinnar *Enginn má sjá mig gráta. Barn í fangelsi.*

Ólafur Örn Bragason
sálfræðingur hjá Ríkislögreglustjóra og hjá sálfræðistofunni Sálarheill.

Sigríður Björnsdóttir
verkefnisstjóri Blátt áfram.

Chien Tai Shill
félagsráðgjafi og aðjúnkt við HR og HÍ.

Heiða Björg Pálmadóttir
lögfræðingur Barnaverndarstofu.

Hulda Elsa Björgvinsdóttir
saksóknari við embætti ríkissaksóknara.

Fundarstjórn:
Svala Ólafsdóttir
sérfræðingur í refsirétti og afbrotafræði við lagadeild HR.

Málþingið er í samstarfi við Blátt áfram - forvarnarverkefni gegn kynferðisofbeldi gegn börnum.
Málþingið er öllum opið og aðgangur ókeypis.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK · REYKJAVIK UNIVERSITY
LAGADEILD
SCHOOL OF LAW

BLÁTT ÁFRAM!

www.lagadeild.is

MORGUNMATURINN

„Morgunmaturinn minn samanstendur af einu glasi af appelsínusafa, einum til tveimur bollum af kaffi og tveimur ristabrauðsneiðum með smjöri, osti og sultu. Fæ mér croissant með sama áleggi ef ég geri mér ferð í þorpsbakaríið.“

Baldvin Esra Einarsson útgefandi býr í Belgíu um þessar mundir.

Móri sakar Erp um að endurskrifa söguna

„Ég er búinn að rappa síðan Erpur var í bleyju,“ segir rapparinn Móri.

Erpur lýsti yfir í útvarpsþættinum Harmageddon á dögunum að hann hefði uppgötvað Móra á sínum tíma. Sagðist hann hafa fundið Móra í ræsinu fyrir utan Nonnabita og vísar í að þeir hafi hist fyrst á skemmtistaðnum Thomsen, sem stóð við Hafnarstræti.

Móri telur Erp fara með fleipur og hringdi inn í þáttinn þegar hann frétti af ummælunum frá mági sínum. „Ég ákvað að skella mér í símann og Erpur var eins og kúkur. Ég sagði honum að hann væri að endurskrifa söguna og stakk upp á að við hittumst undir fjögur augu og ræddum þetta,“ segir Móri. „Hann ætlaði að hringja í mig eftir þáttinn en er ekki ennþá búinn að því.“

Erpur segir að Móri hafi verið algjörlega óþekktur þegar hann rappaði í laginu XII vandamál á fyrstu Rottweiler-plötunni. „Það sem hann er að væla yfir er það sem allir vita, staðreynd. Að það hafði enginn heyrt í Móra rappa þegar hann rappar á fyrstu Rottweiler-plötunni sem kom út árið 2001,“ segir Erpur. „Hann getur vælt endalaust og vaðið í kannabisskýi misskilnings, en ári seinna kom platan hans út.“

Móri hefur verið opinber stuðningsmaður þess að kannabisefni verði lögleidd á Íslandi og Erpur er ómyrkur í máli um hann: „Móri er gangandi sönnun þess að kannabisefni eru ekki skaðlaus.“ - afb

EKKI BENDA Á MIG Erpur sagði í útvarpsþættinum Harmageddon að hann hefði uppgötvað Móra, en Móri sakar Erp um að endurskrifa söguna.



LÁRÉTT 2. merki, **6.** kraðak, **8.** slagbrandur, **9.** óhreinindi, **11.** til, **12.** sveigur, **14.** bæ, **16.** kaupstað, **17.** persónufornafn, **18.** annríki, **20.** mun, **21.** ríki.

LÓÐRÉTT 1. knattleiksknött, **3.** spil, **4.** sígild list, **5.** hvíld, **7.** biðja ákaft, **10.** mas, **13.** tangi, **15.** tútta, **16.** ófarnaður, **19.** ónefndur.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. ræktn, **6.** ös, **8.** slá, **9.** kám, **11.** að, **12.** krans, **14.** bless, **16.** bæ, **17.** sín, **18.** önn, **20.** ku, **21.** land.

LÓÐRÉTT: 1. þókk, **3.** ás, **4.** klassík, **5.** náð, **7.** sárbæna, **10.** mal, **13.** nes, **15.** snuð, **16.** böl, **19.** nn

VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8.

1. 3,2 milljarða króna.
2. Sólon Sigurðsson, fyrrverandi bankastjóri Búnaðarbankans.
3. Noregi.

GUÐNI ÁGÚSTSSON: EINSTAKUR PERSÓNULEIKI

ÍSLENSKI FJÁRHUNDURINN SÁLUHJÁLPARI Í AMERÍKU

Íslenski fjárhundurinn hefur verið notaður mikið í bæði Bandaríkjunum og Þýskalandi til að fara inn á sjúkrahús og elliheimili. Lunderni hans og eðli þykir henta vel til að lyfta upp brúninni á sjúklingum og þeim sem eiga um sárt að binda.

Bandaríska fréttastöðin WTVR CBS 6, greindi frá heimsókn tveggja íslenskra fjárhunda, Angel og Þorra til bandaríska sprengjusérfræðingsins Mitchells Gilbert á þriðjudag. Gilbert er bundinn við hjólastól og missti annan handlegginn í skelfilegu slysi. Í fréttinni kemur fram að þeir Angel og Þorri hafi báðir fengið þjálfun hjá Rauða krossinum í Bandaríkjunum og séu því viðurkenndir sem svokallaðir „comfort dogs“ eða umhyggjuhundar. Eigandi hundanna, Jaqueline Muio, segist hafa fengið ábendingu um það á hundaþjálfunarnámskeiði sem hún sótti að lunderni íslenska fjárhundsins hentaði einstaklega vel til að sinna svona verkefnum. Enda heilluðu þeir Angel og Þorri Gilbert alveg upp úr skónum.

Brynhildur Inga Einarsdóttir, sem búsett er á Selfossi, hefur um árabil annast þjálfun og ræktun íslenska fjárhundsins og hún segir þetta ekki koma sér óvart. „Nei, þeir hafa verið notaðir mikið í Bandaríkjunum og Þýskalandi til að fara inn á sjúkrahús og elliheimili. Hann er í passlegri stærð, er afskaplega vinalegur og nærvera hans hefur róandi áhrif,“ útskýrir Brynhildur og bætir því við að erlendir eigendur íslensku hundategundarinnar reyni yfirleitt að finna íslensk nöfn á hundana sína. „Maður hefur rekist á nöfn á borð við Hnerra og Síma,“ segir Brynhildur og bætir því við að margir af þessum hundum séu fluttir út héðan og að allir erlendir ræktendur verði að fara eftir íslenskum stöðlum til að hljóta viðurkenningu.

SJARMATRÖLL

Bandaríska fréttastöðin WTVR greindi frá heimsókn Angel og Þorra til Mitchell Gilbert sem er fyrrverandi hermaður hjá bandaríska hernum. Íslenski fjárhundurinn þykir henta einstaklega vel til að sinna sáluhjálp inni á sjúkrahúsum enda er lundafar hans einstakt.

Guðni Ágústsson, formaður deildar íslenska fjárhundsins, tekur undir orð Brynhildar. „Hann er bara svona karakter þessi hundur, hann kemur hlaupandi inn, hefur þennan brosmilda svip og fólk getur ekki annað en heillast af honum,“ segir Guðni og bætir því að hér á Íslandi hafi það líka tíðkast að hundahópar heimsæki sjúkrastofnanir og elliheimili. Guðni segir á milli þrjú til fjögur hundruð íslenska fjárhunda með viðurkennda ættbók í Bandaríkjunum og þeim fari sífellt fjölgandi. Fréttainnslagið um íslenska fjárhundinn má nálgast á heimasíðu CBS 6, wtvr.com.

freyrgigja@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Þorrablót 101-elítunnar, Lopapeysan, var haldið hátíðlegt á veitingastaðnum Prikinu á föstudaginn. **Sindri Kjartansson** er í forsvari fyrir þennan árlega viðburð sem mörg af þekktustu miðborgarandlitunum sóttu að þessu sinni. Að sjálfsögðu var boðið upp á alvöru þorramat sem síðan var drekkt með íslensku brennivíni.

Sérstakur gestur kvöldsins var enginn annar en **Gylfi Ægisson**, enda holdgervingur íslenskrar karlmennsku sem þorrinn er oft kenndur við. Gylfi mætti á svæðið með spúsu sinni og hugðist taka nokkur vel valin lög fyrir borgarbörnin. Hann komst hins vegar lítt áleiðis því gestirnir vildu eingöngu heyra lagið Út á gólfið. Gylfi gafst hins vegar upp eftir sjötta skiptið enda þá búinn að fá nóg af eigin lagi.

Meðal þeirra sem hlýddu á söng Gylfa var enginn annar en Fjölnir Þorgeirsson en hann sýndi miðborgarrottunum hvernig ætti að spurðrenna hákarli. **Lilja Nótt** leikkona var einnig á staðnum sem og starfsbróðir hennar, Jörundur Ragnarsson. Hugleikur Dagsson lét sig ekki vanta og Davíð Örn myndlistarmaður sat á sínum stað.

Stefna á heimsmet í hópknúsi

„Það er auðvelt að slá metið,“ segir Bryndís Haraldsdóttir, úr undirbúningsnefnd kærleiksvikunnar í Mosfellsbæ.

Mosfellingar stefna á að setja heimsmet í hópknúsi á Valentínusardaginn á sunnudag. Uppátækið markar upphaf kærleiksvikunnar sem lýkur á konudaginn. „Við stefnum á heimsmetið,“ segir Bryndís og staðfestir að fulltrúi frá útgáfu Heimsmetabókar Guinness mæti á svæðið. „Það er búið að stúdera hvers konar heimsmet við ætlum að setja og við erum að vinna að tæknilegu hliðinni – að það verði örugglega skráð.“

Bryndís segir þrjár útgáfur til af heimsmetinu, en það sem þau ætla að slá var sett í London 12. nóvember í fyrra. Þar föðmuðust 122 manns í pörum á sama stað í eina mínútu og metið var staðfest. „Það er raunhæft að slá það,“ segir hún. „Hugmyndin er auðvitað að breiða út kærleik á meðal Mosfellinga. En það eru allir velkomnir á miðbæjartorgið í Mosfellsbæ þó að þetta sé stílað á Mosfellinga. - afb

KNÚS Mosfellingar ætla að setja heimsmet í hópknúsi á sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Frábærir hurðaskellir

Lagerhreinsun á yfirfelldum hurðum í Ármúla 32

ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

Þýsk gæðavara · Takmarkað magn · Allt á að seljast

Ó: 13110

Við tæmum lagerinn af vönduðum inni- og eldvarnarhurðum frá Lebo í Þýskalandi. Mældu hurðargat og veggjaþykkt og komdu með málin til okkar í Ármúla 32 og sparaðu stórfé.

PARKET & GÓLF

Stepp · Ármúla 32 · 108 Reykjavík · Sími 568 1888 · Fax 568 1866 · www.pog.is

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Nýr karl í brúnni

Ásgeir H. Ingólfsson er hættur sem ritstjóri kvikmyndavefjarins logs.is en vefurinn sérhæfir sig í frétta-flutningi af íslenskri kvikmyndagerð. Sá sem tekur við starfinu er **Guðni Sigurðsson** sem gaf út íslensku bíótilvitnunarbókina um síðustu jól. Guðni undirbjó sig fyrir verkið með því að horfa á nánast allar íslensku bíómyndirnar sem hafa verið gerðar undanfarna tvo áratugi. Guðni er sonur Sigurðar Valgeirssonar upplýsingafulltrúa FME.

Hátt tímakaup

Talsvert veður hefur verið gert úr reikningi sem Alþingi fékk frá alþjóðlegu lögmannsstofunni Mischon de Reya Í Bretlandi. Reikningurinn er tilkominn vegna vinnu stofunnar á mati á eignum Landsbankans í Bretlandi í tengslum við Icesave-málið. Hann hljóðar upp á litlar 25 milljónir króna. Summan kom starfsmönnum Alþingis á óvart enda höfðu þeir áætlað að greiða tífalt lægri upphæð fyrir matið. Dæmi eru um að betri lögmannsstofur í Bretlandi rukki allt að 650 pund á tímann fyrir vinnu sína. Það gera rúmar 130 þúsund krónur á núverandi gengi. Miðað við það og verðhugmyndir Alþingis var samið um vinnu í rétt rúma tvo daga á skrifstofutíma, milli klukkan 8 og 16.

Nei eða já?

Líf og fjör var á framboðsfundi sjálfstæðismanna í Hafnarfirði sem fram fór á dögunum. Varaformaðurinn Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir var fundarstjóri, og spurði meðal annars um afstöðu til fyrningarleiðar í sjávarútvegi. Þegar Rósa Guðbjartsdóttir var innt eftir því hvort hún væri hlynnt fyrningu aflaheimilda kom á hana mikið hik, en svaraði að endingu játandi – við nokkra furðu viðstaddra. Þorgerður endurtók þá spurninguna og aftur hikaði Rósa. Í það sinnið svaraði hún þó neitandi og færðist þá ró yfir mannskapinn á ný.

Mest lesið VÍSIR.IS

1. Brá þegar hann tók upp brúðina
2. Sonur Sivjar í framboði
3. Rafbyssa bjargaði allsberu vöðvatrölli
4. Samfylkingin rannsaki þátt flokksins í bankahruninu
5. Indriði svarar fullum hálsi

Skelltu þér á ring.is eða í sölubása okkar í Kringlunni og Smáralind og gakktu frá kaupunum

HUAWEI U1251
Útborgun
0kr.
1.000 kr. afborgun á mánuði í 12 mánuði.
1.000 kr. inneign á mán. í 12 mán. fylgir.
Verð: 12.000 kr.

Fullkominn og ótrúlega nettur 3G sími

Ódýrasti 3G síminn með öllu sem þú þarft. Styður m.a. 3G langdrægt kerfi.

- 3G og 3G langdrægt
- Íslenskt valmynd & innsláttur
- 2 megapixla myndavél
- Flýtihnappur fyrir Facebook og netið

HUAWEI U1251
Tveir litir eru í boði.

3G sími á 12 þúsund, 12 þúsund í inneign.

Skráðu þig á ring.is og fylltu á fyrir 1.990 kr. á mánuði, þar með ertu í stærsta vinahópi á Íslandi og færð 990 kr. til að hringja í fólk í öðrum kerfum.

Síminn | Ring er ný farsímaþjónusta á vegum Símans. Fyrir 1.990 kr. áfyllingu á mánuði færðu 1500 mín/SMS á mánuði til að hafa samband við alla innan GSM kerfis Símans og 990 kr. inneign til að hringja í fólk í öðrum kerfum.

Stærsti vinahópur á Íslandi ring

ENNEMM / SÍA / NM40137